FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
76. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 30. MARS 2017



# Blekkingaleikur

**Salan á Búnaðarbankanum var blekking þar sem Ólafur Ólafsson stýrði atburðarásinni á bak við tjöldin. Afhjúpandi skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis leiðir sannleikann um söluna í ljós.**

**Ég vissi ekki betur en að bankinn ætti þetta.**
Finnur Ingólfsson
Sjá bls. 10

**Fyrir mig er þetta stórfurða.**
Margeir Daníelsson
Sjá bls. 10

**Þessum vel undirbúnu blekkingum gátu stjórnvöld ekki varist.**
Geir H. Haarde - Sjá bls. 12

**Ég er sorgmædd.**
Valgerður Sverrisdóttir
Sjá bls. 12

**Ólafur Ólafsson stýrði verkefninu frá a til ö.**
Finnur Vilhjálmsson
Sjá bls. 6

## Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Gunnar Þór Gíslason skrifar um stjórnarskrárbrot. 22
MENNING Exótísk stemning á næstu Bókmenntahátíð. 42
LÍFIÐ Dilmi, systir Brynju Dan, kom í heimsókn til Íslands. 58
PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● GARÐURINN ● BRUGGHÚS
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990

Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

N1 kortatilboð
EIN MEÐ ÖLLU
199 punktar
Fullt verð 390 kr.

N1

SMÁRALIND
ER FERMING Í KORTUNUM?

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Austlæg átt 5-13 m/s í dag, hvassast syðst. Rigning með köflum sunnan til á landinu en úrkomuminna á Norðurlandi. Hiti 2 til 9 stig að deginum.
SJÁ SÍÐU 38



Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA.

# Eyjólfur Árni formaður SA

**SAMFÉLAG** Eyjólfur Árni Rafnsson er nýr formaður Samtaka atvinnulífsins. Eyjólfur var kjörinn í rafrænni atkvæðagreiðslu meðal aðildarfyrirtækja SA í aðdraganda aðalfundar SA sem fram fór í dag. Eyjólfur hlaut 93 prósent greiddra atkvæða.

Hann hefur setið í stjórn Samtaka atvinnulífsins frá 2014 og í framkvæmdastjórn samtakanna síðastliðið ár. Frá árinu 2014 hefur hann átt sæti í stjórn Samtaka iðnaðarins og jafnframt verið varaformaður SI.

Eyjólfur Árni er húsasmiður að mennt og lauk síðar doktorsnámi í byggingaverkfræði. Hann hefur undanfarin 20 ár verið í stjórnunarstörfum í íslensku atvinnulífi. Hann var forstjóri Mannvits hf. og forvera þess félags í 12 ár til ársloka 2015. Frá 2016 hefur Eyjólfur Árni sinnt ýmsum ráðgjafar- og stjórnarstörfum.

Hann er fæddur árið 1957 og er kvæntur Egilínu S. Guðgeirsdóttur og eiga þau fjóra uppkomna syni. – **tpt**

**Eyjólfur hlaut 93 prósent atkvæða í rafrænni atkvæðagreiðslu aðildarfyrirtækja innan samtakanna.**

# Uppnám í Leifsstöð



Rýma þurfti Leifsstöð í gær vegna þess að flugvél lenti sem var að koma frá Nuuk á Grænlandi þar sem farþegar höfðu ekki farið í gegnum vopnaleit. Þurftu þeir því að fara í slíka leit í Keflavík. Isavia þakkaði farþegum biðlundina en eins og sjá má var ágætis stemning. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Fjölgaði um fjögur þúsund á síðasta ári

**SAMFÉLAG** Aðfluttir umfram brottflutta á árinu 2016 voru 4.069 manns. Það eru mun fleiri en árið 2015 en þá fluttust 1.451 fleiri til landsins en frá því. Þetta kemur fram í samantekt Hagstofunnar.

Á árunum 2006 og 2007 fluttust 5.200 fleiri til landsins en frá því og eru það einu árin sem flutningsjöfnuður hefur verið hærri en í fyrra.

Flestir hinna aðfluttu eru erlendir ríkisborgarar en flutningsjöfnuður meðal íslenskra ríkisborgara var neikvæður. 146 fleiri Íslendingar fluttu frá landinu en til þess.

2016 fluttust tæplega 11 þúsund til landsins og er það fjölgun um rúmlega 4 þúsund milli ára.

Tæplega 7 þúsund fluttust frá landinu samanborið við rúmlega 6 þúsund árið 2015. – **jóe**




# Alræmdur svindlari í viku gæsluvarðhald

Halldór Sanne var í fyrradag færður fyrir dómstóla og dæmdur í viku gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Hann er talinn hafa svikið út milljónir með því að framleigja íbúðir sem hann á ekki. Ekki vitað hve málin eru mörg.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur hneppt Halldór Viðar Sanne í vikulangt gæsluvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna. Fjölmargir Íslendingar hafa kært Halldór á síðustu dögum og vikum vegna svika og pretta. Halldór á sér langa sögu og hefur áður hlotið þungan dóm fyrir fjárdrátt.

Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir að maður sé í haldi lögreglu grunaður um fjársvik tengd leigustarfsemi. „Það er rétt að við yfirheyrðum í fyrradag mann sem grunaður er um fjársvik í tengslum við leigu íbúðarhúsnæðis.

Vegna rannsóknarhagsmuna var hann í gær úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald,“ segir Grímur. „Ég get ekki farið nánar út í það en við munum vinna að rannsókn þessara mála áfram og afla okkur allra nauðsynlegra upplýsinga á meðan.“

Halldór hefur nú ítrekað gerst milliliður fyrir fólk í leit að húsnæði til leigu. Hefur Halldór tekið íbúðir á leigu og framleigt þær öðrum, stolið undan leigugreiðslum þeirra og greitt aðeins fyrsta mánuðinn til réttra eigenda.

Lögreglan gerir sér ekki alveg grein fyrir því á þessari stundu hversu mörg málin verða þegar öll kurl verða komin til grafar.

„Til að mynda kom inn á borð lögreglunnar ein kæra í gær [fyrradag] og því getum við ekki með vissu sagt hversu mörg málin eru. Hins vegar get ég staðfest að þau eru nokkur sem um ræðir.“


iPhone svindlarinn með margar kærur á bakinu hér á landi
INNLENT | 18:42 | 14. JANÚAR 2013
Íslenskir námsmenn í skuldasúpu eftir viðskipti við Halldór Viðar Sanne
01:23

**Það er rétt að við yfirheyrðum í fyrradag mann sem grunaður er um fjársvik í tengslum við leigu íbúðarhúsnæðis. Vegna rannsóknarhagsmuna var hann í gær úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald.**

Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn



Halldór Sanne hefur ítrekað ratað á síður blaðanna vegna svindls, svika og pretta.

Til að mynda hlaut hann þungan dóm í Danmörku og var gerður brottrækur þaðan fyrir umfangsmikið símasvindl þar sem hann vélaði um 800 farsíma af fólki með loforði um skjótan hagnað. Afplánaði Halldór hluta þess dóms á Kvíabryggju.

Halldór verður í gæsluvarðhaldi til þriðjudagsins 4. apríl. Á þeim tíma mun lögregla taka skýrslu af aðilum málsins, leita gagna um samskipti Halldórs við fórnarlömb sín og átta sig á umfangi svikanna.

sveinn@frettabladid.is


ÚRVALIÐ ER EINDALAUST
VEISLA
Þú færð allt fyrir glæsilega veislu á einum stað.
ÍSLAND
Kringlan
Af öllu hjarta
OPIÐ
10–21
ALLA FIMMTUDAGA
GJÖF SEM HENTAR ÖLLUM
GJAFA KORT
af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

# Skagamönnum gefinn gálgafrestur

**Stjórn HB Granda hefur ákveðið að hefja viðræður við Akranesbæ um hafnarbætur. Fresta ákvörðun um að leggja af landvinnslu í fimm mánuði. Óvissan er mikil og engin bjartsýni á að það gangi saman og 93 störfum fiskvinnslufólks verði bjargað.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is
Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Viljayfirlýsing Akranesbæjar til samstarfs um metnaðarfulla uppbyggingu hafnarmannvirkja til að greiða fyrir áframhaldandi fiskvinnslu HB Granda á Akranesi dugði til að sannfæra stjórnendur fyrirtækisins um að láta tímabundið af áformum sínum um að hætta bolfiskvinnslu í bænum. Gengið verður til viðræðna en skili þær ekki tilætluðum árangri verður vinnslu hætt 1. september næstkomandi. Verði vinnslan aflögð er beint tap bæjarsjóðs Akraness um 100 milljónir króna á ári, hið minnsta, þegar aðeins er tekið tillit til tapaðra útsvarstekna.

Stjórn HB Granda hittist á fundi í gærmorgun. Strax að honum loknum var haldið upp á Akranes þar sem fundað var með bæjaryfirvöldum og starfsmönnum fyrirtækisins. Þar var niðurstaðan kynnt. Í tilkynningu segir:

„Á fundi trúnaðarmanna HB Granda og forsvarsmanna HB Granda á Akranesi 29. mars 2017, um áform félagsins að loka botnfiskvinnslu félagsins á Akranesi kom fram fullur vilji hjá forsvarsmönnum HB Granda um að ganga til viðræðna við bæjarstjórn Akraness í samræmi við viljayfirlýsingu hennar frá 28. mars 2017. Reynt verður að ljúka þessum viðræðum sem fyrst. Náist ekki jákvæð niðurstaða þá verður að óbreyttu botnfiskvinnslu HB Granda hætt þann 1. september 2017.

Viljayfirlýsing bæjarstjórnar gengur út á gerð landfyllingar og nauðsynlegar endurbætur á hafnaraðstöðu við Akraneshöfn til að unnt sé að koma til framkvæmda áformum HB Granda frá 2007 og 2014 um uppbyggingu á Akranesi.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir um varnarsigur að ræða.

„Núna er ekkert annað hjá okkur en að krossa fingur og vona að þær uppfylli þær óskir sem fyrirtækið er að leitast eftir. Ef það hins vegar ekki tekst þá liggur fyrir að það kemur til lokunar í haust. Ég fór yfir það með starfsmönnum að þetta væri á vissan hátt jákvætt, þetta væri varnarsigur. Ég vildi samt som áður ekki vekja of miklar væntingar. En ég hef fulla trú á að Akranesbær fari í þetta verkefni af alefli, ásamt Faxaflóahöfnum, og farsæl niðurstaða náist,“ segir Vilhjálmur.

> **Ég fór yfir það með starfsmönnum að þetta væri á vissan hátt jákvætt, þetta væri varnarsigur.**
>
> Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness



Spurður um hug Faxaflóahafna til málsins segist Vilhjálmur minna á það að þegar Akraneshöfn sameinaðist Faxaflóahöfnum á sínum tíma, „þá var þar skuldbinding um að efla Akraneshöfn sem fiskihöfn. Sameiningin var á þeim forsendum og ég trúi því að Faxaflóahafnir vilji standa við þær skuldbindingar sem þær öxluðu á sínum tíma,“ segir Vilhjálmur.

Gísli Gíslason hafnarstjóri segir hugmyndirnar hafa verið kynntar í stjórn Faxaflóahafna áður. „Mér var falið á sínum tíma að ræða við HB Granda um samkomulag þar sem fyrirtækið kæmi að málinu. Það hefur ekki orðið af því. Það hefur ekkert staðið á viðræðum við okkur í sjálfu sér ef vilji er til þess að fara í þessar aðgerðir,“ segir Gísli.

Spurður um þann möguleika að uppbygging á Akranesi geti þýtt að vinnslu verði hætt í Reykjavík, í því ljósi að Faxaflóahafnir eru í eigu Reykvíkinga að stórum hluta, segir Gísli að Faxaflóahafnir hafi aldrei tekið afstöðu til þess hvar menn eigi að vera. „Hins vegar höfum við sagt að ef skynsemi er að baki framkvæmdum þá tökum við tillit til vilja fyrirtækjanna,“ segir Gísli.




## Tilboð bæjarstjórnar til HB Granda

- Landfylling sem verði u.þ.b. 40.000 $m^2$ ásamt tilheyrandi sjóvörn.
- Á landfyllingunni verða skipulagðar lóðir fyrir starfsemi HB Granda m.a. fyrir fiskvinnsluhús, frystigeymslu og uppsjávarvinnsluhús.
- Akraneskaupstaður annist nauðsynlegt skipulag svæðisins, aðalskipulag og deiliskipulag. Umhverfisfyrirspurn og ef nauðsyn krefur, umhverfismati, verði lokið og unnið verði eftir markmiðum HB Granda um samfélagslega ábyrgð.
- HB Grandi reisi fiskivinnsluhús, frystigeymslu og uppsjávarvinnsluhús.
- Orkuveita Reykjavíkur ljúki við tengingar og lagningu veitukerfa vatns, hitaveitu, rafmagns og fráveitu.

## Varar við því að Skagamenn fyllist bjartsýni

**Vilhjálmur Vilhjálmsson**, forstjóri HB Granda, segir ekkert í hendi að fyrirtækið haldi áfram landvinnslu á Akranesi þó samþykkt hafi verið að fresta lokun landvinnslu bolfisks til 1. september næstkomandi. Hann varar við því að menn fyllist bjartsýni.

„Ég vara íbúa Akraness eindregið við því að byggja upp einhverja bjartsýni,“ segir Vilhjálmur. Hann telur líklegra en ekki á þessum tíma að fyrirtækið fari með bolfiskvinnsluna frá Akranesi næsta haust.

„Þó við höfum samþykkt að fresta aðgerðum til 1. september þá eru hlutir þarna sem hvorki HB Grandi né Akraneskaupstaður hefur yfirráð yfir. Að málinu koma einnig Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir,“ segir Vilhjálmur.

HB Grandi segir sterka krónu ástæðu þess að vinnsla á Akranesi sé óarðbær eining og hagræðing yrði af því að flytja alla vinnslu til Reykjavíkur. Ljóst er að gengi krónunnar mun ekki lagast við að hafnaraðstaða batni á Akranesi. Þegar Vilhjálmur var spurður að því hvort áframhaldandi vera HB Granda á Akranesi þýddi lokun í Reykjavík gat hann ekki svarað því á þessum tímapunkti. „Við erum bara að skoða það núna hvort hægt sé að nota höfnina á Akranesi meira og vinna stærri hluta af aflanum þar.“

> **Ég vara íbúa Akraness eindregið við því að byggja upp einhverja bjartsýni.**
>
> Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda



Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness, segir tímann fram undan nýttan í samningaviðræður. „Við erum mjög þakklátir HB Granda fyrir að fresta aðgerðum til 1. september. Það er ánægjulegt að við getum nú sest niður og náð sameiginlegri niðurstöðu og tryggt áframhaldandi sterka útgerð á Akranesi,“ segir Sævar Freyr.




GRAND CHEROKEE

Eigum Jeep® Grand Cherokee Limited og Overland dísel og bensín **til afgreiðslu strax.**

**Verðlaunaðasti** og einn **öflugasti** jeppi sem framleiddur hefur verið.

**Áttu eldri Jeep® Grand Cherokee upp í?**

Spjallaðu þá við okkur, því við vitum hvað Jeep® Grand Cherokee er **góður í endursölu.**

**Tökum upp í allar gerðir bíla.**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

*Bíll á mynd með 32" breytingu

NISSAN
Innovation that excites

# TILBOÐ Á SPORTJEPPA

NISSAN X-TRAIL ER EINSTAKLEGA RÚMGÓÐUR OG ÞEKKTUR FYRIR GLÆSILEGT ÚTLIT OG RÍKULEGAN BÚNAÐ. Í MARS BÝÐST HANN Á FRÁBÆRU VERÐI OG MEÐ KAUPAUKA. VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.

X-TRAIL




**NISSAN X-TRAIL**
Framhjóladrifinn, dísil, 1,6 l, sjálfskiptur
Eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km*
**Verð frá: 4.690.000 kr.**

## 390.000 kr.
**KAUPAUKI FYLGIR X-TRAIL Í MARS**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Kaupaukatilboð Nissan gildir ekki með öðrum tilboðum.

ENNEMM / SÍA / NM80640C

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




# SALAN Á BÚNAÐARBANKANUM

- Fléttan útskýrð.
- Helstu persónur og leikendur.

SÍÐA 8

- Meðlimum S-hópsins er brugðið við tíðindin.
- Ólafur Ólafsson vísar niðurstöðunum á bug.

SÍÐA 10

- Stjórnvöld gátu ekki varist blekkingunum.
- Valgerður Sverrisdóttir segist hafa verið blekkt eins og aðrir.

SÍÐA 12

- Brynjar Níelsson vill ekki rannsaka einkavæðingu Landsbankans.

SÍÐA 14



**Skýrsluhöfundarnir Kjartan Bjarni Björgvinsson og Finnur Vilhjálmsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fléttan afhjúpuð

**Staðfest er að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser var leppur fyrir kaup á hlut í Búnaðarbankanum árið 2003. Ólafur Ólafsson athafnamaður stýrði verkefninu, en aðrir leiðtogar í S-hópnum virðast ekki hafa vitað um fléttuna.**

Ólafur Ólafsson athafnamaður hagnaðist um 3,8 milljarða króna árið 2006 á því að hafa blekkt stjórnvöld og almenning hvað snerti eignarhald á hlut í Búnaðarbankanum. Ólafur lagði ekkert fé inn í aflandsfélag, en fékk í gegnum félagið helming af söluhagnaði hlutar í Búnaðarbankanum þegar hann var seldur 2004 og 2005.

Á blaðamannafundi í gær staðfestu fulltrúar rannsóknarnefndar Alþingis að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser var aldrei í reynd fjárfestir í Búnaðarbankanum þegar 45,8 prósenta hlutur ríkisins í honum var seldur Eglu hf. í janúar 2003. Rannsóknarnefndin segir að stjórnvöld og almenningur hafi skipulega verið blekkt í tengslum við söluna.

Í skýrslu nefndarinnar segir að ítarleg skrifleg gögn sýni með óyggjandi hætti að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser, Kaupþing hf. á Íslandi, Kaupthing Bank Luxembourg og hópur manna sem vann fyrir og í þágu Ólafs Ólafssonar fjárfestis notuðu leynilega samninga til að fela raunverulegt eignarhald þess hlutar sem Hauck & Aufhäuser var sagður eiga.

Í raun var eigandi 16,3 prósenta hlutar í Búnaðarbankanum, sem Hauck & Aufhäuser var skráður fyrir, aflandsfélagið Welling & Partners (W&P), skráð á Tortóla á Bresku Jómfrúaeyjum. Baksamningarnir, sem földu raunverulegt eignarhald, voru undirbúnir og frágengnir í janúar 2003. Kaupthing Luxembourg útvegaði aflandsfélagið, en félagið hafði reikning hjá Hauck & Aufhäuser.

Á blaðamannafundinum kom fram að ráðherrar og starfsfólk stjórnarráðsins, sem og aðrir leiðtogar S-hópsins, utan Ólafs, höfðu ekki vitneskju um þessa fléttu. „Ólafur Ólafsson stýrði verkefninu frá a til ö,“ sagði Finnur Vilhjálmsson, starfsmaður nefndarinnar.

## Bankanum tryggt skaðleysi

Gengið var frá baksamningum þann 16. janúar 2003 og síðar um daginn var samningurinn um kaup Eglu undirritaður á Íslandi. Kaupþing greiddi Hauck & Aufhäuser 35,5 milljónir dala inn á bankareikning W&P. Fjárhæðin var sett þýska bankanum að handveði til að tryggja skaðleysi hans af hlutafjárframlagi sem honum bæri að greiða Eglu hf. vegna hlutdeildar Eglu í kaupunum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Bankinn fékk milljón evrur greiddar fyrir að vera leppur.

Baksamningurinn hafði meðal annars að geyma ákvæði um söluréttt Hauck & Aufhäuser á hlutum sínum í Eglu hf. til W&P og einnig ákvæði um forkaupsrétt W&P að hlutunum. Helmingur af hagnaði W&P vegna hlutanna í Eglu hf. skyldi samkvæmt samningnum greiddur Serafin Shopping Corp., aflandsfélagi í eigu Ólafs.

Árið 2006 höfðu samningarnir þjónað gildi sínu fyrir samningsaðila, segir í skýrslunni. Fyrri viðskiptin á grundvelli baksamninganna áttu sér stað í apríl til maí 2004. Þá gerði Ker hf. tilboð í ⅔ af hlut Hauck & Aufhäuser í Eglu fyrir 59,7 milljónir Bandaríkjadala. Það tilboð virkjaði forkaupsrétt W&P og leiddi til þess að W&P keypti hlutina af Hauck & Aufhäuser. Þýski bankinn seldi þá svo jafnskjótt til Kers í eigin nafni. Allt söluandvirðið rann til W&P. Eftirstandandi hlutirnir í Eglu voru svo seldir til W&P í júní og júlí 2005. Þá bauð Kjalar ehf. í eftirstandandi hlut Hauck & Aufhäuser í bankanum. „Þetta gerist nokkurn veginn á nákvæmlega sama hátt og hin viðskiptin,“ sagði Finnur á fundinum. „Þetta virkjar forkaupsrétt Welling & Partners og allt söluandvirðið rann til Welling & Partners.“

## 102,3 milljóna dala hagnaður

Gögn rannsóknarnefndar sýna að inn á bankareikninga W&P runnu við þessi tvenn viðskipti samtals 102,3 milljónir Bandaríkjadala sem var lágmarkshagnaður W&P af viðskiptunum. Við útdeilingu hagnaðarins fóru 46,5 milljónir dala út af bankareikningi W&P inn á bankareikning svissneska bankans Julius Bar & Co. Endanlegur viðtakandi var Dekhill Advisors Limited. Dekhill var skráð á Tortóla í júlí 2005 en enn er óljóst hverjir endanlegir eigendur þess félags eru.

Finnur sagði að líklega væru aðilar tengdir Kaupþingi hf. að meðtöldu KBL og aðilar þeim tengdir raunverulegir eigendur.

## Fékk 3,8 milljarða úr fléttunni

Í febrúar 2006 er svo eftirstandandi innistæða, 58 milljónir dala, sett inn á bankareikning hjá Kaupthing Bank Luxembourg. Eigandi reikningsins var Marine Choice Limited (í stað Serafin Shipping Corp.) sem Ólafur Ólafsson var raunverulegur eigandi að.

Fjárhæðin jafngilti 3,8 milljörðum króna samkvæmt skráðu gengi á þeim degi. Þessu var ráðstafað umsvifalaust til dreifðra fjárfestinga í erlendum verðbréfum. „Þar með var þessi flétta fullframkvæmd,“ sagði Finnur. **saeunn@frettabladid.is**

## Um baksamninga og tengda gerninga

**Hauck & Aufhäuser**
- Lagði ekkert fram og gat engu tapað.
- Gat ekkert grætt.
- Fékk þóknun.

**Kaupþing hf. (Kaupthing Bank Luxembourg) gegnum Welling & Partners**
- Fjármagnaði allt í reynd og tók alla áhættu.
- Átti helming hugsanlegs nettóhagnaðar.

**Ólafur Ólafsson gegnum Serafin Shipping Corp. (síðar Marine Choice Limited) og hagnaðarskiptasamning**
- Lagði ekkert fram og gat engu tapað.
- Átti helming hugsanlegs nettóhagnaðar.

*Heimild: Rannsóknarnefnd Alþingis*

# FERMINGARGJÖFINA FÆRÐU Í HAGKAUP



**Pin the world hnöttur**
Falleg hönnun frá Palomar, sexhyrndur heimur sem þarf að setja saman. 50 pinnar fylgja til að merkja löndin sem þú/þið hafið farið til eða langar að fara til. Til í 2 stærðum,
**30cm 6.899kr.**
**23cm 4.899kr.**

## Fermingartilboð - 20% afsláttur!
Stækkanlegar Zambia töskur á 4 hjólum og lás fylgir með.



**11.111KR** v.á 13.889
**14.711KR** v.á 18.389
**18.711KR** v.á 23.389

Töskurnar fást einnig í gráu

2,6 kg og tekur 31L. Stærð 38x55,5x20cm.

3,2 kg og tekur 60L. Stærð 41x69x26cm.

3,9 kg og tekur 90L. Stærð 47x79x30cm.



**8.995KR**

**Revlon Sléttujárn m.tösku + hárklemmur**
REV-RVST2415
Professional sléttujárn með keramik plötum
21 hitastilling að 200°C
Aðeins 60 sek að hitna
360° snúningur á kapli
Vönduð taska og 3 hárklemmur fylgja



**10.995KR**

**JBL Bluetooth heyrnartól**
JBL-E45BT
Vönduð nett JBL BlueTooth heyrnartól
Innbyggður míkrafónn
Allt að 16 klst rafhlaða
Hraðhleðsla: 2 klst að hlaða 100%
Samanbrjótanleg
Jack snúra fylgir



**3.995KR**

**Vidal Sassoon hárblásari**
VID-VSDR5831
2100w hárblásari
2 hraðar og 3 hitastig
Kaldur blástur
Diffuser fylgir
2,5m kapall



**7.995KR**

**Revlon 2 í 1 hárblásari með bursta**
REV-RVHA6475
1000W
2 hitastillingar
Ion conditioning tækni
CoolShot tækni
1.8 m snúra



**4.995KR**

**Vidal Sassoon**
VID-VSHA6474
5 í einu - Allt fyrir hárið!
Glæsilegt hársnyrtisett með 5 hausum, m.a. krullujárn, krulluburstí, sléttujárn
1.8m snúra

Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ, Skeifunni og Kringlunni. Minna í öðrum verslunum. Gildir til og með 30.apríl
Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla

# SALAN Á BÚNAÐARBANKANUM

## Fléttan við kaupin á Búnaðarbankanum

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



**1. 10. júlí 2002** Framkvæmdanefnd um einkavæðingu auglýsir eftir fjárfestum til að kaupa a.m.k. 25% í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

**2. 25. júlí 2002** S-hópurinn lýsir yfir áhuga sínum á að kaupa báða bankana.

**3. 28. ágúst 2002** S-hópurinn varpar ljósi á áætlanir sínar að fá erlenda aðila með í kaupin á Búnaðarbanka. Formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu segir að „frekar væri gefinn plús fyrir erlenda peninga“.

**4. 4. nóvember 2002** Framkvæmdanefnd um einkavæðingu mælir með S-hópnum við ráðherranefnd um einkavæðingu. Þá er sagt að ein eða fleiri erlendar fjármálastofnanir taki þátt. Ráðherranefndin samþykkir samdægurs.

**5. 14. nóvember 2002** Egla hf. stofnað. Tilgangur félagsins er eignarhald á hlutum í Búnaðarbanka Íslands.

**6. 11. desember 2002** Á fundi Kers ehf. kemur fram að ekki standi til að Sociéte Générale taki beinan þátt í fjárfestingunni. Ákveðið að draga að tilkynna endanlega samsetningu fjárfestahópsins.

**7. 10. janúar 2003** Síðasti fundur Kers hf. fyrir undirritun kaupsamnings um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Ólafur Ólafsson lýsir stöðu mála í viðræðum við ríkið og upplýsir að þýskur banki komi með Eglu að kaupunum. Martin Zeil, forstöðumaður lögfræðisviðs Hauck & Aufäuser, sé að yfirfara drög að skjölum og kynna sér löggjöf hérlendis. Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar Alþingis er þetta í fyrsta sinn sem getið er um bankann í kaupferlinu.

**8. 13. janúar 2003** Kaupþing lánar Welling & Partners 35,7 milljónir dala.

**9. 16. janúar 2003** Egla skrifar undir kaupsamning á 45,8% heildarhlutafjár Búnaðarbanka.

**10. 16. janúar 2003** Welling & Partners millifærir á Hauck & Aufhäuser 35,4 milljónir dala og setur að handveði að Welling & Partners tryggi skaðleysi Hauck und Aufhäuser vegna hlutabréfaverðsveiflna og gjaldþrots Eglu/Búnaðarbanka. Welling & Partners greiðir samtals eina milljón evra til Hauck & Aufhäuser í þóknun.

**11. 16. janúar 2003** Sölurréttarsamningur á milli þýska bankans og aflandsfélagsins undirritaður. Staðfest að söluverð þeirra á milli verði 33,4 milljónir Bandaríkjadala. Breytt þann 8. mars 2004 í 33 milljónir dala. Einnig staðfestur forkaupsréttur.

**12. 16. janúar 2003** Welling & Partners samþykkir að greiða helming alls hagnaðar til Serafin Shipping Corp, félags í eigu Ólafs Ólafssonar. Það gengur ekki eftir. Annað félag í eigu Ólafs, Marin Choice Limited, verður notað.

**13. 30. janúar 2003** Welling & Partners samþykkir að greiða helming alls hagnaðar til Marin Choice Limited.

**14.** Stóra láni Kaupþings til Welling & Partners frá 13. janúar 2003 sjá 8 er skipt upp í smærri lán sjá 15-21

**15.** Kaupþing lánar Welling & Partners 10 milljónir dala.

**16. 28. mars 2003** Kaupþing lánar K.V. Associates 8,5 milljónir Bandaríkjadala.

**17. 28. mars 2003** Kaupthing Bank Luxembourg lánar K.V. Associates 4 milljónir Bandaríkjadala.

**18. 28. mars 2003** K.V. Associates lánar Welling & Partners 12,2 milljónir dala.

**19. 28. mars 2003** Kaupthing Bank Luxembourg lánar Welling & Partners 2 milljónir dala.

**20. 28. mars 2003** Kaupthing Bank Luxembourg lánar Allan Corporation 11,5 milljónir dala.

**21. 28. mars 2003** Allan Corporation lánar Welling & Partners 11,5 milljónir dala.

**22. Mars 2004** Ker býðst til að kaupa 4,6 milljónir hluta í Eglu af Hauck & Aufhäuser á ríflega 59 milljónir Bandaríkjadala. Samþykkt.

**23. 20. apríl 2004** Welling & Partners nýta sér forkaupsréttinn að hlutafé í Eglu en biðja Hauck & Aufhäuser að taka tilboðinu í eigin nafni fyrir hönd Welling & Partners og selja þar með Keri hlutinn í Eglu. Ætlaður hagnaður Welling & Partners 38,3 milljónir dollara.

**24. 20. apríl 2004** Welling & Partners nýta sér forkaupsréttinn að hlutafé í Eglu en biðja Hauck und Aufhäuser að taka tilboðinu í eigin nafni fyrir hönd Welling & Partners og selja þar með Keri hlutinn í Eglu. Ætlaður hagnaður Welling & Partners 38,3 milljónir dala.

**25. Desember 2004** Ker býðst til að kaupa 23,12% hlutafjár í Eglu af Hauck & Aufhäuser á 67 milljónir Bandaríkjadala. Virðist ekki ganga eftir.

**26. Júní 2005** Ólafur Ólafsson fyrir hönd Kjalars og fjögurra annarra hluthafa í Keri býðst til að kaupa 2,5 milljónir hluta í Eglu af Hauck & Aufhäuser á 5,5 milljarða króna.

**27. 17. janúar 2006** Welling & Partners greiðir 46,5 milljónir dala inn á reikning Dekhill Advisors, sem er í Banque Julies Baer & Co í Zürich, Sviss. Rannsóknarnefnd Alþingis veit ekki hver er eigandi þess félags. Nefndin telur að Kaupþing sjálft eða aðilar tengdir bankanum hafi verið raunverulegir eigendur félagsins eða notið fjármunanna sem þangað runnu.

**28. 20. febrúar 2006** Welling & Partners biðja Hauck und Aufhäuser um að leggja allar eignir sínar inn á reikning Marine Choice Limited. Ættu að vera um 51,7 milljónir Bandaríkjadala.

Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA

Welling & Partners Ltd.

Kjalar ehf.

Ker hf.

Egla hf.

Dekhill Advisors Ltd.

K.V. Associates S.A.

Kaupþing banki hf

Aflandsfélag á nánast óþekktu eyjunni Niue.

The International Trust Company of Niue

TITCoN á K.V. Associates

TITCoN á Allan Corporation

Allan Corporation

Marine Choice Limited

Serafin Shipping Corp.

Ólafur Ólafsson eigandi Serafin.

Ólafur Ólafsson eigandi Marine Choice Ltd.

Kaupthing Bank Luxembourg S.G

Ólafur Ólafsson



## Hverjir gerðu baksamningana og/eða vissu um þá?

**Guðmundur Hjaltason**
*framkvæmdastjóri Eglu hf. og framkvæmdastjóri hjá Samskipum.*
Í vitnisburði Guðmundar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur kom fram að hann hefði tekið fullan þátt í að semja við Hauck & Aufhäuser um aðkomu þeirra þegar þeir komu að borðinu. Guðmundur bar fyrir dómi að þær upplýsingar sem veittar voru á sínum tíma um þá aðkomu Hauck & Aufhäuser, sem kaupsamningurinn og fylgigögn hans kváðu á um og kynntar voru í fjölmiðlum samhliða kaupunum, hefðu verið réttar og nákvæmar.

**Ralf Darpe og Michael Sautter**
*starfsmenn Société Générale.*
Þeir veittu S-hópnum ráðgjöf á þessum tíma sem fólst í uppbyggingu viðskiptanna, samningagerð, hjálp við gerð áreiðanleikakönnunar og almennri ráðgjöf um kaupin.

**Hreiðar Már Sigurðsson**
*aðstoðarforstjóri bankans.*
Upplýsti við skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur að hann teldi að Hauck & Aufhäuser hefði verið raunverulegur eigandi bréfa í Eglu hf. og að enginn annar en bankinn hefði staðið að kaupum hans. Jafnframt kvaðst Hreiðar Már ekki hafa vitneskju um hvort Kaupþing hf. hefði komið að kaupum S-hópsins á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum.



**Martin Zeil**
*forstöðumaður lögfræðisviðs Hauck & Aufhäuser.*
Síðar þingmaður í Þýskalandi og ráðherra í ríkisstjórn Bæjaralands. Sinnti að mestu gerð baksamninganna fyrir hönd Hauck & Aufhäuser.

**Steingrímur Kárason**
*yfirmaður áhættustýringar.*
Kom einna mest að gerð baksamninganna fyrir hönd Kaupþings.



**Bjarki Diego**
*lögfræðingur í bankanum.*
Kom einna mest að gerð baksamninganna fyrir hönd Kaupþings.

**Magnús Guðmundsson**
*framkvæmdastjóri Kaupthing Luxembourg.*

**Kristín Pétursdóttir**
*forstöðumaður fjárstýringar.*
Hún átti einnig þátt í tölvupóstsamskiptum og ráðstöfunum innan Kaupþings hf. sem gerðar voru í tengslum við baksamningana.



**Eggert J. Hilmarsson**
*lögfræðingur hjá Kaupthing Luxembourg.*
Átti þátt í ferlinu, einkum varðandi þær ráðstafanir sem Kaupþing hf. Og KBL sáu um að framkvæma vegna baksamninganna.

**Karim Van Den Ende**
*stofnandi KV Associates S.A. í Lúxemborg.*
Hann útvegaði félagið Welling & Partners og annaðist ýmsa umsýslu í tengslum við félagið og framkvæmd baksamninganna.

**Peter Gatti**
*framkvæmdastjóri og meðeigandi*
skrifaði af hálfu bankans undir kaupsamninginn við íslenska ríkið.

AÐALFUNDUR
VM 2017
7. apríl að Hilton Reykjavík Nordica (H-I)
DAGSKRÁ FUNDARINS HEFST KL. 17:00
- Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra
- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
- Reikningar félagsins og sjóða
- Kjör endurskoðenda
- Ákvörðun stjórnarlauna
- Lagabreytingar og reglugerðir
- Kjör kjörstjórnar
- Kjör uppstillingarnefndar
- Önnur mál
Boðið verður upp á léttar veitingar að fundi loknum

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM
www.vm.is
VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna - Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800
Landsfélag í vél- og málmtækni





**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **GE bílar** | **Bílasalan Bílás** | **Bílasala Akureyrar** | **Bílaverkstæði Austurlands** | **IB ehf.** | **BL söluumboð** |
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

ENNEMM / SÍA / NM80633 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

## Þýska FME var ósamvinnuþýtt

„Auðvitað starfa stofnanir eftir ákveðnum lagaheimildum og maður hefur fullan skilning á því að þýska fjármálaeftirlitið getur ekki afhent okkur gögn ef það hefur ekki heimild til þess. En það eru engu að síður vonbrigði að það geti ekki liðsinnt okkur,“ segir Kjartan Bjarni Björgvinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis, en þýska fjármálaeftirlitið var ósamvinnuþýtt við rannsóknarnefndina.

„Þeir gáfu þá skýringar að vegna ákvæða um þagnarskyldu gætu þeir einungis greint FME hér á landi frá atriðum sem vörðuðu við fjármálaeftirlit,“ segir Kjartan og bætir við að þetta breyti engu fyrir niðurstöðu nefndarinnar. – sg



Kjartan Bjarni Björgvinsson

## Ekki aðkallandi að skoða aðra

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra sagði í Speglinum í gær að ekki væri aðkallandi að skoða einkavæðingu bankanna enn frekar. „Ef einhver getur bent mér á þætti í þessum málum sem væri skynsamlegt að fara ofan í enn frekar skal ég þó ekki vera á móti því fyrirfram.“

Búið sé að skoða það mál margoft og nægilega vel að hans mati.

Þá sagði Bjarni að upplýsingar um sölu Búnaðarbankans væru dapurlegar. Greinilegt væri að sett hefði verið á svið leikrit til að láta líta út fyrir að kaupendur væru í sterkri stöðu. – þea

## Enginn verður sóttur til saka

Ekki er mögulegt að sækja nokkurn mann til saka fyrir þau brot sem kynnu hugsanlega að hafa verið framin í tengslum við söluna á Búnaðarbankanum. Samkvæmt 81. grein almennra hegningarlaga fyrnist sök á tíu árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en tíu ára fangelsi. Hámarksrefsing fyrir auðgunarbrot er sex ár.

Þeir lögfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við draga jafnframt í efa að hægt væri að heimfæra atburðarásina við sölu bankans upp á tiltekin refsilagaákvæði, þar sem seljandi bankans, ríkið, hafi hvorki orðið fyrir fjártjóni né fjártjónshættu. – jhh

## Segja niðurstöðuna hafa komið á óvart

„Þetta kom mér svo sannarlega á óvart. Ég hélt að það væri búið að skoða þetta og að Ríkisendurskoðun og fleiri væru búnir að fara yfir þetta,“ segir Margeir Daníelsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins, sem tók þátt í kaupum S-hópsins á Búnaðarbankanum árið 2003, um niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis.

„Fyrir mig er þetta stórfurða því ef rétt er þá varð ég aldrei var við annað en að þetta væri löglegur gjörningur. Ég skal ekkert segja til um hvernig að þessu var staðið en við minni hluthafar, eins og við og Samvinnutryggingar, vissum ekki af þessu. Ég mun ræða við aðra aðila í þessu máli en það er nú ekki mitt að krefja menn svara ef ekkert glæpsamlegt athæfi átti sér stað,“ segir Margeir.

Finnur Ingólfsson, fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri, sem var forstjóri VÍS þegar félagið tók þátt í kaupunum, vildi lítið tjá sig um niðurstöðuna þegar blaðamaður náði tali af honum í gær.



Finnur Ingólfsson, fyrrverandi forstjóri VÍS.

„Ég hef ekkert um málið að segja því ég vissi ekki betur en að bankinn ætti þetta,“ sagði Finnur. Í viðtali við Fréttablaðið í maí í fyrra kannaðist Finnur ekki heldur við að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hefði verið leppur í viðskiptunum og vísaði í samantekt Ríkisendurskoðunar um söluna frá 2006.

„Finnst þér líklegt að alþjóðlegur banki standi í slíku?“ sagði Finnur þá. – hg

# Fullyrða enn að þýski Hauck & Aufhäuser hafi keypt hlut

**Ólafur Ólafsson vísar afgerandi niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis á bug. Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Eglu, segir rangt að þeir hafi blekkt ráðamenn, almenning og fjölmiðla. Hafa ítrekað neitað að þátttaka þýska bankans hafi verið með öðrum hætti en kom fram opinberlega.**

Þeir Ólafur Ólafsson, fjárfestir og eigandi Samskipa, og Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Eglu og samstarfsmaður Ólafs í kaupum félagsins á 45,8 prósenta hlut í Búnaðarbankanum árið 2003, fullyrða enn að engum blekkingum hafi verið beitt varðandi þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser í viðskiptunum.

Ólafur vísar niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis á bug í tilkynningu sem hann sendi fjölmiðlum í gær. Þýski bankinn hafi innt af hendi hlutafjárframlag sitt og því verið lögmætur hluthafi í Eglu. Guðmundur fullyrti í vitnisburði sínum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þegar hann var kallaður fyrir rannsóknarnefndina, að þær upplýsingar sem veittar voru um aðkomu Hauck & Aufhäuser að kaupunum hefðu verið réttar. Vitnisburðurinn gengur þvert á niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar um að Guðmundur hafi komið að gerð baksamninga, sem hafi leitt til þess að þýski bankinn fór aldrei í raun með umráð hluta í Búnaðarbankanum, af hálfu og í þágu Ólafs Ólafssonar. Samningarnir hafi á endanum leitt til þess að íslenskir ráðamenn, almenningur og fjölmiðlar voru blekktir.

„Það er bara vitleysa. [...] Ég er ekki búinn að lesa skýrsluna og ætla að lesa hana áður en ég fer að tjá mig um hana,“ sagði Guðmundur Hjaltason í samtali við Fréttablaðið í gær og vildi ekki svara öðrum spurningum blaðamanns.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er bent á að Guðmundur hefur ítrekað neitað eða borið til baka umfjöllun um að þátttaka Hauck & Aufhäuser hafi verið með öðrum hætti en greint var frá opinberlega. Fréttablaðið hafi í febrúar 2006 birt gagnrýna umfjöllun um einkavæðingu Búnaðarbankans. Fyrirsögn þeirrar fréttar var „Þetta er rangt“ og var þar vísað í orð Guðmundar þar sem hann hafnaði staðhæfingum Vilhjálms Bjarnasonar, núverandi alþingismanns, um að blekkingum hefði verið beitt varðandi aðkomu þýska bankans.



Ólafur Ólafsson og samstarfsmenn hans eru bornir þungum sökum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem er meðal annars byggð á tölvupóstssamskiptum og öðrum gögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við buðum Hauck & Aufhäuser að koma inn í Eglu og þeir komu inn sem fjárfestar og lögðu fram sitt hlutafé eins og allir aðrir. Ég er með samninginn sem sýnir það.

> Það er bara vitleysa. [...] Ég er ekki búinn að lesa skýrsluna og ætla að lesa hana áður en ég fer að tjá mig um hana.
>
> Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Eglu



Ásakanir um annað eru úr lausu lofti gripnar,“ sagði Guðmundur í febrúar 2006. Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndarinnar lagði þýski bankinn ekki fram neitt hlutafé, gat engu tapað á viðskiptunum en þáði þóknun upp á eina milljón evra.

Tíu árum eftir að fréttin birtist sagðist Guðmundur í samtali við Fréttablaðið ekki vita til þess að þýski bankinn hafi verið leppur.

„Ég þekki það ekki og ég þekki engan sem þekkir það, svo ég viti til. Ég veit bara hverjir voru eigendur Eglu og það er alveg rétt,“ sagði Guðmundur. haraldur@frettabladidis

# Efasemdir um aðkomu þýska bankans ekki nýjar af nálinni

Efasemdir um kaup S-hópsins á Búnaðarbankanum eru ekki nýjar af nálinni. Strax eftir að Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Ólafur Ólafsson og Peter Gatti undirrituðu samkomulag um söluna var mörgum spurningum ósvarað.

Stríðið um bankana var yfirskrift á úttekt blaðamannsins Sigríðar Daggar Auðunsdóttur sem birtist í Fréttablaðinu árið 2005. Var þar meðal annars fjallað um aðkomu Hauck & Aufhäuser en framkvæmdanefnd um einkavæðingu bankanna hafði falið breska bankanum HSBC að gera áreiðanleikakönnun á mögulegum erlendum kaupanda.

Í greinaröð Sigríðar segir meðal annars: „Umsögn HSBC um erlenda fjárfestinn vakti ekki spurningar meðal framkvæmdanefndarinnar fyrr en daginn sem skrifað var undir samninginn við S-hópinn og tilkynnt var hver erlendi fjárfestirinn var. Nefndarmönnum fannst þá að umsögn HSBC hefði ekki getað átt við Hauck & Aufhäuser því hún hefði dregið upp mynd af stórum alþjóðlegum fjárfestingabanka, sem Hauck & Aufhäuser er ekki. Umsögn HSBC hefði mun frekar átt við Societé Générale.“

19. febrúar 2006 mætti Vilhjálmur Bjarnason, þá lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og nú þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í Silfur Egils á Stöð 2 og sagði að gögn bentu til þess að Hauck & Aufhäuser hefði aldrei komið að kaupunum.

Málið varð tilefni orðaskipta á þinginu en spjótum var beint að Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra og Valgerði Sverrisdóttur viðskiptaráðherra, sem sögðu að ekkert nýtt væri í gögnum Vilhjálms. „Hvað varðar þessa hluti er náttúrlega margbúið að fara yfir þá og í júní sl. sendi forstjóri þýska bankans út fréttatilkynningu þar sem farið var yfir málið og það allt saman hrakið sem komið hefur fram hjá þessum kennara, Vilhjálmi Bjarnasyni, og það er mitt svar,“ sagði meðal annars í svari Valgerðar við fyrirspurn á Alþingi um málið.



Vilhjálmur Bjarnason á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar með rannsóknarnefnd Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ríkisendurskoðun svaraði einnig máli Vilhjálms og gaf út samantekt vegna „nýrra“ gagna og upplýsinga um sölu á eignarhlutanum. Sú samantekt kom út í mars 2006 og sagði þar „að ekkert nýtt hafi verið lagt fram í málinu, sem stutt geti hinar víðtæku ályktanir, er Vilhjálmur hefur dregið af gögnum þeim, [...] Þvert á móti þykja liggja fyrir óyggjandi upplýsingar og gögn um hið gagnstæða.“ – jóe




# Vertu með þeim fyrstu!

**Forpantaðu Galaxy S8/S8+ á www.elko.is og fáðu hann afhentan viku áður en almenn sala hefst.**

Forsalan er hafin og stendur til miðnættis 19. apríl.
Áætluð afhending forseldra tækja er 21. apríl.
Almenn sala hefst 28. apríl.

ELKO

SALAN Á BÚNAÐARBANKANUM

# Tilefni til að kanna málin

„Skýrslan gefur fullt tilefni til að skoða til hlítar hvernig aðkomu sjóðanna er háttað. Sagan kennir okkur að við verðum að vera varkár í þessum efnum,“ segir Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra aðspurður hvort hann telji að sambærileg flétta sé upp á teningnum varðandi kaup sjóða á tæplega þrjátíu prósenta hlut í Arion banka.

„Það liggur fyrir að blekkingum var vísvitandi beitt gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Eftirlitsstofnanir könnuðu ekki til hlítar hvernig aðkomu aðilanna var háttað,“ segir Katrín Jakobsdóttir formaður Vinstri grænna. Hún segir að niðurstaða nefndarinnar sýni mikilvægi þess að lokið verði við heildarrannsókn á þessum málum líkt og samþykkt var af þinginu árið 2012. Þar vísar Katrín meðal annars til hvernig staðið var að sölunni á Landsbankanum.

**Það sem ég hef sagt, og verið hæddur og smáður fyrir, reyndist satt og rétt.**

„Það er einnig mikilvægt að kanna hvort breytingar sem gerðar hafa verið á lögum gefi eftirlitsstofnunum heimildir til að kanna síðari viðskipti til hlítar,“ bætir hún við.

„Fyrstu viðbrögð eru gleði og kæti yfir því að það sem ég hef sagt, og verið hæddur og smáður fyrir, reyndist satt og rétt,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verður til umræðu á þingfundi í dag. – jóe



Katrín Jakobsdóttir og Vilhjálmur Bjarnason.


Páskablað Blómavals fylgir með Fréttablaðinu í dag







Geir Haarde og Valgerður Sverrisdóttir undirrituðu kaupsamninginn fyrir hönd ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Undrast sinnuleysi erlenda ráðgjafans

**Fyrrverandi fjármálaráðherra segir það dapurlegra en orð fá lýst að stjórnvöld hafi verið blekkt við sölu Búnaðarbankans. Fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra segist sorgmædd yfir niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis.**

„Þessum vel undirbúnu blekkingum gátu stjórnvöld ekki varist enda höfðu þau ekki ástæðu til að gruna kaupendur um þess háttar athæfi,“ segir Geir Haarde, sem var fjármálaráðherra þegar Búnaðarbankinn var seldur árið 2003 og tók þátt í að staðfesta kaupsamninginn.

„Það er dapurlegra en orð fá lýst að nú, 14 árum síðar, skuli leitt í ljós að stjórnvöld. sem seldu þessa eign almennings í góðri trú og í samræmi við lagaheimildir, hafi verið blekkt varðandi þennan þátt málsins,“ segir Geir í skriflegu svari til Fréttablaðsins þegar hann var inntur eftir viðbrögðum.

Valgerður Sverrisdóttur sem einnig sat í ríkisstjórninni, sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segist dolfallin yfir niðurstöðunni. „Já, ég er sorgmædd,“ segir Valgerður Sverrisdóttir.

**Hvernig gat þetta farið framhjá öllum?**

Steingrímur J. Sigfússon

„Ég var blekkt eins og aðrir, eins og fjölmiðlar, almenningur og aðrir. Ég er bara mest undrandi á því að þessir aðilar sem við borguðum fúlgur fjár fyrir að vera ráðgjafar, HSBC, skuli ekki hafa skoðað þetta,“ bætir Valgerður við. Hún segir það þó gott að sannleikurinn hafi verið leiddur í ljós. Valgerður segir umhugsunarefni hvort það þurfi ekki að rannsaka sölu Landsbankans líka á þessum tíma.

Steingrímur J. Sigfússon var formaður VG og sat í stjórnarandstöðu á þeim tíma þegar bankinn var seldur. Hann segist ekkert geta fullyrt um það að stjórnvöld hafi vitað af blekkingunum. „Ég vil ekki ætla mönnum það að hafa haft grun sem þeir hafi bælt niður,“ segir Steingrímur. Þetta sé hins vegar þáttur sem verði að fara betur yfir. „Hvernig gat þetta farið framhjá öllum?“ segir Steingrímur.

jonhakon@frettabladid.is







Kynning á nýju ilmunum frá PACO RABANNE, Invictus og Olympéa Intense í verslunum Hagkaupa 30. mars til 5. apríl.

**Það verður 20% afsláttur**
af öllum PACO RABANNE ilmum á meðan á kynningu stendur.

paco rabanne

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Gögnin sýna blekkinguna svart á hvítu

**Kjartan Björgvinsson og Finnur Vilhjálmsson segja flest gögn um fléttuna á bakvið kaupin á Búnaðarbanka þegar hafa legið fyrir hjá helstu eftirlitsstofnunum ríkisins. Aðeins hafi átt eftir að draga þau saman og rekja punktana, frá aflandsfélagi til aflandsfélags.**

„Niðurstöður skýrslunnar eru studdar þannig gögnum að um þetta verður ekki deilt meir,“ segir Finnur Vilhjálmsson, starfsmaður rannsóknarnefndar Alþingis um söluna á Búnaðarbankanum. Sterkur orðrómur hefur verið uppi í áraraðir um að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hafi verið leppur annarra félaga við kaupin á Búnaðarbankanum. Fréttablaðið greindi fyrst frá því á mánudag en skýrsla rannsóknarnefndarinnar, sem kynnt var í gær, sýndi blekkingarnar sem beittar voru svart á hvítu.

Síðastliðið vor fékk Umboðsmaður Alþingis ábendingu sem þótti svo traust að sett var af stað rannsókn á kaupunum. Eins manns nefnd Kjartans Björgvinssonar var skipuð í þeim tilgangi að varpa ljósi á hvernig raunverulega var staðið að sölunni. Fjölmennari nefnd hefði getað dregið víðtækari ályktanir um mögulegt glæpsamlegt athæfi en ef lög voru brotin varðandi kaupin, þá eru þau fyrnd í dag.

Mennirnir tveir segja að þrátt fyrir tímasetninguna viti þeir ekki til þess að Panamalekinn, sem var opinberaður síðastliðið vor, hafi hrint þeirri atburðarás af stað sem leiddi til þessarar niðurstöðu. „Það eru engin gögn sem koma beint þaðan, ekki svo við vitum. Það er auðvitað ákveðinn samhljómur að því leyti að lögmannsstofan Mossack Fonseca stofnar Marine Choice Limited, sem er aflandsfélag Ólafs Ólafssonar og nýtur góðs af fjármununum. Og félögin eiga þau sammerkt að vera á Tortóla, en það hefur ekkert með lekann sem slíkan að gera okkur vitanlega,” segir Kjartan.

Gögnin sem nefndin vann eftir lágu öll fyrir hjá opinberum aðilum á borð við embætti sérstaks saksóknara, Fjármálaeftirlitið, Ríkisendurskoðun, slitastjórn Kaupþings og á fleiri stöðum. Í þessu máli er ekki hægt að tala um einhverja einstaka uppljóstrara, ef frá er talinn einn afar mikilvægur heimildamaður.

„Eini heimildarmaðurinn í þeim skilningi er fyrrverandi meðeigandi í Hauck & Aufhäuser sem upplýsti nefndina um að ef þetta hefði verið raunveruleg fjárfesting af hálfu bankans þá hefði hún alltaf verið tekin fyrir í stjórninni, þar sem hann sat. Hann tjáði nefndinni að samkvæmt hans besta minni hefði þetta mál aldrei komið til kastar stjórnar og því hefði bankinn ekki verið fjárfestir," segir Kjartan.

Finnur tekur undir þetta. „Þetta voru ansi markverðar upplýsingar að fá því fyrir utan þessa tvo menn sem tengdust þessu innan bankans, það er Peter Gatti sem var einhvers konar framkvæmdastjóri og andlit út á við, og svo Martin Zeil sem vann að baksamningnum, er hann eina nafnið sem skrifaði undir þetta umboð.“



**Finnur Vilhjálmsson og Kjartan Björgvinsson hafa rannsakað kaupin á Búnaðarbankanum frá því í júlí á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í gær sendi Ólafur Ólafsson frá sér yfirlýsingu þar sem hann hafnar niðurstöðu nefndarinnar.

„Gögnin sem skýrslan byggir á eru samtímagögn. Gögnin eru ítarleg og greina frá allri atburðarásinni og hvernig var staðið að þessum blekkingum með ítarlegum hætti,“ segir Kjartan.

Hann tekur fram að nefndin hafi sýnt mikla varfærni í framsetningu þeirra sönnunargagna sem lágu fyrir. Aðeins þeir starfsmenn Kaupþings sem tóku með beinum hætti þátt í verknaðinum eru nafngreindir, en ekki þeir sem nefndin gat aðeins staðfest að hefðu fengið senda til sín tölvupósta um viðskiptin án þess að svara þeim eða skrifa sjálfir undir einhverja gjörninga. „Þetta er rakið á grundvelli gagnanna. Gögnin tala. Ég held að almenningur viti að auðvitað gerist það oft þegar umræða er óþægileg fyrir einhverja aðila að það koma einhverjir og reyna að afvegaleiða umræðuna. En þá verður fólk bara að standa vaktina og láta ekki afvegaleiða sig.“ **snaeros@frettabladid.is**

## Hver á Dekhill Advisors Ltd.?

Þann 18. janúar 2005 greiddi Hauck & Aufhäuser 46,5 milljónir Bandaríkjadollara, sem samsvarar 2,9 milljörðum íslenskra króna, inn á reikning aflandsfélagsins Dekhill Advisors. Bankareikningurinn er í útibúi svissneska bankans Julius Bär & Co í Zürich.

Greiðslan samsvaraði nærri helmingi þess hagnaðar sem félagið Welling & Partner hafði hlotið eftir söluna á bankanum. Félagið Dekhill Advisors Ltd. kemur hvergi annars staðar fyrir í þeim gögnum sem rannsóknarnefnd Alþingis hafði. Nefndin hafði einungis formlegt skráningarvottorð félagsins, sem stofnað var á Bresku Jómfrúaeyjum 25. júlí 2005. Rannsóknarnefndin veit hvorki hver eða hverjir standa að baki félaginu og ekki hvað varð um fjármunina. Nefndin dregur þó þær ályktanir miðað við önnur gögn að það hljóti að vera Kaupþing sjálft eða aðilar tengdir Kaupþingi. Restin af bankareikningi Welling & Partners, samtals 58 milljónir dala, var greidd inn á félag Ólafs Ólafssonar, Marine Choice Limited.





BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
TINO COSMA
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur
af öllum vörum



**Samsung Galaxy S8.** NORDICPHOTOS/AFP

## Endalaus skjár á Galaxy S8

**TÆKNI** Samsung kynnti í gær nýjustu snjallsímana í Galaxy-línu sinni, Samsung Galaxy S8 og S8+.

Þrátt fyrir að innvolsið sé nýrra og öflugra er stærsti munurinn fólginn í hönnun símanna. Í stað hinna hefðbundnu ramma í kringum skjá símans nær skjárinn nærri út á allar brúnir framhliðarinnar. Einungis mjó ræma er skilin eftir auð neðst á símanum og þá fá hátalari og sjálfumyndavél pláss efst.

Þetta veldur því að enginn heimatakki er sjáanlegur á símanum. Hann er í staðinn falinn undir snertiskjánum.

Samsung kallar hönnunina „Endalausan skjá“ og gerir nýja hönnunin það að verkum að skjárinn er mun stærri en á símum sömu stærðar.

Þannig er skjárinn á S8 alls 5,8 tommur samanborið við 4,7 tommu skjáinn á iPhone 7. Skjárinn á S8+ er 6,2 tommur samanborið við 5,5 tommu skjá iPhone 7 Plus. – **þea**

# Vonast eftir góðum samningi

**Vill ekki aðild að Evrópska efnahagssvæðinu en vonast til að ná fríverslunarsamningi við ESB. Forseti leiðtogaráðs ESB segist strax byrjaður að sakna Bretlands. Nigel Farage, fyrrverandi leiðtogi UKIP, er himinlifandi.**

**BRETLAND** Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, tók í gær við bréfi frá Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, þar sem hún óskar formlega eftir úrsögn Bretlands úr ESB.

„Hvað get ég sagt?“ sagði hann. „Við söknum ykkar nú þegar.“

Hann sagðist ekki geta verið ánægður á þessum degi, en tók þó fram að útganga Bretlands, Brexit, hefði sitthvað jákvætt í för með sér: „Brexit hefur gert okkur ákveðnari og samhentari en áður,“ sagði hann.

Fram undan er tveggja ára ferli með flóknum samningaviðræðum, en Tusk sagði markmið viðræðnanna vera að lágmarka allan kostnað fyrir íbúa Evrópusambandsins, fyrirtæki þess og aðildarríkin.

„Við áttum okkur á því að það hefur afleiðingar að Bretland segi skilið við ESB,“ sagði hún í bréfi sínu til Evrópusambandsins. „Við vitum að við munum missa áhrif á þær reglur sem móta efnahagslíf Evrópu. Við vitum að bresk fyrirtæki sem eiga í viðskiptum við ESB munu þurfa að laga sig að reglum sem settar eru af stofnunum sem við eigum ekki lengur aðild að, rétt eins og við gerum á markaðssvæðum annars staðar. Við föllumst á það.“

Hún sagði Breta ekki óska eftir aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og tók fram að hún skildi vel að ESB gæfi engan afslátt af fjórfrelsinu.

Hins vegar vonist hún til þess að eftir aðskilnaðinn verði samband Bretlands og Evrópusambandsins „djúpt og sérstakt“, eins og hún orðar það. Meðal annars vonast hún til þess að Bretland og ESB geti gert „djarfan og metnaðarfullan“ samning um frjáls viðskipti: „Hann ætti að verða víðtækari og metnaðarmeiri en nokkur slíkur samningur sem áður hefur verið gerður.“

Nigel Farage, fyrrverandi leiðtogi UKIP-flokksins og um árabil helsti baráttumaðurinn fyrir útgöngu Bretlands úr ESB, sagðist vera himinlifandi: „Í dag er draumurinn um hið ómögulega að rætast.“

Michel Barnier, fyrrverandi utanríkisráðherra Frakklands, verður aðalsamningamaður Evrópusambandsins í viðræðunum við Bretland. Breska dagblaðið The Independent fullyrðir, en vitnar í ónafngreindan heimildarmann, að Barnier hafi krafist þess að viðræðurnar við Breta fari fram á móðurmáli hans, frönsku, og jafnframt verði öll skjöl í tengslum við þessar viðræður á frönsku.

Bretar þurfa því að styðjast við skjalaþýðingar og túlka, sem ESB greiðir að vísu kostnaðinn af.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Tveggja ára ferli hafið




Heimild: Financial Times, Bloomberg Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS





Öryggishnappinn er hægt að fá sem armband eða hálsmen!

ÖRYGGISHNAPPUR

Það er mikilvægt að við gætum vel hvert að öðru. Öryggishnappurinn getur verið dýrmætt öryggistæki fyrir okkar nánustu. Þegar þrýst er á hnappinn berast boð til stjórnstöðvar, talsamband opnast og jafnframt er öryggisvörður sendur strax af stað í útkall.

**Öryggismiðstöðin** | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400

**Nánar á oryggi.is**

# FRÁBÆR KAUP

**ULTRA HD SJÓNVARP MEÐ ANDROID STÝRIKERFI OG AMBILIGHT BAKLÝSINGU**




## GLÆSILEGT SJÓNVARP FRÁ PHILIPS

**Einfalt og öflugt**
Tækið er með öflugan örgjörva og öll vinnsla hröð en á sama tíma er tækið einfalt í notkun.

**Android snjallsjónvarp**
Android 5.1 stýrikerfi opnar heim af forritum, leikjum og öðrum möguleikum. Hvort sem á að horfa á háskerpuefni í gegnum Netflix, YouTube eða Kodi, hlusta á Spotify eða finna skemmtilegan leik. Endalausir möguleikar.

**Ambilight baklýsing**
Tækið er með innbyggðri Ambilight baklýsingu, sem hefur verið eitt af aðalsmerkjum Philips síðustu 10 ár. Baklýsingin eykur upplifunina til muna og létt baklýsing fyrir aftan tækið dregur úr augnþreytu. Samkvæmt könnun Philips eru 97% þeirra sem eiga sjónvarp með Ambilight baklýsingu ánægðir með hana.

**Myndgæði**
Philips slakar aldrei á þegar kemur að myndgæðum. Tækið er búið Pixel Plus Ultra HD myndvinnslu með Micro Dimming Pro og 1000Hz Picture Performance Index sem tryggir framúrskarandi myndgæði hvort sem verið er að horfa á myndefni í háskerpu eða útsendingar í venjulegum gæðum.

**Tengimöguleikar**
Tækið er búið þráðlausri nettengingu, 4 HDMI tengjum og 3 USB tengjum með upptökumöguleika. 20w Premium Sound hljóðkerfi og ekkert mál að tengja öflugri heimabíókerfi við tækið.

**49"**
Philips 49PUT6401
VERÐ
**99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**55"**
Philips 55PUT6401
VERÐ
**119.995**
FRÁBÆRT VERÐ

ambi light 2 · PixelPlus ULTRA HD · MICRO DIMMING PRO · 1000 PICTURE PERFORMANCE INDEX · Cloud GAMING · QuadCore · Google play · NETFLIX 4K

ALLT ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á www.ht.is

**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Blekking



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Aðkoma þýska bankans Hauck & Aufhäuser að einkavæðingu Búnaðarbankans var fullkomið sjónarspil og blekking. Þetta má lesa í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um málið sem kynnt var í gær.

Hauck & Aufhäuser var aldrei í reynd fjárfestir í Búnaðarbankanum þegar 45,8 prósenta hlutur ríkisins í bankanum var seldur í janúar 2003 ólíkt því sem haldið var fram allt frá upphafi. Ekkert bendir til þess að ráðherrar eða fulltrúar stjórnvalda hafi haft vitneskju um raunverulega aðkomu þýska bankans. Það er afdráttarlaus niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að stjórnvöld hafi skipulega verið blekkt í aðdraganda og kjölfar sölunnar.

Gögn nefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamninginn 16. janúar 2003 stóð hópur manna að gerð leynilegra baksamninga við Hauck & Aufhäuser um hlut bankans í Eglu hf. Baksamningarnir fólu í sér að þýski bankinn var í reynd aðeins að nafninu til meðal kaupenda að hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Með fjölda leynilegra samninga og millifærslum á fjármunum var þýska bankanum tryggt skaðleysi af viðskiptunum.

Helsti hvatamaður og leiðtogi að kaupum S-hópsins í Búnaðarbankanum var Ólafur Ólafsson. Það er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að ekkert bendi til að aðrir hafi átt þátt í eða vitað af baksamningunum. Ólafur hagnaðist líka með beinum hætti fjárhagslega á fléttu um aðkomu Hauck & Aufhäuser að kaupum á Búnaðarbankanum, eins og rakið er í skýrslu nefndarinnar. Af 100 milljóna dollara hagnaði sem myndaðist í fléttunni runnu 57,5 milljónir dollara á endanum til félags sem var í eigu Ólafs, Marine Choice Limited, og stofnað af lögfræðistofunni Mossack Fonseca í Panama en skráð á Tortóla á Jómfrúaeyjum. Fjárhæðinni var síðan ráðstafað til dreifðra fjárfestinga í erlendum verðbréfum. Það þarf mjög frjóa hugsun til að skálda svona ævintýraskap og því enn dapurlega að hann sé sannur.

Ólafur vildi ekki svara spurningum rannsóknarnefndarinnar og var á endanum skyldaður til þess af dómstólum. Þegar Ólafur gaf loksins skýrslu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gat hann ómögulega munað neitt um viðskiptin sem skiptir máli. „Ég, þú getur ekki ætlast til þess að ég sé hérna, 15 árum síðar, að svara getgátum fjölmiðla. Bara I'm sorry," sagði hann.

> **Þræðir Ólafs Ólafssonar eru alltumlykjandi í málinu. Rétt eins og í Al-Thani málinu sem hann hlaut þungan fangelsisdóm fyrir.**

Þræðir Ólafs Ólafssonar eru alltumlykjandi í málinu. Rétt eins og í Al-Thani málinu sem hann hlaut þungan fangelsisdóm fyrir. Hér var um að ræða fléttu af sama meiði. Erlendur fjárfestir var fenginn til að ljá málinu trúverðugleika í þeim tilgangi að blekkja stjórnvöld og almenning. Tilraunir Ólafs til að hreinsa mannorð sitt eftir dóminn í Al-Thani málinu verða dálítið aumkunarverðar þegar aðrir umdeildir samningar hans eru settir í samhengi. Hann, lögmenn hans, PR-fulltrúar og nánustu aðstandendur hafa ítrekað reynt að kasta rýrð á störf dómstóla í fjölmiðlaherferð um ætlað sakleysi hans. Það verður verkefni sagnfræðinga framtíðarinnar að gera upp viðskiptaferil hans á Íslandi og komast að því hversu stór hluti auðæfa hans er ávöxtur leynimakks og blekkinga.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Á milli steins og sleggju**

**Krafa útgerðarmanna um lækkun veiðileyfagjalda er háværari nú en nokkru sinni áður. Beitir eitt fyrirtækjanna, HB Grandi, saklausum fiskverkamönnum á Akranesi fyrir sig, en þeir missa vinnuna ef landvinnslu á botnfiski á Akranesi verður hætt. Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, er á milli steins og sleggju. Hún gætir hagsmuna útgerðarinnar og fær ríkulega launað. Á hinn bóginn er hún innfæddur Akurnesingur og sveitungar hennar hljóta að hugsa henni þegjandi þörfina vegna hótana HB Granda.**

**Lítið land**

**Íslendingar eru fámenn þjóð, um það er engum blöðum að fletta. Það sýndi sig síðan rækilega í gær þegar fjallað var um ótrúlega fléttu sem Ólafur Ólafsson, kenndur við Samskip, beitti til að sölsa undir sig Kaupþing. Einn af meðreiðarsveinum Ólafs var Bjarki Diego, eins og rannsóknarnefndin lýsti ítrekað á fundinum. Þegar rannsóknarnefndin sat fyrir svörum hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í gær tók þar á móti þeim formaður nefndarinnar. Sá heitir Brynjar Níelsson og var verjandi Bjarka Diego þegar hann hafði réttarstöðu sakbornings á rannsóknarstigi í málum er vörðuðu hrun Kaupþings.** jonhakon@frettabladid.is

# Næsta stig endurreisnar



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri hjá Kviku banka

Efnahagsleg endurreisn Íslands hefur gengið vonum framar eins og flestir mælikvarðar bera með sér. Hins vegar tekur lengri tíma að endurvekja fullt traust í samfélaginu. Nýjar fréttir af sölu Búnaðarbankans á sínum tíma eru ekki til þess fallnar að flýta því ferli og minna okkur svo sannarlega á að vanda þarf til verka. Bankar eru í miðju hagkerfisins og við eigum öll snertifleti við banka í daglegu lífi okkar á einn eða annan hátt. Þess vegna skiptir máli að fjármálakerfið njóti trausts.

Fyrsta stig endurreisnar fjármálakerfisins snerist um að halda greiðslumiðlun gangandi og stofna nýja banka á grunni þeirra föllnu. Annað stig snerist um fjárhagslega endurskipulagningu. Vanskil voru há, skuldir heimila og fyrirtækja þurfti að endurskipuleggja auk þess sem vinna þurfti úr ýmsum eignum sem ekki tengdust kjarnastarfsemi bankanna. Þessu verkefni er nú lokið. Næsta stig endurreisnar fjármálakerfisins snýst um stefnumörkun til framtíðar. Hvaða starfsemi bankarnir ætla að bjóða upp á, hvernig efnahagsreikningurinn á að líta út og að þeir þjóni almenningi og atvinnulífi á hagkvæman hátt.

Regluverk og umgjörð almennt um fjármálakerfið hefur verið stórbætt á síðustu árum og tekur mið af alþjóðlegri þróun. Að sumu leyti eru fjármálastarfsemi meiri skorður settar hér á landi en annars staðar. Stjórnvöld þurfa á hverjum tíma að meta hvort þörf sé á breytingum. Að sama skapi þurfa þau að móta sýn um framtíð fjármálakerfisins.

> **Það þarf virka fjárfesta að bönkum sem og að öðrum fyrirtækjum. Hluthafa sem láta sig rekstur banka og framtíð þeirra varða.**

Frá stofnun bankanna þriggja hafa virkir fjárfestar ekki komið að þeim. Hluthafar hafa annaðhvort ekki mátt skipta sér af rekstri þeirra, eins og í tilfelli kröfuhafa, eða ekki viljað það sökum armslengdarsjónarmiða. Til lengri tíma litið er það óheppilegt. Það þarf virka fjárfesta að bönkum sem og að öðrum fyrirtækjum. Hluthafa sem láta sig rekstur banka og framtíð þeirra varða. Fjárfesta sem vilja taka þátt í næsta stigi endurreisnar fjármálakerfisins, byggja upp traust og spila eftir settum reglum. Gagnsæi er forsenda trúverðugleika – og traust forsenda viðskipta. Það gildir meðal annars um eignarhald og fyrirætlanir eigenda.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# „Ég vara ykkur við“

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Maður er nefndur Andrey Krutskikh. Hann er ráðgjafi ríkisstjórnar Rússlands um öryggis- og upplýsingamál. Hann hélt ræðu á ráðstefnu í Moskvu í febrúar 2016 þegar baráttan um forsetaembættið í Bandaríkjunum var nýhafin. Í ræðu sinni sem hann hélt á rússnesku sagði Krutskikh að stórveldin tvö stæðu nú í sömu sporum og 1948, þ.e. árið áður en Rússar byggðu fyrstu kjarnorkusprengju sína fjórum árum á eftir Bandaríkjamönnum. Eftir það gátu Rússar staðið jafnfætis kananum í hernaðarlegu tilliti. Það flýtti fyrir Rússum að austur-þýzkur kommúnisti, Klaus Fuchs, lak upplýsingum til þeirra. Fuchs hafði unnið í Los Alamos þar sem bandarísku bomburnar tvær sem var varpað á Hiroshima og Nagasaki 1945 voru búnar til. Enginn vissi þá nema Truman Bandaríkjaforseti og menn hans að þriðja sprengjan var ekki til.

Ég vara ykkur við, sagði Krutskikh í ræðu sinni í Moskvu, við erum að ná slíku valdi á upplýsingahernaði að við getum aftur talað við Bandaríkjamenn sem jafningjar. Sterkt Rússland getur sagt Vesturlöndum fyrir verkum, bætti hann við skv. frásögn Washington Post, sjónvarpsstöðvarinnar CNBC o.fl. miðla.

**Frá grun til vissu**

Fyrr höfðu vaknað grunsemdir sem jaðra við fullvissu um að Rússar hafi gert tölvuárás á Eistland 2007 og síðan einnig Georgíu 2008 áður en Rússar réðust þangað inn með vopnavaldi. Tölvuárásirnar fólust í að láta vefsetur stjórnvalda kikna undan álagi, brjótast inn í þau til að breyta innihaldinu o.fl. Þannig birtist t.d. mynd af Hitler á vefsetri forsætisráðherra Georgíu.

Í þessu ljósi hlaut grunur að beinast að Rússum þegar stolnir tölvupóstar demókrata tóku að birtast á vefsetri Wikileaks í aðdraganda forsetakjörsins vestra í haust leið. Upplýsingar um skipulegar lygaherferðir á vefnum og samfélagsmiðlum lögðust á sömu sveif. Þessi grunur hefur nú breytzt í fullvissu yfirvalda í Bandaríkjunum enda verður ekki séð að Rússar reyni að hylja sporin, ekki frekar en þeir sáu ástæðu til að þegja um fyrstu atómbombu sína 1949, þvert á móti. Sumir telja að með þessu hafi Rússar e.t.v. ráðið úrslitum forsetakosninganna í Bandaríkjunum.

**Grunur um landráð**

Vísbendingar hrannast nú upp um að Trump forseti og menn hans kunni að hafa haft samráð við Rússa m.a. um tölvuhernaðinn gegn Bandaríkjunum. Fyrst tóku menn eftir því að menn Trumps báðu um aðeins eina breytingu á stefnuskrá Repúblikanaflokksins á flokksþinginu í sumar leið: Þeir báðu um að gagnrýni á hernað Rússa gegn Úkraínu yrði numin burt. Þeim var alveg sama um allt hitt. Skömmu síðar, í lok júlí 2016, hóf alríkislögreglan FBI rannsókn á meintu samneyti Trumps og manna hans við Rússa eins og nú er komið á daginn. Forstjóri FBI greindi í tvígang fyrir kosningar frá rannsókn lögreglunnar á tölvupóstum Clintons, frambjóðanda demókrata, en sagði ekki orð um hina rannsóknina sem snýst þó að því er virðist um hugsanleg landráð.

Menn tóku einnig eftir því að Trump hallaði hvergi orðinu á Pútín forseta og stjórnarhætti hans, öðru nær, ólíkt nær öllum repúblikönum á þingi. Nú er

> Það veit þó kannski á gott að margir bandarískir þingmenn og aðrir vilja komast til botns í málinu. Það er meira en hægt er að segja um viðbrögðin sem fyrirspurnir á Alþingi um meint Rússatengsl íslenzkra banka hafa fengið.

komið í ljós að kosningastjóri Trumps, Paul Manafort, var launaður leynilegur erindreki ríkisstjórnar Pútíns auk annarra áviröinga. Áður hafði nýr dómsmálaráðherra í ríkisstjórn Trumps, Jeff Sessions frá Alabama, þurft að segja sig frá rannsókn á Rússatengslum Trumps og manna hans vegna funda sem hann átti með Rússum. Nýskipaður öryggismálaráðgjafi forsetans, Michael Flynn, var staðinn að lygum um samtöl við Rússa og neyddist til að segja af sér. Tengdasonur og helzti ráðgjafi forsetans, Jared Kushner, átti fund með bankastjóra sem er handgenginn Pútín forseta; bankinn er á svörtum lista bandarískra yfirvalda, þ.e. háður lögbundnu viðskiptabanni.

**Rannsókn þingsins í uppnámi**

Báðar deildir Bandaríkjaþings hófu rannsókn á málinu, hvor í sínu lagi. Repúblikanar hika og hafa meiri hluta í báðum deildum en demókratar heimta rannsókn og engar refjar enda snýst málið um hugsanleg landráð. Enginn veit nú hvort nefndir þingsins reynast vandanum vaxnar. Enginn veit heldur hvort rannsókn lögreglunnar fær að renna sitt skeið eða ekki. Óháð rannsókn er trúlega eina vitið ásamt skipun sérstaks saksóknara ef nauðsyn krefur en slík rannsókn verður ekki sett í gang nema fyrir tilstilli þingsins. Enn hallar á bandarískt lýðræði eins og margir Bandaríkjamenn viðurkenna nú opinberlega, þ. á m. Steven Hall sem fór með málefni Rússlands í leyniþjónustunni CIA 1985-2015.

Það veit þó kannski á gott að margir bandarískir þingmenn og aðrir vilja komast til botns í málinu. Það er meira en hægt er að segja um viðbrögðin sem fyrirspurnir á Alþingi um meint Rússatengsl íslenzkra banka hafa fengið.

# Dæmalaus ósvífni



Kristín Björk Jónsdóttir
fyrrverandi landsliðskona í körfubolta

> Ef það er vegna gremju út í tengdaföður minn út af alls óskyldum málum bið ég þig að láta af þessari vindmylluorrustu sem lýsir sér sem ítrekuð og fölskuleg árás að mér og mínum íþróttaferli. Einbeittu þér þá frekar að honum einum, hann er alveg maður til þess að svara sjálfur fyrir sig.

Ósvífnasta „dópingsvindl“ sem þú veist um. Með þessari dæmalausu ósvífni endaði nýjasta greinin þín sem þú skrifaðir þann 16. mars síðastliðinn. Það er óþolandi að sitja stöðugt undir ásökunum þínum, nú síðast nærri 16 árum eftir að ég var sýknuð af Lyfjadómstóli ÍSÍ. Svo virðist sem þú hafir aldrei áttað þig á kjarna þessa máls, eða það sem verra er, viljir ekki gera það andstætt betri vitund.

Ég er körfuknattleikskonan sem fékk árið 1997 greiningu hjá bæði heimilislækni og lungnasérfræðingi um astma og áreynsluastma og uppáskrift um viðeigandi innöndunarlyf í framhaldinu. Í lyfjaprófinu umrædda árið 2001, eins barnslega og það hljómar, láðist mér að taka fram að ég væri á umræddu astmalyfi. Það voru mistök sem samkvæmt ströngustu reglum var samt sem áður ekki nægjanlega alvarlegt brot til að gert væri ráð fyrir viðurlögum samkvæmt lagabókstafnum sem um málið gilti. Því var ég sýknuð af dómstólnum sem í sat mikilsmetið fagfólk með þekkingu á svið lífvísinda og lögfræði.

Í málinu var ljóst að mér höfðu orðið á mistök sem enginn ásetningur lá á bak við en þau var sem betur fer hægt að útskýra með einföldum hætti. Læknaskýrslur um greiningu mína voru lagðar fram ásamt álitsgerð prófessors um að lyfið væri ekki árangursbætandi en gott til að meðhöndla áreynsluastma. Hefur einhver einhvern tímann heyrt um að körfuboltamaður hafi notað astmapúst til að bæta árangur í íþrótt sinni? Þannig var óvart framið brot á formsatriðum sem voru leiðrétt og báru ekki með sér nein refsiákvæði. Það kom einnig skýrt fram í yfirlýsingu frá alþjóða körfuknattleikssambandinu FIBA sem var að finna í málsgögnunum en þú reyndir að stinga undir stól á einstaklega óheiðarlegan hátt.

Ef lyfið væri árangursbætandi eða ef ég hefði verið að taka það án ávísunar læknis skildi ég kannski heift þína. Miðað við staðreyndir málsins er hins vegar óskiljanlegt hvernig þú virðist hafa bitið þetta mál í þig eins og raun ber vitni. Ef það er vegna gremju út í tengdaföður minn út af alls óskyldum málum bið ég þig að láta af þessari vindmylluorrustu sem lýsir sér sem ítrekuð og fölskuleg árás á mig og íþróttaferil minn. Einbeittu þér þá frekar að honum einum, hann er alveg maður til þess að svara sjálfur fyrir sig.

Ég var fyrirliði míns félagsliðs og landsliðsleikmaður og tók þau hlutverk alvarlega. Ég hefði aldrei reynt að ná mér í forskot með óheiðarlegum hætti. Hver sem kynnir sér málið sér að það snerist ekki um firnaflókið samsæri til að tryggja að tengdadóttir Kára Stefánssonar kæmist upp með að gera sig að ofurhetju með púst í leyfðu en tilkynningarskyldu astmalyfi sem hún var með læknaávísun fyrir, heldur er hér á ferðinni árátta sorgmædds einstaklings sem virðist ekki sætta sig við staðreyndir og dómsniðurstöðu.

www.ils.is 569 6900 8–16

## Málþing um hagkvæmar íbúðir

Íbúðalánasjóður

Leitast verður við að svara því hvernig byggja megi sem flestar íbúðir með þeim fjármunum sem ríkið leggur til í stofnframlög.

**Dagskrá**

**Krafa um hagkvæmni við úthlutun stofnframlaga**
Hrafnhildur Sif Hrafnsdóttir, markaðsstjóri Íbúðalánasjóðs

**Lóðaframboð og lóðaverð**
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

**Byggingarkostnaður**
Guðmundur Sigfinnsson, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði

**Færanleg snjallhús til að leysa bráðavanda í Stokkhólmi**
Claes Eliasson, Junior Living

**Bygging hagkvæmra íbúða**
- **Hagkvæmar íbúðir í Urriðaholti**
  Þórarinn Ævarsson, IKEA
- **Forsteyptar einingalausnir**
  Guðjón Jónsson, Loftorka
- **Snjallhús**
  Óskar Jónasson, EcoAtlas
- **Trefjaeiningar**
  Haraldur Ingvarsson, Fibra-hús
- **Forsmíðaðar einingar**
  Berta Gunnarsdóttir og Jakob Helgi Bjarnason, Modulus
- **Hagkvæm íbúðarhús úr steinullareiningum og límtré**
  Dennis Davíð Jóhannesson og Hjördís Sigurgísladóttir, arkitektar FAÍ
- **Snjallar lausnir**
  Þorvaldur Gissurarson, ÞG verktakar

**Lokaorð**
Hannes Frímann Sigurðsson, verkefnisstjóri Byggingarvettvangs

**Fundarstjóri er Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði**

**Staður**
Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21.
**Stund**
Fimmtudaginn, 30. mars, kl. 13–16.

**Skráning á ils.is.**

BVV Byggingavettvangurinn

# Dönsk hagspeki og íslenzkir vextir



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður og stjórnmálarýnir

Þann 9. marz sl. átti RÚV langt viðtal við danskan hagfræðing í kvöldfréttum, en Dani þessi hafði einhverntíma verið hagfræðingur dansks stórbanka, en var það greinilega ekki lengur. Sagt var, að hann hefði fylgzt gjörla með íslenzkum efnahagsmálum. Hvernig og á hvaða máli kom ekki fram, en íslenzku talaði hann ekki. Þessi ágæti hagspekingur mælti með því, að stýrivextir á Íslandi yrðu hækkaðir.

Þann 22. marz kvaddi annar danskur hagfræðingur sér hljóðs í Fréttablaðinu – er reyndar pistlahöfundur þar og skrifar oft hnyttna pistla – og tók í sama streng. Hafði hann mikla samúð með seðlabankastjóra, sem lenti milli steins og sleggju með það að þurfa raunverulega, að mati Danans, að hækka vexti en væri undir þrýstingi með að lækka þá.

**Athugasemdir við málflutning Dana nr. 1:**

Aðalatriðið í málflutningi Dana nr. 1 var að hér væri svo mikill hagvöxtur, 7,2%, að halda yrði niðri efnahagslegri spennu og þenslu með hækkun vaxta – greinilega án tillits til þess, hvar þeir stæðu fyrir; hvort þeir væru hinir hæstu í hinum vestræna heimi, sem þeir eru, eða þeir lægstu.

Gallinn við þennan málflutning er sá, að 7,2% hagvöxturinn á við um árið 2016, og má í raun ætla, að hann hafi að mestu myndast það sumar. Á þá að miða vaxtakerfi Íslendinga vor og sumar 2017 við það efnahagsástand sem var sumarið 2016?

Vafasöm speki, örugglega líka í konungsríkinu Danmörku. Þetta er eins og að klæða sig í dag eftir veðrinu í gær, eða stýra eftir Hringbraut þó að maður sé kominn inn á Miklubraut.

**Athugasemdir við málflutning Dana nr. 2:**

Dani nr. 2 beitir svipuðum rökum, þó með eitthvað sveigjanlegri en um leið illskiljanlegri framsetningu. Hann bendir á óstöðugt innflæði erlendra tekna, sem stafi af fábrotnu hagkerfi, þar sem aðeins sé um 4 geira að ræða; fiskveiðar, stóriðju, orkuvinnslu og ferðaþjónustu. Leiði þetta til óstöðugra viðskiptakjara og ofhitnunar efnahagslífsins.

Ýmislegt í þessu er rétt og gott, en ekki verður séð hvernig að þetta ætti að leiða til hækkana á þeim hávöxtum, sem við búum við, nú. Þetta er ekkert nýtt fyrirbæri.

Staða okkar aðalútflutningsatvinnuvega er í rauninni heldur ekki slæm, miklu fremur góð blanda ólíkra atvinnugreina, sem allar hafa svipað vægi.

Dani nr. 2 telur stöðu útflutningsatvinnuvega Danmerkur mun fjölbreyttari og stöðugri, en, eftir minni beztu vitund, eru helztu útflutningsatvinnuvegir þar aðeins 3; framleiðsla og sala á vélum og tækjum, matvælum og efnaiðnaðarvörum.

**Vaxtaviðmið annarra Seðlabanka**

Vandamálið við hagfræði er að þetta er lifandi fræðigrein, þar sem forsendur, aðstæður, umhverfi og lögmál breytast stöðugt og gamlar kenningar og fyrri fræði úreldast hratt. Geta því sprenglærðir menn á bókina, sem ekki vaka og liggja yfir daglegri þróun og breytingum, fest í úreltri aðferðafræði.

Mitt mat er að seðlabankastjórnir Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og Breta séu þeir aðilar, sem hæfastir eru í nútíma hagstjórn, en eins og kunnugt er eru vextir þeirra helzta hagstjórnartæki.

Þessir aðilar ákveða vexti 1) út frá verðbólgu 2) út frá stöðunni á vinnumarkaði og 3) út frá hagvexti, en eitt aðalverkefni þessara manna er að ná fram mesta mögulegum hagvexti.

**Hættan við hávextina:**

Á eftir launum eru vextir hæsti útgjaldaliður fyrirtækja. Skuldsettir heimiliseigendur borga meira í vexti, en nokkuð annað. Óhæfilegir vextir bitna því illilega á miklum hluta þjóðarinnar; draga úr samkeppnishæfni fyrirtækja, hækka framleiðslukostnað og verðlag og draga úr kaupgetu og velsæld almennings.

Jafnframt skapa yfirkeyrðir vextir einir sér spennu í efnahagslífinu, og geta þeir því stuðlað að ofhitnun, svo að notuð séu orð Dana nr. 2. Með þessum hætti verða hávextirnir að ástæðu fyrir því að vextir séu ekki lækkaðir, alla vega að mati sumra, jafn gáfulegt og það er.

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Einstakt tækifæri í ferðaþjónustu – Hús, þar sem rekið er „Gistiheimili“




OPIÐ HÚS á laugardaginn, 1. apríl milli kl.13:30 og 14:30 – Verið velkomin!

**Kjarrmói 1 - Selfoss.** Eignin er 172,9 fm að stærð á einni hæð, fjögur svefnherbergi og stórar glæsilegar stofur, eldhúsið stórt og opið. Hátt til lofts og allar innréttingar til fyrirmyndar. Heitur pottur er í garðinum og lítið smáhýsi.

– Um er að ræða sölu á eign með rekstrinum og tækjum sem honum fylgir!

- **Sjón er sögu ríkari!**

**Vinsamlega hafið samband við Jóhann Friðgeir sem veitir allar nánari upplýsingar í síma: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.

# Brexit – hvað gerist næst?



**Árni Páll Árnason**
lögfræðingur og sérfræðingur í Evrópurétti

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því ég skrifaði fyrri greinar mínar um Brexit. Bresk stjórnvöld hafa nú virkjað hina margfrægu 50. gr. stofnsáttmála ESB. Þar með er hafið ferli sem mun leiða til þess að eftir rétt tvö ár verða Bretar ekki lengur meðlimir ESB, óháð því hvort tekist hafi að greiða úr öllum samningum um framtíðarviðskiptafyrirkomulag milli ESB og Bretlands þegar þar að kemur. Samningarnir næstu tvö árin verða flóknir og tímafrekir og niðurstaða mjög óljós, en hvorki hinn skammi tími né pólitískar aðstæður í lykilríkjum ESB vinna með Bretum.

**Peningar verða fyrsta mál á dagskrá**

Fyrsta málið sem á að taka á dagskrá skv. 50. greininni eru skilnaðarkjör útgöngurikisins. Í því felst uppgjör hlutdeildar Breta í sameiginlegum skuldbindingum ESB. Af opinberum yfirlýsingum aðila undanfarið er ljóst að þar mun væntanlega bera mikið á milli. Bretar vilja samhliða hefja tafarlaust samninga um viðskiptakjör eftir útgöngu, enda vinnur tíminn ekki með þeim eins og áður sagði. Flest bendir hins vegar til að ríki ESB muni halda fast við að ljúka fyrst samningum um skilnaðarkjörin, áður en framtíðarviðskiptatengsl verða rædd. Leiðtogar ESB munu ekki samþykkja umboð til aðalsamningamanns fyrr en í lok apríl og svo má búast við að fremur lítið gerist í samningaviðræðum fyrr en eftir þingkosningar í Þýskalandi á hausti komanda. Ef peningamálin standa í aðilum, getur því hæglega liðið hálft til eitt ár áður en hafist er handa um samninga um viðskiptakjörin.

**Bretar vilja alveg út ...**

Það markaði tímamót í janúarlok þegar Theresa May, forsætisráðherra Breta, kvað loks upp úr um það að Bretar myndu ekki æskja sambærilegrar aðildar að innri markaði ESB og t.d. Ísland og Noregur njóta nú með EES-samningnum. Þannig er það orðið ljóst að bresk stjórnvöld vilja setja hömlur á frjálsa för fólks í öndvegi samningsmarkmiða og eru tilbúin að fórna fyrir það hindrunarlausri aðild að einstökum þáttum innri markaðarins. Markmið þeirra í samningunum munu væntanlega verða þau að freista þess að halda eins miklu af þeim markaðsaðgangi sem Bretar nú njóta, áfram eftir að aðild lýkur.

Það er hins vegar ekki einfalt úrlausnar, þótt það hljómi vandræðalaust. Markaðsaðgangur að innri markaði ESB og EES er almennt skilyrtur því að ríki viðurkenni sameiginlegar reglur um markaðssetningu vöru og þjónustu og lúti eftirliti með því að þær séu virtar, eins og raunin er innan EES. Eitt helsta vígorð breskra útgöngusinna hefur verið að „ná aftur stjórn“ (e. Take back control). Það verður ekki einfalt fyrir May að sannfæra þá um ágæti útgöngusamnings sem gerir ráð fyrir að Bretar viðurkenni ESB-reglur á einstökum sviðum (t.d. í fjármálaþjónustu eða sjávarútvegi) og sæti eftirliti ESB eftirlitsaðila með því um ófyrirsjáanlega framtíð.

**... en hvað má það kosta?**

Stóri óvissuþátturinn er hvernig viðskiptasambandi Breta við Evrópu verður háttað til lengri tíma litið. Sú óvissa er meiri þar sem Bretar hafa ákveðið að sækjast ekki eftir sambærilegum aðgangi að innri markaðnum og Ísland og Noregur njóta á grundvelli EES. Nú þegar er óvissa meðal breskra fyrirtækja í flugi og fjármálaþjónustu um aðgang þeirra að Evrópumarkaði og a.m.k. einhverjar líkur á að þau muni þurfa að flytja höfuðstöðvar sínar til ESB landa eftir Brexit. Flest slík fyrirtæki eru nú þegar byrjuð að teikna upp ýmsar sviðsmyndir, enda óvissan um endanlega niðurstöðu mikil og tíminn fram að útgöngu stuttur.

Michel Barnier, aðalsamningamaður ESB, hefur varað Breta við að menn hafi í reynd ekki lagt niður fyrir sér hvernig það eigi að geta gengið upp að ganga úr ESB og út af innri markaðnum, en halda samt óbreyttu mynstri viðskipta við Evrópu. Hann spurði sem dæmi hvernig menn ætluðu að fara að því að fara út úr því rafræna upplýsingakerfi sem nú gerir 12.000 breskum vöruflutningabílum á dag kleift að fara hindrunarlaust til annarra ESB-ríkja. Svarið við þeirri spurningu hefur gríðarlega þýðingu fyrir þau íslensku fyrirtæki sem landa vöru í Bretlandi og aka til Evrópu.

**Þýðingin fyrir Ísland**

Brexit mun án efa hafa áhrif á íslenska viðskiptahagsmuni. Við njótum nú þegar fullkomins aðgangs að breskum markaði og þau viðskiptakjör geta því trauðla batnað. Áhrifin geta orðið mjög ólík eftir atvinnugreinum. Í stöðunni eru ýmsar hættur fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, en að sama skapi tækifæri fyrir fyrirtæki sem eru í beinni samkeppni við bresk fyrirtæki á Evrópumarkaði. Þá getur innlend ferðaþjónusta og fjármálaþjónusta orðið fyrir neikvæðum áhrifum. Samningar Breta við ESB og sú innlenda löggjöf sem þeir munu taka upp í kjölfarið mun skera úr um þetta.

**Brexit mun án efa hafa áhrif á íslenska viðskiptahagsmuni. Við njótum nú þegar fullkomins aðgangs að breskum markaði og þau viðskiptakjör geta því trauðla batnað. Áhrifin geta orðið mjög ólík eftir atvinnugreinum. Í stöðunni eru ýmsar hættur fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, en að sama skapi tækifæri fyrir fyrirtæki sem eru í beinni samkeppni við bresk fyrirtæki á Evrópumarkaði.**

# Opið bréf til forystu menntamála í landinu



**Guðríður Arnardóttir**
formaður Félags framhaldsskólakennara og stjórnarmaður í Kennarasambandi Íslands

Á nýafstöðnum ársfundi Kennarasambands Íslands áttu fulltrúar kennara samtal við hæstráðendur í menntamálum, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Menntamálaráðherra og borgarstjóri tóku þátt í umræðum og svöruðu spurningum, meðal annars um það hvernig við getum aukið nýliðun í kennarastétt og aukið virðingu fyrir kennarastarfinu.

Margt áhugavert var þar sagt en kannski sluppu þeir félagar vel við umræðu um launamál, sem fór ekki nógu hátt að mínu viti.

Það þarf svo sannarlega ýmislegt að koma til svo markmið okkar um aukna virðingu fyrir starfinu og þar með aðsókn í kennaranám verði að veruleika, en fyrst og síðast þurfa laun kennara að vera samkeppnishæf við laun annarra sérfræðinga með sambærilega menntun, borið saman við sérfræðinga hjá hinu opinbera annars vegar og svo sérfræðinga á almennum markaði hins vegar.

Um síðustu áramót samþykkti Alþingi breytingar á lögum um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Það mál átti sér ákveðinn aðdraganda og um tíma virtist samkomulag við bandalag opinberra stéttarfélaganna um þær breytingar í sjónmáli enda skyldu öll réttindi núverandi sjóðsfélaga verða tryggð áfram við breytingarnar. Án þess að fara lengra út í þá sálma þá fór nú svo að Alþingi samþykkti breytt lög í algjörri andstöðu við opinbera starfsmenn og réttlætti þingheimur ákvörðun sína með því að samhliða skyldu laun á milli markaða jöfnuð. Já, að laun opinberra starfsmanna skyldu verða jöfn sambærilegum hópum á almennum markaði.

Nú spyr ég menntamálaráðherra Kristján Þór Júlíusson og borgarstjóra, Dag B. Eggertsson, eftirfarandi spurninga og óska svara á opinberum vettvangi enda eiga svörin erindi við samfélagið allt:

Eru ríkið og sveitarfélögin að vinna aðgerðaráætlun um fyrirhugaðar launahækkanir starfsmanna ríkis- og sveitarfélaga?

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að ríki og sveitarfélög nái sér í nauðsynlega tekjustofna til þess að standa straum af kostnaðarauka ríkis og sveitarfélaga vegna fyrirhugaðra launahækkana opinberra starfsmanna?

Fari svo að ASÍ setji sig upp á móti því að opinberir starfsmenn hækki í launum umfram aðila á almennum markaði á grundvelli SALEK-samkomulagsins, mun ríkisstjórn Íslands og forysta sveitarfélaga í landinu halda sínu striki til að efna þau fyrirheit sem fylgdu lagabreytingunni í desember 2016?

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur ramma um launaþróun á næstu misserum svo efna megi loforðin um launajöfnun?

Svör óskast sem fyrst – skýr helst og það má nota já og nei.

**Eru ríkið og sveitarfélögin að vinna aðgerðaráætlun um fyrirhugaðar launahækkanir starfsmanna ríkis- og sveitarfélaga?**

# Af hverju Arnarskóli?



**Sóley Ósk Geirsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og móðir Davíðs Arnar

**Sem móðir Davíðs tel ég stofnun Arnarskóla vera þarft úrræði sem muni auka lífsgæði hans og fjölskyldunnar. Þetta snýst ekki einungis um réttindi Davíðs og annarra barna í hans stöðu heldur snýst þetta mikið um lífsgæði fjölskyldna fatlaðra barna í heild sinni.**

Ég heiti Davíð Örn og er 10 ára. Ég get ekki sofið, ég vil ekki fara í skólann, ég er þreyttur og langar að vera heima hjá mömmu. Ég er hættur í skólanum!“

Þetta eru venjubundnar lýsingar Davíðs Arnar á tilfinningum sínum og líðan í íslensku skólakerfi. Davíð Örn er yndislegur drengur með Downs-heilkenni. Hann er á einhverfurófi og er líka greindur með ADHD, ofvirkni með athyglisbrest. Lyfin sem hann tekur gera lítið gagn.

Á hverju kvöldi er öll fjölskyldan, að honum meðtöldum, kvíðin yfir því að hann muni sofna seint og vakna um nóttina. Á eins og hálfs árs tímabili svaf Davíð aðeins aðra hverja nótt en var annars vakandi.

Á hverjum morgni er Davíð sendur í skólann þreyttur, pirraður og reiður. Hann mætir reglulega of seint og glatar dýrmætum tíma sem annars hefði verið nýttur í lærdóm.

Davíð gengur í Klettaskóla en það er sérskóli fyrir fötluð börn. Klettaskóli er að mörgu leyti mjög góður skóli og jafnvel frábær skóli fyrir marga. Hins vegar hentar Klettaskóli ekki Davíð meðal annars vegna þess hvernig hann er uppbyggður og skipulagður. Skóladagurinn í Klettaskóla er líkt og í öðrum grunnskólum landsins frá klukkan 08:00 til 13:00. Klukkan 13:00 til 17:00 tekur skólafrístund við.

Þar sem Davíð glímir við mikla svefnörðugleika og hegðunarvanda nýtist honum skólavistin takmarkað til náms. Núverandi skólaumhverfi hentar honum ekki og Davíð býr ekki yfir getu til að aðlagast skólakerfinu. Þetta leiðir til þess að réttur hans til menntunar í íslensku samfélagi er í reynd skertur.

Davíð býr svo sannarlega yfir getu og færni til að tileinka sér nýja þekkingu ef skapaðar eru réttar aðstæður fyrir hann en allar breytingar og uppbrot reynist honum erfitt hvort heldur sem er heima eða í skólanum.

Á leikskólaárunum naut Davíð dagvistunar allan daginn og fékk einstaklingsmiðaða þjálfun á öllum sviðum daglegs lífs. Hann lærði með íhlutun atferlisfræði sem hentaði honum mjög vel og ýtti undir aukinn þroska og framfarir.

**Eykur lífsgæðin**

Hópur foreldra fatlaðra barna, auk þriggja atferlisfræðinga og leikskólastýru, leiddu saman hesta sína fyrir nokkru og ræddu þann vanda sem er til staðar í skólakerfinu fyrir ákveðinn hóp barna. Ákveðið var að ráðast í stofnun Arnarskóla sem er ætlaður fyrir fötluð börn með fjölþættan vanda.

Það sem Arnarskóli hefur upp á að bjóða fyrir Davíð er að hann er byggður upp á heildrænan hátt. Annars vegar með því að flétta saman skóla- og frístundatímanum, sem skapar Davíð þannig það svigrúm sem hann þarfnast vegna svefnvandamála sem hann glímir við. Þannig er hægt að tryggja að hann fái nægilega margar klukkustundir til náms þrátt fyrir sína fötlun og sínar sérþarfir. Hins vegar með þeirri heildrænu þjónustu sem verður innan Arnarskóla. Heildræn þjónusta mun felast í því að sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar og talmeinafræðingar munu koma inn í skólastarfið með ráðgjöf og íhlutun. Með þessu verður því minna uppbrot og meiri samfella í lífi Davíðs sem auðveldar honum athafnir daglegs lífs.

Í Arnarskóla verða starfandi atferlisfræðingar sem hafa mikla þekkingu og reynslu af starfi með fötluðum börnum. Allt starfsfólk skólans mun vinna eftir sömu aðferðafræði og tryggja þannig samfellu í vinnu með börnin hvort heldur sem er í skóla- eða frístundastarfi. Arnarskóli mun veita börnum skólavist alla virka daga ársins ásamt því að sinna sumarfrístundum.

Sem móðir Davíðs tel ég stofnun Arnarskóla vera þarft úrræði sem muni auka lífsgæði hans og fjölskyldunnar. Þetta snýst ekki einungis um réttindi Davíðs og annarra barna í hans stöðu heldur snýst þetta mikið um lífsgæði fjölskyldna fatlaðra barna í heild sinni.




# Stjórnarskrárbrot skattstjóra



**Gunnar Þór Gíslason**
fyrrum framkvæmdastjóri Síldar og fisks ehf.

**Í búnaðargjaldsmáli Síldar og fisks ehf. vaknar upp sú spurning hvort það eigi ekki að vera nein eftirmál af því þegar stjórnvald brýtur stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna. Eru t.d. líkur til þess að Síld og fiskur ehf. fái afsökunarbeiðni frá ríkisskattstjóra eða fjármálaráðherra?**

Síld og fiskur ehf., sem er kjötvinnslufyrirtæki í Hafnarfirði, hefur frá því á árinu 2010 átt í deilum við ríkisskattstjóra um álagningu búnaðargjalds. Deilunum við ríkisskattstjóra lauk með því að starfsmenn embættisins mættu í vinnu á gamlársdag 2013 til að leggja á félagið búnaðargjald upp á rúmlega 13 milljónir króna. Síðan hefur málið farið fyrir yfirskattanefnd og síðan héraðsdóm. Félagið hefur alla tíð allt frá fyrstu stigum málsins haldið þeim vörnum uppi að innheimta búnaðargjalds sé andstæð félagafrelsisákvæðum stjórnarskrár Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu. Félagið hafi valið að vera aðili að Samtökum iðnaðarins og vilji ekki vera aðili að Bændasamtökum Íslands eða öðrum félagasamtökum bænda. Þann 23. mars sl. tók Héraðsdómur Reykjavíkur undir sjónarmið Síldar og fisks ehf. og dæmdi álagningu ríkisskattstjóra ólögmæta og í andstöðu við stjórnarskrá Íslands.

Þessi niðurstaða ætti í sjálfu sér ekki að koma mikið á óvart því árið 2010 dæmdi Mannréttindadómstóll Evrópu að álagning iðnaðarmálagjalds, sem var sambærilegt gjald og búnaðargjaldið, væri brot á mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur Íslands komst einnig nýlega að þeirri niðurstöðu í máli 250/2016 að álagning búnaðargjalds bryti gegn stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessu máli kristallast tvö grundvallarálitaefni um lög og rétt á Íslandi sem snúa að framkvæmdavaldinu og löggjafarvaldinu. Annars vegar er það sú afstaða ríkisskattstjóra að hann þurfi ekki að horfa til ákvæða stjórnarskrár Íslands í störfum sínum og hins vegar hvort Alþingi geti setið aðgerðarlaust hjá eftir að Hæstiréttur hefur dæmt lög andstæð stjórnarskránni.

**Þáttur framkvæmdavaldsins**

Í andmælum Síldar og fisks ehf. á öllum stigum málsins hefur komið fram sú málsástæða að ákvæði búnaðargjaldslaga stæðust ekki félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Ríkisskattstjóri hafnaði í sjálfu sér ekki þeirri málsástæðu en tók ekki afstöðu til hennar því hann taldi sig ekki þurfa að líta til stjórnarskrárinnar við úrlausn málsins. Það væri ekki á hans verksviði að túlka æðstu réttarheimild íslensks réttar, það væri á verksviði dómstóla.

Hvernig getur skattstjóri leyft sér að líta fram hjá stjórnarskránni þegar hann metur lögmæti ákvarðana sinna? Er það virkilega svo að stjórnvald þurfi ekki að líta til ákvæða stjórnarskrár Íslands þegar það fellir íþyngjandi úrskurði yfir þegnum þessa lands?

Viðhorf ríkisskattstjóra er því miður ekki einsdæmi í stjórnkerfinu. Það er eins og stjórnkerfið hafi misst sjónar á meðalhófi og skilningi á því að miklu valdi fylgir mikil ábyrgð. Stjórnvöld virðast oft gefa sér niðurstöðu mála fyrirfram og andmælaréttur er virtur í orði en ekki á borði. Það er gengið eins langt og hugsast er í beitingu íþyngjandi úrræða og sú framganga réttlætt með því að dómstólar geti þá alltaf undið ofan af ólögmætum stjórnvaldsákvörðunum. Seðlabankastjóri er t.d. sagður þeirrar skoðunar að menn eigi að fagna því að sæta ákæru því þá hafi þeir tækifæri til að sanna sakleysi sitt. Forstjóri samkeppniseftirlitsins hreykir sér helst af því hvað hann hafi sektað fyrirtæki um háar fjárhæðir.

Í búnaðargjaldsmáli Síldar og fisks ehf. vaknar sú spurning hvort það eigi ekki að vera nein eftirmál af því þegar stjórnvald brýtur stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna. Eru t.d. líkur til þess að Síld og fiskur ehf. fái afsökunarbeiðni frá ríkisskattstjóra eða fjármálaráðherra?

**Þáttur löggjafans**

Alþingi felldi lög um búnaðargjald úr gildi í desember 2016. Það er fróðlegt að skoða röksemdir fjármálaráðherra fyrir því að fella búnaðargjaldslögin úr gildi. Ástæðan er ekki sú að búnaðargjaldið brjóti í bága við félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar heldur er ástæðan sögð sú að Bændasamtök Íslands hafi ákveðið að taka upp almennt félagsgjald sem komi í stað búnaðargjaldsins! Það er varla hægt að segja með skýrari hætti hvernig búnaðargjaldið var hugsað, verst að þessi hugsun er í andstöðu við félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Það er svo merkilegt að þrátt fyrir að búnaðargjaldslögin hafi verið felld úr gildi í desember 2016 er óréttlætinu enn viðhaldið því lögin halda enn gildi vegna álagningar búnaðargjalds á þessu ári og vegna endurákvörðunar fyrri ára.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hlýtur í framhaldi af þessum dómi sem hér er til umfjöllunar og dómi Hæstaréttar í máli 250/2016 að hafa frumkvæði að því taka til endurskoðunar að ólögin um búnaðargjald, sem Hæstiréttur hefur sagt vera í andstöðu við stjórnarskrá, haldi gildi sínu á árinu 2017 og vegna endurákvörðunar fyrri ára. Annað væri óvirðing við stjórnarskrá Íslands.

# Rósir í hnappagat jafnaðarmanna



**Guðjón S. Brjánsson**
alþingismaður

**Full þátttaka í sameiginlegum markaði Evrópuríkja er lykill að enn betri kjörum neytenda.**

Fyrir skömmu var efnt til sérstakrar umræðu á Alþingi um fríverslunarsamninga, mikilvægi þeirra og þróun á seinni árum. Málshefjandinn, Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, dásamaði frelsi í viðskiptum og taldi að stjórnvöld yrðu æ tíð að vera opin fyrir nýjum tækifærum. Undir þetta tók í öllum atriðum flokksbróðir hans, Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

Íslendingar hafa lifað misjafna tíma í viðskiptum sínum við önnur lönd. Á fyrri öldum supum við ýmsa fjöruna við aðstæður sem hnípin þjóð réð ekki við. Öldin er nú önnur, enn erum við þó í nokkrum fjötrum þar sem ríkja hindranir í framleiðslu og opnum viðskiptaháttum innanlands og valda því að neytendur njóta ekki bestu mögulegu kjara. Það hefði líklega verið nærtækara fyrir málshefjanda, Óla Björn Kárason, að gera að umtalsefni og tala fyrir fríverslun hér heima í stað þess að leggjast á árarnar með þeim sem verja með kjafti og klóm áratuga sérhagsmunavörslu Sjálfstæðisflokksins, til dæmis í landbúnaðarmálum þar sem bæði bændur og neytendur þola órétt. Á þeim bænum ríkir forpokuð stefna og jafnvel umræðubann um tiltekin frelsisákvæði í samskiptum við aðrar Evrópuþjóðir. Sú ráðstjórnarhefð hefur leitt til þess að hluti flokksmanna er nú á vergangi í tilvistarkreppu í öðru og nýju flokksbroti.

**Bylting**

Enginn stjórnmálaflokkur hefur staðið fyrir annarri eins byltingu í viðskiptum og fríverslun við önnur lönd og Alþýðuflokkurinn, forveri Samfylkingarinnar, og stuðlað með því að stórkostlega bættum hag almennings. Stærstu skrefin voru stigin með haftalosun Viðreisnarstjórnarinnar og aðild að EFTA árið 1971 undir forystu Gylfa Þ. Gíslasonar, þáverandi mennta- og viðskiptamálaráðherra. Annað risaverkefni sem jafnaðarmenn áttu frumkvæði að og leiddu í milliríkjaviðskiptum var EES-samningurinn sem gekk í gildi árið 1994 eftir mikla baráttu Jóns Baldvins Hannibalssonar, þáverandi utanríkisráðherra. Fríverslunarsamtök Evrópu og EES-samningurinn eru helstu grunnstoðir utanríkisverslunar Íslendinga. Með aðildinni að EES njóta landsmenn að langmestu leyti sömu viðskiptakjara og meirihluti annarra Evrópuríkja með um 500 milljóna manna markað.

Gæta þarf að hagsmunum okkar til lengri framtíðar og vinna í anda þeirrar stefnu sem Samfylkingin markaði um gerð fríverslunarsamninga við fleiri lönd, t.d. fríverslunarsamningsins við Kína sem Össur Skarphéðinsson, þáverandi utanríkisráðherra, leiddi til lykta.

Full þátttaka í sameiginlegum markaði Evrópuríkja er lykill að enn betri kjörum neytenda, til að halda framsæknum fyrirtækjum í landinu, fjölga störfum og skapa sóknarfæri fyrir íslenska frumkvöðla og skapandi greinar. Aðild að ESB og virk þátttaka fæli í sér mikil sóknarfæri á sviði fullvinnslu sem gæti líka fjölgað störfum og skapað mikil verðmæti í sjávarbyggðum. Tollfrelsi myndi einnig skapa mikla möguleika fyrir útflutning á landbúnaðarafurðum og styrkja greinar eins og sauðfjárrækt og aðra landbúnaðarframleiðslu.

Í baráttumálum jafnaðarmanna er fólgið hreyfiafl til framfara. Þannig hefur það verið og baráttumál jafnaðarmanna verða áfram þau að gæta hagsmuna fyrir venjulegt fólk, auka jöfnuð og bæta hag almennra borgara.



Glæsilegt úrval á pier.is
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
FERMINGARGJAFIR Í MIKLU ÚRVALI
PAPASANSTÓLL + PULLA
FERMINGARTILBOÐ 16.000,-
3 FYRIR 2 AF KERTUM
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Áfengisfrumvarp er ógn við almannaheill

**Rut Sigurðardóttir**
frístunda- og forvarnafulltrúi Sandgerðisbæjar

**Guðrún Björg Sigurðardóttir**
félagsmálastjóri Sandgerði, Garðs og Voga

**Guðbrandur J. Stefánsson**
íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Garðs

**Stefán Arinbjarnarson**
frístunda- og menningarfulltrúi sv. Voga

**Björg Erlingsdóttir**
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar



Við undirrituð viljum eindregið hvetja alþingismenn til þess að hafna frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum nr. 86 frá 2011 um verslun með áfengi og tóbak.

Íslendingar hafa unnið frábært forvarnastarf á undanförnum árum gegn áfengis- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna, náðst hefur árangur sem vakið hefur eftirtekt annarra þjóða. Embætti landlæknis, samtök lækna, heilbrigðisstarfsfólk og fjölmargir fagaðilar sem vinna að heilsueflingu og velferðarmálum hafa varað við þeirri breytingu sem felst í samþykkt frumvarpsins. Bent er á að rannsóknir sýni að aukið aðgengi að áfengi leiðir til aukinnar áfengisneyslu, sérstaklega hjá ungmennum. Það á einnig eftir að auka tíðni einstaklingsbundinna og samfélagslegra vandamála samfara stórauknum samfélagslegum kostnaði.

Árangursríkustu forvarnirnar skv. Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eru:

1. Takmörkun á aðgengi
2. Neyslustýringarskattur
3. Bann við áfengisauglýsingum

Verði frumvarpið samþykkt hafa tvær af þremur virkustu forvarnaaðgerðum í áfengisforvörnum verið afnumdar! Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðrar forvarnaaðgerðir verði efldar, aðgerðir sem rannsóknir sýna að hafa lítil sem engin áhrif á áfengisneyslu?

Við undirrituð bendum á að frumvarpið stangast á við stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnavörnum, vinnur gegn forvarnastarfi sveitarfélaga auk þess að stangast á við aðgerðaáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar gegn lífsstílstengdum sjúkdómum sem og nýlega samþykktum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Einnig vinnur frumvarpið gegn ákvæðum í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

**Alþingismenn ættu að huga að hag íslenskra ungmenna í dag og í framtíðinni, frekar en rekstrarfræðilegum sjónarmiðum og breyta ekki sölufyrirkomulagi á áfengi.**

Óskum við þess að alþingismenn taki alvarlega þær ábendingar og athugasemdir sem sérfræðingar hafa bent á. Hagsmunir og velferð heildarinnar og lýðheilsusjónarmið verði höfð að leiðarljósi og frumvarpinu hafnað.

Alþingismenn ættu að huga að hag íslenskra ungmenna í dag og í framtíðinni, frekar en rekstrarfræðilegum sjónarmiðum og breyta ekki sölufyrirkomulagi á áfengi sem er skynsamlegt eins og það er í dag. Við undirrituð myndum vilja sjá alþingismenn beita sér fyrir því að koma allri sölu á hvers konar tóbaki inn í verslanir ÁTVR.

Einnig viljum við gera athugasemd við það að málinu hafi ekki verið vísað til velferðarnefndar þar sem málið á heima, heldur eingöngu til allsherjar- og menntamálanefndar þar sem formenn beggja nefnda eru flutningsmenn áðurnefnds frumvarps.

# Heilbrigðisþjónustan í dag



**Úrsúla Jünemann**
kennari á eftirlaunum og leiðsögumaður

Að vera með slitgigt er eitthvað sem fáir óska sér. Ekki er búið að finna lækningar við þessum sjúkdómi. En að minnsta kosti er hægt að skipta út liðamótum þegar brjóskið er orðið ónýtt. Margir þurfa að ganga undir svona liðskiptaaðgerð á mjöðm og hné á efri árum. Þar með lengist það tímabil sem menn geta notið lífsins án þess að þurfa stöðugt að glíma við slæma verki við hvert fótatak.

Fyrir 10 árum fékk ég nýja mjöðm og tveimur árum síðar fékk ég nýtt hné. Þetta voru stórar aðgerðir og endurhæfingin löng og ströng. En eftir það gat ég gert flest allt verkjalaust og nýtt og betra líf blasti við. Á þessum tíma var biðin eftir svona aðgerð um 3 mánuðir, þetta var eitthvað sem maður gat sætt sig við.

Í haust leitaði ég til læknis vegna vaxandi sársauka í hinni mjöðminni. Röntgenmyndir voru teknar og ekki fór milli mála að það kallaði á enn eina liðskiptaaðgerð (sem ég vissi þegar af fenginni reynslu). Þegar ég fékk bréf frá Landspítalanum rétt fyrir áramót með boð um að mæta hjá sérfræðingi núna í mars var ég mjög glöð og vonaðist að ég kæmist fljótlega í aðgerð.

Í dag 10.3. fór ég svo í viðtal hjá bæklunarsérfræðingi á Landspítala. Viðtalið tók varla meira en 5 mínútur og mér var tjáð að ég væri með slæmt slit – sem ég vissi nú þegar – og þyrfti að fara í aðgerð – sem ég vissi líka. Og ég væri komin á biðlista og biðtíminn væri 8 mánuðir! Mér féllust hendur og það einasta sem ég gat sagt var: „Ertu að grínast?“ Fyrir þetta mátti ég greiða rúmlega 5.000 kr. Hefði ekki verið hægt að tilkynna mér um þessa 8 mánaða bið í síma eða bréfleiðis? Mér fannst að það væri verið að hafa mig að fífli og rukka mig fyrir einhverja „þjónustu“ sem kom mér ekki að gagni.

Lífsgæði mín munu vera verulega skert það sem eftir er af árinu. Ég mun halda mér gangandi með því að bryðja verkjatöflur. Ekki mun ég treysta mér til að fara í ferðalög með manninum mínum sem er óðum að ná sér eftir erfiða krabbameinsmeðferð og var farinn að hlakka til.

Ég er reið og svekkt. Við sem höfum unnið allt okkar líf og greitt samviskusamlega okkar skatta eigum ekki skilið að fá svona meðferð.

# Á nú að einkavæða eða einkavinavæða?



**Einar Júlíusson**
eðlisfræðingur

Berum saman fyrirtæki eins og Arion banka og Landsvirkjun. Bæði eiga jafnmikið eigið fé, 200 milljarða króna, og eru þannig séð jafnmikils virði. Tekjur Landsvirkjunar 2015 voru 50 milljarðar, kostnaður 40 milljarðar svo hagnaður var 10 milljarðar eða 5% af eigin fé (helmingi meiri en árin 2011-2014). Tekjur Arion banka voru 100 milljarðar en 50 milljarðar fóru í bónusa, bílastyrki, afskriftir, ofurlaun og annan rekstrarkostnað svo hagnaður bankans var ekki nema 50 milljarðar eða 25% af eigin fé. Ríkisstjórnin vill nú einkavæða helst allt sem ríkið á og jafnvel líka banka sem ríkið á kannski lítið í enda vakti fyrri einkavæðing bankanna heimsathygli og sló mörg heimsmet þótt ekki sé miðað við höfðatölu eins og yfirleitt. Eða ætlar ríkisstjórnin að einkavinavæða? Hver er munurinn?

Ég hef ákveðið að kaupa Landsvirkjun fyrir 200 milljarða sem er hærra en verðhugmyndir eigenda hennar svo þeir ættu að samþykkja tilboð mitt. Af ástæðum sem óþarfi er að tíunda hér býð ég ekki reiðufé fremur en aðrir heldur 200 milljarða króna skuldabréf (frá Arion banka með veði í Landsvirkjun) sem ber 5% vexti. Ríkið fær þá 10 milljarða á ári eins og áður og ég fæ gróðann af Landsvirkjun sem ég nota til að greiða vextina af skuldabréfinu. Þetta er einkavæðing, ég kaupi fyrirtækið á fullu fremur en á einkavinaverði og enginn græðir neitt né tapar (í bili allavega).

En ég vil græða, líka á kvöldin, enda segja hagfræðingar að rationalt sé að gera það sem meira er á að græða. Með öðrum orðum, tilgangur lífsins er eigin stundargróði. Hvort ég græði meira á því að hækka mín verð eða lækka fer eftir samkeppni og verðteygni en hér er rationalt að hækka og irrationalt að lækka verðið. Vandinn er að 80% orkunnar eru seld á föstu verði (30 milljarðar) til margra áratuga. Af því er alls enginn gróði. Almenningur kaupir svo 20% orkunnar fyrir 20 milljarða og gróðinn af þeirri sölu er 10 milljarðar. Ég get þá strax tvöfaldað verðið til almennings og þar með þrefaldað gróðann og nettó gróði minn fer úr núlli upp í 20 milljarða á ári.

### Á leynibankareikning

Ég ætla að kaupa Arion banka líka fyrir annað 200 milljarða króna skuldabréf frá Arion banka. Ríkið (sá sem átti bankann) fær þá 10 milljarða á ári eins og fyrir Landsvirkjun og ég fæ gróðann af bankanum þ.e. 50 milljarða á ári þar til ég hef haft samráð við hina bankana um að tvöfalda þjónustugjöldin og vextina og fæ þá 150 milljarða á ári. 10 milljarðar fara í að greiða mínum eigin banka vexti af láninu sem hann veitti mér til að kaupa sig og 140 milljarða set ég í eigin vasa og svo á leynibankareikning hér á Tortóla þar sem ég ætla að búa við sólarströnd og skattaskjól. Þetta er einkavinavæðing, sem sumir mundu kalla rán, en það er allavega ekki ég sem ræni þannig árlega 140 milljörðum af almenningi í landinu eða þúsund milljörðum á hverjum 7 árum bara með þessum eina banka. Það gera þeir einkavinir mínir sem einkavæddu mér bankann. Það er augljóst, ekki voru það hinir fátæku sem rændu þá ríku í Skírisskógi forðum heldur einkavinur þeirra hann Hrói Höttur.

Best ég kaupi Arion banka fyrst. Þá græði ég strax svo mikið (tuttugufalt auðlindagjald af stærstu auðlind þjóðarinnar) að ég eignast hana fljótlega sem og hina bankana og aðrar eigur þjóðarinnar og annarra líka. Þá þarf ég aldrei að hafa samráð við aðra en sjálfan mig og get einbeitt mér að því að hámarka minn gróða og tap viðskiptavina minna. Til þess þarf ég enn að hækka mín verð. Lögspekingar segja að þjóðin geti ekki átt neitt. Ég skil ekki alveg þá hundalógík en vil eins og þeir að hún eigi alls ekki neitt. Ég vil að umræddir 160 milljarðar á ári fari til mín og ekki til annarra. Síst af öllu til hrægamma eða útlendra vogunarsjóða.

Ég trúi ekki öðru en að áætlanir mínar gangi eftir. Þótt ég sé ekki enn neinn sérstakur einkavinur ráðamanna hér þá býð ég besta verðið og get líka gaukað að lykilmönnum einhverjum milljörðum úr bankanum mínum til að vingast við þá.

# Peningakerfið er risavaxin svikamylla sem er að drepa allt líf á jörðinni



**Sölvi Jónsson**
félagsliði og tónlistarmaður

Flestir halda að bankakerfið starfi svona: Almenningur og fyrirtæki leggja peninga inn í bankana gegn vöxtum. Bankarnir lána síðan þessa sömu peninga gegn hærri vöxtum. Vaxtamismunurinn er hagnaður bankans. Ef þetta væri rétt þá ætti viðskiptavinur að hafa upplifað að bankainnistæða hans hafi verið lækkuð svo bankinn gæti lánað út pening. Hvernig ætti bókhaldið að ganga upp ef allir halda sínum fullu innistæðum á sama tíma og bankinn lánar þær?

Bankar lána ALDREI sparifé almennings, heldur búa þeir til nýja peninga í hvert skipti sem þeir veita lán. Þegar banki fær lán endurgreitt þá hverfur það úr bókhaldinu og vextirnir sitja einir eftir.

Ekki einu sinni okurlánari hefur þetta vald og þess vegna eru bankar ekkert annað en löglegar glæpastofnanir. Fólk þarf að borga húsnæðið sitt þrefalt, fjórfalt til baka á 25-40 árum með svita sinnar vinnu. Á bak við þessa upphæð var upphaflega ekkert annað en tala stimpluð inn í tölvu og undirskrift lántakandans.

Seðlabankar hafa einir vald til að prenta peninga. Þeir vilja fá þessa peninga til baka með vöxtum þegar þeir lána þá bönkum, stundum stjórnvöldum. Allir peningar verða með öðrum orðum til sem skuld. Ef öllum ríkjum heimsins tækist nú dag einn að borga skuldir sínar þá þar með hyrfu peningar. Nema vondu fréttirnar eru þær að skuldir heimsins eru mun meiri en peningamagn í umferð þannig að það er ógerlegt. Bandaríkin skulda bráðum 20.000.000.000.000 dollara og ekki er maður nú að sjá að það muni nokkurn tímann grynnka á þessum skuldum. Skuldir Kína miðað við þjóðarframleiðslu nálgast skuldir Bandaríkjanna (250% vs. 330%). Heilu draugaborgirnar rísa þar bara til að sýna fram á hagvöxt (hagvöxtur knúinn áfram með lántökum). Einu þjóðirnar sem geta hugsanlega unnið sig út úr skuldum eru framleiðsluþjóðir eins og Ísland.

**Á öllum Norðurlöndunum er stefnt á að hagkerfi framtíðarinnar verði myntlaust. Þegar þetta verður að veruleika þá er fólk komið algjörlega á vald bankanna. Bankar geta til dæmis gert peninga fólks upptæka til að bjarga sér frá gjaldþroti og/eða komið á neikvæðum vöxtum.**

Það segir sig sjálft að þetta kerfi er ósjálfbært. Það er ætlast til þess að meira komi til baka heldur en er sett inn í það, þ.e. bankar og seðlabankar búa til peninga, lána þessa peninga og fara fram á meiri peninga til baka (lánið plús vextir).

### Allur auður til bankanna

Peningakerfið virkar með öðrum orðum þannig að auður jarðar sogast með tímanum allur til bankanna. Almenningur missir húsnæðið sitt, stoðunum er kippt undan velferðarkerfum, peningur fólks brennur upp á verðbólgubáli.

Peningakerfið kallar á eilífan hagvöxt. Hagvöxtur er oft knúinn fram þannig að gengið er á gæði landsins. Brasilía er sem dæmi stórskuldugt land og sér ekki annan kost til að standa í skilum en höggva regnskóga sína. Landið geymir lungu jarðar og ætti að teljast til forréttindalanda sem ætti að fá algjöra skuldaaflausn. Með sama áframhaldi á eyðingu regnskóga þá verða þeir allir horfnir eftir 40 ár með tilheyrandi útdauða dýrategunda. Peningakerfið er risavaxin svikamylla sem er að drepa allt líf á jörðinni.

Fólk sem er duglegt að veifa kreditkortum ætti að hafa í huga að með því er það að gera efnislega peninga óþarfa. Á öllum Norðurlöndunum er stefnt á að hagkerfi framtíðarinnar verði myntlaust. Þegar þetta verður að veruleika þá er fólk komið algjörlega á vald bankanna. Bankar geta til dæmis gert peninga fólks upptæka til að bjarga sér frá gjaldþroti og/eða komið á neikvæðum vöxtum. Bankarnir fá þá greitt fyrir að geyma peninga almennings. Ekki getum við í myntlausu hagkerfi geymt peningana okkar undir koddanum þar sem þeir ættu með réttu að vera.

Það hefur oft verið talað um það að ef allur almenningur vaknaði til vitundar um það hvernig peningakerfið raunverulega virkaði þá yrði gerð bylting. Mikið væri nú gott að fá þessa byltingu.

# FRÁBÆRT ÚRVAL AF ÆVINTÝRALEGUM FERMINGARGJÖFUM



**Fermingartilboð á vönduðum Aleutian svefnpokum frá The North Face**

Þyngd: 1,8 kg
Mesta kuldaþol: - 24°C
Þolmörk: -7°C
Einangrun: Heatseeker, léttur, hlýr og mjúkur, lítil fyrirferð.

Verð: 15.990 kr.
(áður: 19.990 kr.)



---

**Mikið úrval af margverðlaunuðu Deuter bakpokunum**

Futura. Vandað og þægilegt burðarkerfi „Aircomfort“. Ýmsar stærðir og litir.

Verð frá 19.990 kr. (22 lítra)



---

**Stórgott úrval af vinsælu Polar æfingaúrunum**

Frábær úr fyrir útivistina, hlaupin, ræktina og alls kyns sport.



## GEFÐU KORT AÐ ÆVINTÝRUM

Gjafakort Útilífs er tilvalin gjöf handa fermingarbarninu og ávísun á ævintýri.




**ÚTILÍF**
*síðan 1974*

KRINGLUNNI | SMÁRALIND | utilif.is


KRÓNAN
Krónan mælir með!
199 kr. kg
Ferskur ananas, Kosta Ríka
Verð áður 259 kr. kg
-25%
Gott verð!
299 kr. pk.
Kanzi epli, 8 stk. í pakka, Þýskaland
Verð áður 399 kr. pk.
159 kr. kg
Jónagold epli, Holland
Tilboðin gilda til 2. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN



**-20%** af öllum Jamie Oliver vörum!

**239** kr. pk.
Tagliatelle Nests, pasta
Verð áður ~~299~~ kr. pk.

**319** kr. stk.
Sólþurrkaðir tómatar
Verð áður ~~399~~ kr. stk.

**279** kr. stk.
Pestó og pastasósur
Verð áður ~~349~~ kr. stk.

**199** kr. pk.
Spaghetti og Fusilli, pasta
Verð áður ~~249~~ kr. pk.

Jamie Oliver
KEEP IT SIMPLE

# KRÓNAN

**Krónan mælir með!**



-25%

# 4499 kr. kg

Ungnautalund, Nýja-Sjáland

**Verð áður ~~5999~~ kr. kg**



ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK

## 100% hamborgara-búðin þín!

90g - 449 kr. pk.

120g - 569 kr. pk.

175g - 849 kr. pk.

★★★

Steikarborgari 120g

20% fita - góður á grillið

569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

# Tilbúið á pönnuna!



# 1649 kr. kg

Miðjarðarhafs-, indversk- og grísk panna með grísakjöti

**Verð áður ~~2199~~ kr. kg**

-25%



# 1799 kr. kg

Frönsk hvítlauks- og ítölsk panna með nautakjöti

**Verð áður ~~2399~~ kr. kg**




Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

# 1299 kr. pk.

2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar

Tilboðin gilda til 2. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

Ódýrt




**1184** kr. pk.

Kjúklingabringur, frosnar, 900 g

Ódýrt




**99** kr. stk.

Gestus maís, 340 g




**299** kr. pk.

First Price rifflaðar franskar 1 kg




**239** kr. stk.

Krónu kokteilsósa 400 ml

Tilboðin gilda til 2. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Um greinina „Fjársjóður á mörkum tveggja heimsmynda“



Einar G. Pétursson
dr. phil., rannsóknarprófessor emeritus

**Ekki var þess getið að þeir Sverrir fengu hjá mér uppskriftir af tveimur ritum Jóns lærða, Samantektum um skilning á Eddu og Tíðfordrífi, sem bæði voru skrifuð fyrir Brynjólf biskup Sveinsson. Þeir treystu sér ekki til að skoða órannsökuð pappírshandrit Snorra Eddu frá 17. öld.**

Í Fréttablaðinu 2. mars síðastliðinn birtist viðtal við Viðar Hreinsson (VH): „Fjársjóður á mörkum tveggja heimsmynda.“ Það birtist í tilefni þess að daginn áður var honum veitt viðurkenning Hagþenkis fyrir bókina: Jón lærði og náttúrur náttúrunnar. Hér verða gerðar nokkrar athugasemdir.

Þar segir VH: „Svo komst ég í rannsóknarverkefni upp úr 1990 sem Sverrir Tómasson stýrði á viðtökum Snorra Eddu og þá náði ég að sökkva mér aðeins betur ofan í kallinn.“

Ekki var þess getið að þeir Sverrir fengu hjá mér uppskriftir af tveimur ritum Jóns lærða, Samantektum um skilning á Eddu og Tíðfordrífi, sem bæði voru skrifuð fyrir Brynjólf biskup Sveinsson. Þeir treystu sér ekki til að skoða órannsökuð pappírshandrit Snorra Eddu frá 17. öld.

Árið 1996 kom út bókin: Guðamjöður og arnarleir undir ritstjórn Sverris Tómassonar, en þar skrifaði VH greinina: „Tvær heimsmyndir á 17. öld. Snorra Edda í túlkun Jóns Guðmundssonar lærða (1574-1658).“

Í greininni er mikil áhersla lögð á að Jón lærði hafi verið óskólagenginn og hugmyndir hans þar af leiðandi frábrugðnar hugmyndum lærðra manna.

Gunnar Karlsson prófessor í heiðursriti Lofts Guttormssonar og Nanna Ólafsdóttir magister í tímaritinu 19. júní 1968 könnuðu stéttaruppruna stúdenta og var niðurstaða beggja að allt að 40 prósent íslenskra stúdenta hafi á seinni öldum verið úr bændastétt. Hérlendis gat ekki verið mikill stéttamunur milli skólagenginna og óskólagenginna.

VH segir um Jón í greininni (s. 124): „Jón var nánast utangarðsmaður í félagslegum og fræðilegum skilningi.“

Þetta stenst ekki því að upp úr 1620 samdi hann Grænlands annál fyrir lærdómsmenn á Hólum og var um sama leyti í sambandi við fræðimenn í Skálholti. Í nýútkominni bók VH er bætt við „nýjum hugmyndum“ um að Jón lærði hafi unnið að fræðistörfum á Hólum og Skálholti. Jón lærði vann ásamt fleirum fyrir fræðamiðstöðvarnar í Skálholti og á Hólum og skrifaði m.a. fyrir Brynjólf Sveinsson biskup fyrrnefnd rit og ævikvæðið Fjölmóð.

### Lýstu yfir mikillli undrun

Árið 1998 kom frá minni hendi í tveimur bindum Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða, þar sem gefnar voru út: Samantektir um skilning á Eddu og skýringar Jóns á Brynhildarljóðum í Völsunga sögu.

Bæði þau rit voru skrifuð fyrir Brynjólf biskup vegna þess að hann ætlaði að skrifa rit um fornan norrænan átrúnað. Fremst í Edduritunum er nokkuð um upphaf mikilvægrar fræðistarfsemi á 17. öld, yfirlit um ævi Jóns lærða og ritstörf.

Þar sem ljóst er, að kenningaar VH standast ekki, var ekki getið rannsókna hans; Jón lærði var ekki einangraður frá lærðum mönnum og hann var ekki fræðilegur utangarðsmaður. Þar sem ritið var doktorsritgerð var það metið af sérfróðum mönnum og andmælin prentuð í 11. bindi Griplu árið 2000.

Mjög margir hafa komið að máli við mig og lýst yfir mikilli undrun yfir því að í umræðum um bók VH skuli bók mín: Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða ekki hafa heyrst nefnd.

Sama er einnig um vandaða bók: Í spor Jóns lærða, sem kom 2013 undir ritstjórn Hjörleifs Guttormssonar.

Eftir að ritdómur Sölva Sveinssonar um bók VH birtist í Morgunblaðinu 12. jan. „Hverju getur einn maður áorkað?“ fannst mér brýn ástæða til að skrifa í Morgunblaðið 17. febr.: „Fáeinar athugasemdir um bók Viðars Hreinssonar, Jón lærði og náttúrur náttúrunnar.“

Í sama blaði birtist 23. febr. svar eftir VH: „14:2. Um athugasemdir við bók um Jón lærða.“ Hér verður aðeins getið dæma um vinnubrögð VH.

**4. liður** er svohljóðandi: „„Ekki verður séð hvaða heimildir VH hafði er hann fullyrti að Jón lærði hafi [*hér voru felld niður orðin „á Skarði“*] komist í skrifaða grasabók Jóns biskups Halldórssonar,“ segir EGP. Í lok efnisgreinar um það atriði vísa ég í Tíðfordríf Jóns, 7v-8r. Þar er óljós klausa um grasabækur, skrifaðar og prentaðar. Sumar sá hann á Skarði þó að *ekki sé það óyggjandi að hann hafi séð þá skrifuðu þar. Það er þó aukaatriði.*“ (Leturbreyting EGP) Hvað segir þetta lesendum?

**5. liður VH.** Um ferðir Jóns lærða til Hóla. Niðurlagsorð VH eru: „Þessi atriði samanlögð benda til þess að Jón hafi komið til Hóla um þetta leyti.“ Þá er spurningin um hvaða leyti, en ýmis ár koma til greina. *Hvers vegna gat Jón lærði ekki um neina ferð til Hóla í Fjölmóði?*

**6. liður VH**. „EGP segir að ótrúlega víða séu undarlegar fullyrðingar og kveðst taka örfá dæmi af mörgum. Þetta er gamalt bragð, að segja að tekin dæmi séu aðeins lítill hluti af heild. Ég set oft fram tilgátur en tek um leið fram að þær þurfi að skoða betur.“

Hér er ein „undarleg fullyrðing“: Á s. 69 segir VH: „Jón virðist hafa talið að bezóar fyndist líka í höfði hrafnsins og kallar hann stundum lífstein.“ Á s. 549 segir VH: „Drepið hefur verið á ... lífsteininn bezóar úr hrafnshöfði“. *Bezoar úr hrafnshöfði er uppáfinning VH.*

Þegar lesandi sér svona miklar villur þar sem hann þekkir til hlýtur hann að verða tortrygginn á annað og vantreysta bókinni: Jón lærði og náttúrur náttúrunnar. Af því sem að ofan er rakið er ljóst að bók VH gæti komið miklu rugli á ról.

# Þjóðarglæpur að nota ríkissjóð sem féþúfu



Vilhelm Jónsson
fjárfestir

Stærsta og umdeildasta verkefni Íslandssögunnar er að nýr Landspítali geti risið sem fyrst á nýjum og betri stað. Mikilvægast er hins vegar að vandað sé vel til verka og ekki látið stjórnast af ábyrgðarleysi, þótt mikið liggi við.

Ríkisstjórn ásamt öðrum stjórnmálaöflum ber siðferðisleg skylda til að huga að þjóðarsátt um byggingu spítalans og staðsetningu hans áður en meiri skaði hlýst af. Ítrekað hefur verið bent á að núverandi staðarval sé óásættanlegt og verði alltof dýr og tímafrek framkvæmd sem verði aldrei kláruð. Stjórnvöld verða að sýna fyrirhyggju vegna breytra forsendna og hagkvæmnissjónarmiða þótt þrýstingur sé mikill, ekki síst af hagsmunaöflum sem svífast einskis til að nota ríkissjóð sem féþúfu, gagnvart staðarvali og hönnun spítalans.

Ríkissjóður hefur takmarkaða burði til að ráðast í byggingu Landspítalans, allra síst á uppgangstímum og ekki er búið að tryggja þjóðarsátt um staðarval. Uppbygging við Hringbraut þarf að endurmeta ásamt áreiðanleikakönnun af óhlutdrægum aðilum sem stjórnast ekki af sérhagsmunagæslu og láta sig engu varða hvað komi samfélaginu best.

Enginn Íslendingur gerir lítið úr því að það þurfi að reisa nýjan spítala sem fyrst. Skilvirkasta og besta leiðin er að endurmeta staðarval, breyttar forsendur og hraða verkinu ásamt áætlunargerð af mönnum sem eru til þess bærir. Eðlilegast er að bjóða verkið út í heild sinni ásamt skipulags- og undirbúningsvinnu á nýjum stað, t.d. við Vífilsstaði eða í austurhluta borgarinnar, þar sem Hring- og Miklabraut munu ekki anna meiri umferð til lengri tíma litið.

### Tugmilljarða kostnaðarauki

Byggingarsvæðið er þröngt og staðsetning erfið ásamt því að standa á klöpp sem mun stórauka kostnað og valda ómældum erfiðleikum og töfum. Jarðvegsframkvæmdir og aðliggjandi aðgengi stofnbrauta, sem þarf að púsla saman á núverandi stað, munu velta á tugmilljarða kostnaðarauka en ef önnur og betri staðsetning yrði fyrir valinu þegar raunverulegt uppgjör kemur í ljós.

Tímafrekar og kostnaðarsamar jarðvegsframkvæmdir þurfa að eiga sér stað með flutningum og breytingum á jarðstrengjum, hita- og vatnslögnum ásamt frárennslis- og stofnæðum sem þarf að stórauka. Milljónir rúmmetra efnisflutninga þurfa að eiga sér stað við þröngar og erfiðar aðstæður. Óbreytt staðarval Landspítalans mun smám saman seinka uppbyggingu og verða breytingum háð með tilheyrandi hávaða, ráðaleysi og skömm þar sem enginn mun axla ábyrgð. Framkvæmdin á eftir að reyna mikið á þolrif sjúklinga og starfsfólks ásamt nágrannabyggð.

Það á ekki að þurfa að eyða milljörðum í atvinnubótavinnu arkitektum og verkfræðistofum til handa og öðrum fræðingum til að finna upp hjólið við að yfirfæra (kópera) hönnun sjúkrahúsbygginga nágrannalanda með ótæpilegum kostnaði. Íslenskir hönnuðir hafa enga kunnáttu til að útfæra hátæknisjúkrahús. Fljótlegasta og hagkvæmasta leiðin er að bjóða út byggingu spítalans í heild með verulegum kvöðum til að stytta byggingartímann. Íslendingar eru óhæfir til að vinna verk af þessari stærðargráðu á vitrænu verði og sýna fyrirhyggju á uppgangstímum.

Við huglægt mat bendir margt til þess að fjármunum sé mokað eftirlitslítið í hönnunar- og verkfræðikostnað ásamt ómarkvissu verklagi. Eðlilegast væri að skoða hvað standi að baki fjármunum sem búið er að setja í verkið og íhugað sé hver líklegur hönnunar- og heildarkostnaður verði en ekki styðjast við óábyrgar og hlutdrægar getgátur.

Þótt búið sé að setja töluverða fjármuni í hönnunar- og annan undirbúningskostnað er ekki komin nein heildræn eða skilvirk áætlun um framhald byggingarinnar. Taka þarf meiri hagsmuni fram yfir minni þó svo að nokkrir milljarðar liggi undir. Stjórnvöld hafa áratugum saman vaðið áfram af fyrirhyggju- og skeytingarleysi gagnvart kostnaðaráætlunum. Óafturkræf mistök munu verða þjóðinni dýr og valda miklum skaða verði haldið áfram að klastra upp skúrbyggingapúsli Landspítalans við Hringbraut. Verkinu mun aldrei ljúka og allir munu sverja af sér ábyrgð.





PÁSKAÞRENNA
ÚR DÖLUNUM
Úrval af mildum og ómótstæðilegum ostum á veisluborðið. Dala-Auður, Dala-Kastali og Dala-Camembert fullkomna veisluna.

# Fólk

FIMMTUDAGUR 30. MARS 2017

## Tíska



Hversdagslegir hlutir koma við sögu í útsaumi Loja Höskuldssonar sem finnst ótrúlega gaman að blanda alls konar rugli saman í klæðaburði sínum.

tíska →10



# Hneykslar vinkonurnar

Lena Magnúsdóttir fylgist vel með tískunni en fer eigin leiðir þegar kemur að fatavali. →2

Velvet buxur og peysa frá Junik, Kringlunni. Úlpan er úr Gyllta kettinum og gulu skórnir úr Rauðakrossbúðinni á Laugaveginum. MYND/STEFÁN



KJÓLAR

Fallegt, fágað og töff

comma,

SMÁRALIND



**Buxurnar eru úr Topshop, síða, svarta blússan er keypt í H&M, hvíta loðpeysan er úr náttfatadeildinni í Primark og rauðu skórnir eru líka úr Primark.** MYND/STEFÁN

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is



Lena hefur alltaf haft mikinn áhuga á straumum og stefnum í tískuheiminum en hún lærði hárgreiðslu og útskrifaðist frá Tækniskólanum fyrir tæpum sex árum. Fljótlega eftir útskrift keppti hún í hárgreiðslu fyrir hönd Íslands í WorldSkills sem er heimsmeistarakeppni iðn- og verkgreina og náði ágætum árangri.

„Mér finnst ekkert eins skemmtilegt og að búa eitthvað til með höndunum, hvort sem það tengist hári, fatahönnun eða teiknun. Hárgreiðslan er mitt aðalstarf en ég var ákveðin í því strax sem lítil stelpa að verða hárgreiðslukona. Undanfarið hef ég líka verið að hanna föt í samstarfi við þrjá aðra. Fatalínan heitir Riptide en auk mín eru það Stefán John Turner, Ásgeir Örn Eyjólfsson og Arnar Þorri Sigþórsson,“ segir Lena, sem vinnur á hársnyrtistofunni Blondie í Mörkinni.

Riptide fatalínan hefur vakið töluverða athygli og þau hafa selt flíkur til Bandaríkjanna og Bretlands og fyrirhugað er að kynna fatalínuna hérlendis innan skamms.

## Vinkonurnar ýmsu vanar

Lena hefur gaman af því að blanda saman alls konar stíl þegar kemur að fatavali. „Það fer eftir því í hvernig skapi ég er, hvernig ég klæði mig. Ég myndi segja að ég hafi minn eigin stíl, ég er óhrædd við að prófa ýmsar samsetningar og hef mjög oft hneykslað vinkonur mínar sem hrista stundum hausinn yfir mér. Þær eru þó orðnar ýmsu vanar.“

Hún segir sinn helsta veikleika þegar kemur að tísku og útliti að hún geti verið dálítið sein að taka sig til. Henni finnst gaman að kaupa föt en heldur þó ekki upp á neitt sérstakt fatamerki. „Ég er ekkert merkjafrík. Ég kaupi það sem mér finnst fallegt og þægilegt, sama hvað það heitir, þannig að það er allur gangur á því hvar ég kaupi fötin mín. Ég hef verið mikið úti í London og verslað aðeins í Primark og H&M eins og hver annar Íslendingur en uppáhaldsbúðirnar mínar eru Corner Shop í Smáralind, en ég elska að fara þangað og fæ hvergi betri þjónustu, Gyllti kötturinn, Bershka og Topshop í London.“

Uppáhaldsflík Lenu er úlpa úr Gyllta kettinum sem er bæði falleg og þægileg og heldur vel á henni hita yfir kaldan veturinn. Lena segist ekki nota aðra fylgihluti dagsdaglega en hringana sína og Marilyn Monroe er efst á listanum yfir tískufyrirmyndirnar.

**Blússan er úr Primark í London, hermannabuxurnar úr Topshop í London, skórnir eru keyptir í Skónum þínum í Smáralind.** MYND/STEFÁN






**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457
**Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429
**Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




# LANCÔME KYNNING

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI

### FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS.

**20%**

**AFSLÁTTUR**

AF **LANCÔME**
Á KYNNINGUNNI



**NÝR LA NUIT TRÉSOR**

L'EAU DE TOILETTE ILMUR

FERSKUR – LÉTTUR – ÁVAXTAKENNDUR - ÓMÓTSTÆÐILEGUR

Lyf & heilsa
Kringlunni











Commes Des Garçons


Christopher Kane


Balenciaga

# Framtíðin kallar

Karl Lagerfeld smíðaði eldflaug og skaut henni á loft á haust- og vetrarsýningu Chanel í Grand Palais í París. Þessi gjörningur endurspeglaði vel hina silfruðu og glitrandi stemningu sem víða mátti finna í haust- og vetrarlínum fjölmargra hönnuða.


Eldflaugin hefst á loft á sýningu Chanel í París í byrjun mánaðarins.


Saint Laurent


Paco Rabanne


BUXNASPRENGJA
BUXUR OG TOPPUR
AÐ EIGIN VALI
Verð áður
32.900 kr
Nú aðeins
19.900 kr
COSMO
Kringlunni












Ása Bríet Brattaberg Ingólfsdóttir klæðskeri stefnir á að ganga bara í sérsaumuðu í árslok. MYND/ANTON BRINK

# Stílhreint og rokkað

Ása Bríet Brattaberg Ingólfsdóttir hefur einsett sér að eiga bara sérsaumaðar flíkur í fataskápnum í lok árs. Hún saumar sjálf og hannar og lærði perlusaum í London.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Ef mig vantar nýja flík korter í djamm sauma ég eitthvað eða bæti einhverju við eldri flík. Markmiðið er að vera bara í sérsaumuðu í lok árs," segir Ása Bríet Brattaberg Ingólfsdóttir, klæðskeri og nemandi í textíldeild Myndlistaskólans í Reykjavík en hún saumar á sig föt fyrir öll tækifæri.

„Ef ég ætti að lýsa eigin stíl væri kannski hægt að segja „stílhreinn rokkari". Ég set mitt tvist á hlutina. Er oftast í svörtu, bara af því það er svo þægilegur litur, en poppa útlitið upp með útsaumi úr perlum eða glingri," segir hún.

„Útsaumur er róandi og þægilegt að grípa í hann á kvöldin. Ég fór á námskeið hjá St. Martins í London í „haute couture" útsaumi en hann er unninn á sérstakan ramma með sérstakri nál, bæði með perlum og með útsaumsþræði. Ég vinn mikið með afstraktform en svo gerði ég sjálfsmynd í perlusaum sem kom skemmtilega út. Ég setti þá mynd á kápuna mína. Mér finnst skemmtileg pæling að gera „selfie" með útsaumi."

Sjálfsmyndin vakti athygli enda fer hárlitur Ásu ekki framhjá neinum.

„Ég er með eldrautt, áberandi hár og sérstaka klippingu. Ég hef mjög gaman af því að klippa mig sjálf en vinkona mín litar á mér hárið. Það fer alltaf mjög skemmtilegt ferli í gang þegar við förum í hárið á mér. Við erum alveg óhræddar við tilraunir," segir Ása hlæjandi og segist í gamni vera að byggja upp ákveðna ímynd fyrir framtíðina í tískubransanum. „Fólk man eftir þessu hári. Ég verð bara eins og Karl Lagerfeld með köttinn.

Ég vissi strax hvað það var sem ég vildi læra. Ég stunda núna nám í textíldeild Myndlistaskólans í Reykjavík en ég útskrifaðist sem klæðskeri frá Tækniskólanum síðasta vor. Mig langaði að byggja upp meiri grunn og kynnast efnum í undirbúningi fyrir fatahönnun. Stefnan er að klára BA úti í Glasgow og fara svo í framhaldsnám í fatahönnun, annaðhvort í London eða París. Ég fór í starfsnám fyrir tveimur sumrum til London, hjá fatahönnuðinum Todd Lynn og er að fara núna til Parísar til fyrirtækis sem sérhæfir sig í textíl. Maður öðlast mikla reynslu í slíku starfsnámi, meira en að vera bara í skólanum."



Ása lærði perlusauminn í St. Martins í London.



Sjálfsmynd unnin með hátískuperlusaumi.

> Ég hef mjög gaman af því að klippa mig sjálf en vinkona mín litar á mér hárið. Það fer alltaf mjög skemmtilegt ferli í gang þegar við förum í hárið á mér. Við erum alveg óhræddar við tilraunir. Ása Bríet Brattaberg



Þennan kjól hannaði Ása og vinkona hennar saumaði.


hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Allt tryllt út af leggings

**Það vakti gríðarlega athygli í Bandaríkjunum þegar tveimur unglingsstúlkum var meinaður aðgangur að flugvél United Airlines á sunnudag af því að þær voru klæddar leggings-buxum. Fræga fólkið gengur um í leggings óáreitt.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Flugvélin var að fara frá Denver til Minneapolis. Stúlkurnar voru stöðvaðar við landganginn en þær voru á frímiða vegna tengsla við flugfélagið. Mjög ákveðnar reglur eru um klæðaburð þeirra sem ferðast á vegum félagsins. Það var annar flugfarþegi, Shannon Watts, sem varð vitni að þessum atburði og tísti um hann á netinu. Hún er þekkt fyrir baráttu sína fyrir hertum vopnalögum í heimalandinu. Í framhaldi skrifa hennar fór Twitter nánast á hliðina. Konum þótti flugfélagið ganga allt of langt í því að stöðva þessar ungu stúlkur. „Hvenær varð flugfélag að einhvers konar tískulöggu?“ spurði ein konan á Twitter. Fréttin um stelpurnar á leggings hefur þar fyrir utan birst í öllum helstu dagblöðum heims.

Leggings hafa verið afar vinsælar undanfarin ár enda finnst mörgum konum þær vera þægilegar. Áður en leggings urðu tískuvara voru þær helst notaðar í æfingasal, sérstaklega í jóga og svo er reyndar enn. En þær eru ekkert nýtt fyrirbæri, segir í tímaritinu Time. „Leggings hafa verið til í aldir,“ segir þar. Þær voru helst notaðar í hagnýtum tilgangi. Til dæmis hafa hestamenn lengi gengið í leggings, það er mjög þröngum buxum. Hægt er að rekja leggings til indíánakvenna því þær fóru gjarnan í eins konar legghlífar til að hlífa fótum fyrir gróðri og sníkjudýrum.



Fyrirsætan Kylie Jenner, hálfsystir Kim Kardashian, á leið í verslun í Los Angeles í stuttum bol og leggings.



Beyoncé hikar ekki við að troða upp í leggings á tónleikum.

Börn klæddust yfirleitt leggings, öðru nafni gammósíum sem margir eldri Íslendingar muna frá því í gamla daga.

Þegar Jane Fonda varð heimsfræg fyrir eróbikkæfingar sínar um 1980 klæddist hún spandexleggings sem urðu gríðarlega vinsælar. Á undanförnum árum hafa leggings orðið venjulegur klæðnaður allra kvenna, hvort sem mjög þröngar buxur sem liggja þétt að líkamanum og eru notaðar daglega eða undir pils, kjóla og síðar peysur.

Kardashian-systurnar hafa verið óhræddar við að ganga um í leggings jafnvel við háhælaða skó. Kim Kardashian hefur sýnt að maður getur klætt sig í leggings þótt vöxturinn sé ítarlegur. Systurnar, Kim og Kylie, systir hennar, eru mjög leiðandi í tísku og eðlilegt að unglingsstúlkur vilji klæðast eins og þær. Súpermódelið Gigi Hadid hefur sést á flugvöllum í leggings og gallabuxnajakka. Leggings þykir nefnilega þægilegur fatnaður í löngu flugi.

Meira að segja Hollywoodstjarnan Audrey Hepburn klæddist mjög þröngum svörtum buxum við svartan rúllukragabol og ballerínuskó sem ung kona.



Ofurfyrirsætan Gigi Hadid í leggings í New York.



Kynning: Garðheimar

# Garðurinn

30. MARS 2017



NORDICPHOTOS/GETTY




Fjárfesting sem steinliggur

- Steinsteypa
- Mynstursteypa
- Graníthellur
- Viðhaldsefni
- Stoðveggjakerfi
- Múrkerfi
- Einingar
- Gólflausnir
- Garðlausnir

YFIR 20 TEGUNDIR AF HELLUM

4 400 400

Hafðu samband í síma og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Smiðjuvegi 870 Vík | Berghólabraut 9 230 Reykjanesbær | Hrísmýri 8 800 Selfoss | Hringhellu 2 221 Hafnarfjörður | Malarhöfða 10 110 Reykjavík | Sími 4 400 400 www.steypustodin.is

# Vorverkin hefjast í garðinum

Frostlaust er nánast í jörðu og óþreyjufullt garðáhugafólk á því spennandi tíma fram undan. Kristinn H. Þorsteinsson fer yfir vorverkin í apríl.



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Gabrelía Sif og Andrea Lind tilbúnar í Vorverkin með afa sínum. MYNDIR/KRISTINN H. ÞORSTEINSSON

Þegar við fáum jörðina svona þíða undan vetri er ýmislegt hægt að gera," segir Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjufélagi Íslands.

### Ráðast á illgresið

„Á flestum stöðum á landinu er snjór farinn eða rétt að fara og lítið frost í jörðu. Fjölærar illgresistegundir eins og húsapuntur, snarrót og skriðsóley eru lausar í jarðveginum núna og hægt að rífa auðveldlega upp. Fífla í grasflötinni er einnig gott að rífa upp núna með fíflajárni. Þá er einnig góður tími til að rífa mosann upp úr grasflötinni og gera það með hrífu eða leigja sér mosatætara. Mosann er best að rífa upp á þurrum dögum og um að gera að setja hann í safnkassann. Illgresið er einnig óhætt að setja í safnkassann þar sem það er ekki fræberandi á þessum tíma árs," útskýrir Kristinn.

### Sá í flötina og klippa

„Grasflötin gisnar með árunum. Þegar búið er að rífa mosann upp opnast svörðurinn og þá er gott að sá í hann grasfræi. Í maí, þegar grasfræið hefur spírað, er borinn áburður á og mikilvægt er að lesa vel leiðbeiningarnar utan á pokunum varðandi magn. Þá er aprílmánuður góður tími til að klippa bæði tré og runna og má klippa alveg þar til laufgun á sér stað.

### Færa til runna og tré

„Af því að frost er komið úr jörðu má byrja að skipta fjölærum plöntum, taka þær upp og færa til. Fljótlega má einnig fara að færa til tré og runna í garðinum. Núna er einnig ágætis tími til gróðursetningar á trjáplöntum og mögulega hægt að nálgast plöntur í garðyrkjuverslunum fljótlega."

### Vorlaukana niður

„Nú hefur forræktun á vorlaukum staðið yfir, úti í glugga eða í gróðurhúsi og tími til kominn að setja þá niður, begóníur, anemónur, dalíur og liljur. Svo blómstra laukarnir frá miðju sumri og fram undir haust. Sáningartími sumarblóma í gróðurhúsum og vermireitum er núna en margar tegundir þurfa fjórar til átta vikur eins og morgunfrú og flauelsblóm. Á öllum fræpökkum eru góðar upplýsingar til að styðjast við sem ætti að fylgja.

### Bylta matjurtagarðinum

„Nú er góður tím til þess að undirbúa kartöflugarðinn í rólegheitum, bylta jarðveginum svo lofti aðeins um hann. Á næstu dögum fer kartöfluútsæðið að koma og þegar fer að líða að páskum má fara að undirbúa spírun. Kartöflurnar geta svo farið niður í maí þegar aðeins hefur þornað í garðinum."



Frost er víðast farið úr jörðu og illgresi farið að bæra á sér. Það sparar mikla vinnu að hreinsa og reyta upp illgresi meðan rótarfesta er lítil.

limtrevirnet.is



Bjóðum vætuna velkomna

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar traustu og fallegu Lindab þakrennur.

LímtréVírnet Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is

HotSpring®
*Every day made better®*



## Opið til
## 10.00 í kvöld

**Ef þú ert að leita að lúxus potti** með fallegu útliti, öflugu nuddi, einstakri orkunýtingu og ef það skiptir máli að potturinn sé **algerlega hljóðlaus**... þá eru pottarnir frá **Hot Spring** að henta þér.
**Hot Spring** er stærsti framleiðandi heitra potta og hefur lagt línuna fyrir það sem koma skal. Í samstarfi við **Designworks**, hönnunarteymi **BMW í Kalíforníu** hafa þeir skapað byltingar-kennt og framúrstefnulegt útlit sem gefur tóninn fyrir framtíðina.
**Sjá nánar á:** www.JonBergsson.is eða www.HotSpring.com.   Verð frá 990.000,-









FREEFLOW SPAS

**Hitaveitupottar & Rafmagnspottar**
**Mesta úrval landsins í heitum pottum...**
**Sýningarsalur með 13 mism. pottum og 4 garðskálum**

Softub®





**FreeFlow hitaveitupottarnir** eru tilbúnir beint á pallinn. Þeir eru steyptir í heilu lagi og því alveg samskeytalausir. Pottarnir eru að fullu einangraðir. Yfirfall og botnventill eru komin í.   Verð 430.000,-

**Softub pottarnir hafa selst vel síðustu 17 ár.**
Kostir þeirra eru ótvíræðir: þeir eru léttir, mjúkir, barnvænir, færanlegir og orkugrannir (1400w & 6amp)
**Sjá nánar á:** www.JonBergsson.is   Verð frá 615.000,-

YouTube
Leitarorð: Garðskáli og garðkúla

**JÓN BERGSSON**
Kletthálsi 15   S: 588 8886   www.JonBergsson.is
Fylgið okkur á facebook



Nardi: viðhaldsfrí húsgögn

# Framlenging á heimilinu

**Gunnar Ágústsson skipulagsfræðingur segir að vel heppnaður garður við fjölbýlishús geti verið framlenging á heimili fólks. Góð grillaðstaða og leiksvæði fyrir börnin hvetur fólk til að nota garðinn.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Hlutverk garða við fjölbýlishús er fyrst og fremst að gefa íbúum kost á að dvelja utandyra til viðbótar við heimili þeirra. Garðurinn er í raun viðbótarrými við heimili og garðar ættu almennt að vera hugsaðir sem slíkir. Í fjölbýli eru þeir sameiginlegt rými allra íbúa til að vera utandyra, hitta hverjir aðra og eiga samskipti. Það veitir líka ákveðið öryggi að þekkja nágrannana. Garðar hafa því félagslegt gildi og það hefur góð lýðheilsuleg áhrif að dvelja utandyra í grænu umhverfi,“ segir Gunnar, en lokaverkefni hans frá Landbúnaðarháskóla Íslands fjallar um lífið í garðinum og hlutverk og stöðu fjölbýlisgarða.

## Skipta garðinum í svæði

Inntur eftir því hvernig best sé að skipuleggja garða við fjölbýlishús segir hann skynsamlegt að skipta þeim í nokkur svæði eða rými. „Rýmismyndun er líka mikilvæg, þ.e. að svæðin hafi ákveðna afmörkun hvert fyrir sig og ákveðið hlutverk. Gott er að hafa almennt dvalarsvæði þar sem íbúar geta setið saman og spjallað eða legið í sólbaði. Þá er mikill kostur að hafa sameiginlega grillaðstöðu og almennt leiksvæði fyrir börn. Það er til mikilla bóta að aðalinngangurinn snúi inn í garðinn því það tryggir ákveðna umferð fólks um garðinn í hinu daglega lífi. Leikur barna í görðum veitir lífi í garðinn og tilbúið leiksvæði ýtir undir að börnin noti það,“ útskýrir Gunnar.

Ákjósanlegt er að leiksvæði sé staðsett á sólríku svæði í skjóli, nálægt dvalarsvæði og helst sjáanlegt út um glugga. Ekki þarf endilega að fjárfesta í dýrum tækjum fyrir börnin, góð brekka þar sem hægt er að renna sér getur skapað góða skemmtun.



Mörg minni rými í garði eru í raun hentugri en einn stór garður, að sögn Gunnars. MYND/GVA

## Blokkir eins og eyjur

Gunnar skoðaði nokkra garða við fjölbýlishús í Reykjavík í tengslum við lokaritgerðina og segir allan gang á því hvernig þeir séu skipulagðir. „Ég fann bæði góð og ekki eins góð dæmi. Í Neðra-Breiðholti eru t.d. mjög góð dæmi um garða sem eru þannig skipulagðir að þeir hafa góða tengingu við húsin og inngangа í þau. Það virkar ekki að hafa garðinn bak við hús án þess að hægt sé að ganga beint út í hann. Íbúar nota slíka garða minna en þá sem hafa gott aðgengi. Síðan eru mörg dæmi um blokkir sem eru eins og hálfgerðar eyjur. Öðrum megin er bílastæði og hinum megin er garður sem er sjaldan notaður,“ segir Gunnar.

Hann bendir á að garðar í kringum fjölbýlishús þurfi ekki endilega að vera stórir til að vera aðlaðandi. „Upplifunin og hlutverk garðsins skiptir meira máli. Að þar sé eitthvað sem laði fólk að því að nota hann. Mörg minni rými í garði eru í raun hentugri en einn stór garður,“ segir Gunnar.



# Brugghús

30. MARS 2017

**Kynningar:** Vífilfell, Ölgerðin og Ölvisholt




NORDICPHOTOS/GETTY



Baldur bruggmeistari, Hilmar og Hreiðar lyfta glösum fyrir framan bruggtanka í Ægisgarði. Þangað geta gestir komið og kynnt sér framleiðsluna. MYND/GVA

# Tilraunabrugghús Víking



Ölið kemur freyðandi úr krananum.

**Ægisgarður nefnist nýtt brugghús Víkings sem opnað hefur verið við Eyjaslóð 5. Áður hafði allur bjór verið bruggaður á Akureyri. Í Ægisgarði verða Víking Craft Selection bjórarnir bruggaðir.**

Upphaflega hugsunin var að búa til hálfgert félagsheimili fyrir Víking brugghús í Reykjavík. „Bruggverksmiðjan okkar er á Akureyri en okkur vantaði stað hér í borginni til að taka á móti fólki. Hlutirnir eru fljótir að breytast og allt í einu var félagsheimilið orðið að brugghúsi. Í Ægisgarði verðum við með nokkurs konar tilraunaeldhús fyrir Víking. Við getum bruggað minni upplög af sérbjórum, sem væru jafnvel í boði í stuttan tíma. Baldur Kárason, bruggmeistarinn okkar, fær að leika sér hér með nýja bjóra. Auk þess verða Víking Craft Selection bjórarnir okkar bruggaðir í Ægisgarði," útskýrir Hilmar.

Þess má geta að hönnunin á Craft Selection bjórunum fékk verðlaun á uppskeruhátíð Félags íslenskra teiknara fyrir bestu umbúðir og sömuleiðis á ÍMARK-hátíðinni. Umbúðirnar hafa vakið mikla athygli bæði hér heima og erlendis.

Eins og flestir vita var sala og framleiðsla á sterkum bjór leyfð á Íslandi 1. mars 1989. Víking brugghús hefur undir forystu Baldurs bruggmeistara, framleitt verðlaunabjóra og átt söluhæsta bjórinn í Vínbúðunum. Víking Gylltur hefur verið margverðlaunaður í gegnum tíðina. Í dag eru framleiddar átján gerðir af Víking.

„Víking á sér langa sögu á Íslandi, eiginlega allt aftur til ársins 1939 og hefur ávallt verið frumkvöðull á markaðnum," segir Hreiðar Þór Jónsson, markaðsstjóri CCEP. „Við höfum fetað ótroðnar slóðir í gegnum tíðina og gerum það enn. Það sýnir nýja Craft línan okkar. Allir bjórarnir í Craft línunni eru að einhverju leyti frumkvöðlar, til dæmis fyrsti íslenski stoutinn, fyrsti lífræni bjórinn og fyrsti rauði IPA bjórinn. „Við erum til dæmis eina brugghúsið sem er með lífræna vottun og allir bjórarnir frá Víking eru vegan. Við viljum halda áfram að þróa þetta brautryðjendastarf okkar og fáum gott tækifæri til þess hér," segir Hreiðar.

„Baldur hefur verið að þróa bjór með íslenskum jurtum sem hafa vakið athygli. Hann hefur prófað sig áfram með reykt bygg, einiber, hvannarót, greninálar og fleira úr íslenskri náttúru. Það gerir bjórinn séríslenskan. Síðan er auðvitað íslenskt vatn meginuppistaðan í bjórnum," segir Hilmar Geirsson, vörumerkjastjóri Víking brugghúss.

Gestir eru velkomnir í Ægisgarð. Þar er hægt að skoða bruggverksmiðjuna og bragða á freyðandi bjórnum. Tekið er á móti hópum og þeir fá fræðslu um starfsemina, að sögn Hilmars

„Rúmt ár er síðan við opnuðum Ægisgarð og höfum tekið á móti mörgum hópum, til dæmis í bjórfræðslu. Einnig erum við með svokallaða Víking-leika en það er uppákoma fyrir alla sanna bjóráhugamenn sem vilja fá aukna þekkingu á bjór, sögu hans og hefð," segir Hilmar. „Við setjum síðan upp skemmtilegan leik sem tengist fróðleiknum um bjórinn," útskýrir Hilmar. „Hægt er að bóka Víking-leik með mat, til dæmis fyrir þá sem eru í óvissuferð eða hópefli. Við getum sett upp kvöldskemmtun fyrir mismunandi hópa."

Hilmar segir að daglega fái Víking brugghús fyrirspurnir frá ferðamönnum eða ferðaskrifstofum þar sem óskað sé eftir því að fá að koma í brugghúsheimsóknir. Fljótlega verður boðið upp á hefðbundnari brugghúsheimsóknir sem eru miðaðar við erlenda ferðamenn til að verða við þessari eftirspurn. „Fólk fær þá að skoða brugghúsið og smakka bjórinn. Vitaskuld verður þetta í boði fyrir Íslendinga líka. Það þarf ekki hópa í bruggheimsóknina," segir Hilmar.

Hægt er að fræðast um Ægisgarð og panta hópferð á heimasíðunni www.aegisgardur.is Staðurinn getur tekur allt upp í 200 manns.




Hönnunin á Craft Selection bjórunum fékk verðlaun á uppskeruhátíð Félags íslenskra teiknara fyrir bestu umbúðir og sömuleiðis á ÍMARK hátíðinni.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Veffang: Visir.is



Hin síðari ár hefur orðið mikil framþróun í bjórgerð hér á landi og sífellt nýjar tegundir spretta fram. MYNDIR/GVA

# Elsta brugghús landsins

**Ölgerðin Egill Skallagrímsson er elsta brugghús landsins en þar hafa menn framleitt bjór frá því að bjórbanninu var aflétt 1. mars 1989. Þann sama dag kom Gull á markað og er hann eini bjórinn á landinu sem hefur verið á markaði óslitið síðan. Bjórmenningin á Íslandi hefur breyst í áranna rás. Fjölbreytnin eykst og árstíðabundnir bjórar sækja sífellt í sig veðrið.**

Bjórmenningin á Íslandi hefur breyst í áranna rás. Fjölbreytnin eykst og árstíðabundnir bjórar sækja sífellt í sig veðrið.

Ölgerðin hefur framleitt Gull óslitið í 28 ár. „Þetta er okkar langstærsti bjór. Þetta er auðvitað stærsti bjórinn á Íslandi,“ segir Höskuldur Sæmundsson, vörumerkjastjóri Ölgerðarinnar.

„Egils Gull er týpískur lager- eða Hellesbjór sem á rætur að rekja til Þýskalands. Hann er léttur, ekki of beiskur og auðdrekkanlegur,“ segir Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari Ölgerðarinnar. Hann segir Gull hafa notið mikilla vinsælda alla tíð og að hann sæki í sig veðrið frekar en hitt.

Hin síðari ár hefur orðið mikil framþróun í bjórgerð hér á landi og sífellt nýjar tegundir spretta fram. „Það má rekja til þess þegar litlu brugghúsin fóru að skjóta upp kollinum fyrir um tíu árum en í kjölfarið má segja að orðið hafi ákveðin bylting á þessum markaði,“ segir Guðmundur. Ölgerðin fylgdi þróuninni eftir með Borg brugghúsi sem var opnað árið 2010. Þar á mikil þróunarvinna sér stað og hafa ýmsir framsæknir bjórar litið dagsins ljós síðan þá.



Guðmundur hefur gegnt starfi bruggmeistara hjá Ölgerðinni í 13 ár.



Ölgerðin bætti við tönkum í fyrra og er von á fjórum til viðbótar í sumar.

Aðspurður segir Guðmundur Ölgerðina framleiða um tólf til þrettán bjórtegundir á hverjum tíma. Borg er að jafnaði með fjórar tegundir til viðbótar ásamt stökum tegundum sem eru aðeins fáanlegar í takmarkaðan tíma. „Má þar nefna Garún Garún sem er sterkasti bjór sem framleiddur hefur verið hér á landi, eða 21 prósent,“ upplýsir Guðmundur.

Ölgerðin hefur líka lagt sitt af mörkum til árstíðabundinna bjóra sem sífellt sækja í sig veðrið. Þá er aðallega átt við sérstaka jóla- og páskabjóra. Guðmundur segir landsmenn hafa tekið þeim afar vel og að alltaf ríki ákveðin eftirvænting og stemning í kringum komu þeirra í verslanir.

Páskagullið, sem hefur verið einn alvinsælasti páskabjór landsins síðustu ár, hefur verið fáanlegt síðan á öskudag og verður fram yfir páska. Þetta er í þriðja skipti sem um er að ræða hveitibjór í þýskum hefeweizenstíl. Guðmundur segir hann í grunninn eins og í fyrra. „Við erum þó aðeins búin að pússa hann til.“

Guðmundur hefur gegnt starfi bruggmeistara hjá Ölgerðinni í þrettán ár. Hann sér til þess að tækjabúnaður og aðföng séu í lagi og að framleiðslan gangi sinn vanagang, ásamt því að hafa umsjón með vöruþróun. „Við erum líka í góðu samstarfi við Borg brugghús og nýtum uppskriftir þaðan.“ Guðmundur segir mikinn metnað lagðan í að koma sífellt fram með nýjungar. „Við erum líka að glíma við það skemmtilega vandamál að stækka ár frá ári. Við þurftum að bæta við okkur tönkum í fyrra og eigum von á fjórum til viðbótar nú í sumar. Túrisminn og fjölgun veitingastaða eiga sinn þátt í því.“



Hermundur Jörgensson mokar hratinu úr kerinu í Ölvisholti.

# Alla leið frá korni til umbúða

## Í Ölvisholti hefur bjórinn verið bruggaður í áratug. Nýlega hóf nýr bruggmeistari störf þar og eru því spennandi tímar fram undan.

Tíu ár eru síðan bruggun bjórs hófst í Ölvisholti en nýir eigendur komu að rekstri brugghússins árið 2015. Í dag er eigendahópurinn að mestu samansettur af bjóráhugafólki sem sá tækifæri í þeirri þeirri miklu grósku sem á sér stað bæði á Íslandi og um allan heim í kraftbjóramenningunni að sögn Berglindar Snæland, framkvæmdastjóra Ölvisholts. „Ölvisholt er eitt fyrsta handverksbrugghús Íslands og hefur skapað sér góðan sess sem slíkur framleiðandi. Í því sáum við mikil tækifæri til að upphefja Ölvisholt og halda áfram með það sem stofnendur höfðu lagt upp með frá byrjun; að framleiða áhugaverða, góða og skemmtilega bjóra.“

Markmiðið með rekstri brugghússins er einfalt að sögn Berglindar, að framleiða góða og skemmtilega bjóra. „Við höfum lært ótrúlega mikið á þessum tíma frá því við keyptum Ölvisholt og sérstaklega merkinguna á bak við orðið handverksbjór. Ferlið sjálft í brugghúsinu er mjög handvirkt, allt frá því að mala kornið og bera það ofan í meskingarkerið yfir í að pakka bjórnum og handlíma límmiðana á allar óskjur. Við fylgjum bjórnum alla leið frá korni til umbúða og leggjum mikla áherslu á gæði vörunnar.“

### Nýtt útlit

Í dag framleiðir Ölvisholt sex tegundir sem eru í sölu allt árið. „Við leggjum upp með breitt úrval bjórstíla og í kortunum er að breikka það enn frekar. Auk föstu bjóranna höfum við framleitt tímabilsbjóra eins og þorrabjór, páskabjór, sumarbjór, októberbjór og jólabjór. Við höfum verið gríðarlega ánægð og þakklát yfir móttökunum sem hafa styrkt okkur í frekari áætlunum.“




Nýi bruggmeistarinn í Ölvisholti heitir Ásta Ósk Hlöðversdóttir. Spennandi tímar eru fram undan hjá brugghúsinu.

Nýr bruggmeistari er mættur í Ölvisholt og er það Ásta Ósk Hlöðversdóttir. Berglind segir góðan bruggmeistara skipta öllu máli. „Nýr bruggmeistari verður að geta bruggað núverandi uppskriftir en aðaláskorunin er þróun nýrra bjóra. Það verða því alltaf breytingar með nýjum bruggmeistara enda er viðkomandi listamaðurinn á bak við bjórana, ekki ósvipað og kokkur á veitingastað. Við teljum okkur ótrúlega heppin að hafa fengið Ástu Ósk í lið með okkur enda hefur hún víðamikla reynslu af bjórgerð, mikla ástríðu og fullt af hugmyndum sem lúta að bæði núverandi bjórum Ölvisholts sem og nýjum bjórum.

> Ferlið sjálft í brugghúsinu er mjög handvirkt, allt frá því að mala kornið og bera það ofan í meskingarkerið yfir í að pakka bjórnum og handlíma límmiðana á allar óskjur
>
> **Berglind Snæland**



Tíu ár eru síðan bruggun hófst í Ölvisholti.

Við erum því ótrúlega spennt fyrir samstarfinu og framtíðinni.“

En það er fleira nýtt í Ölvisholti en nýr bruggmeistari. Útlit bjóranna og vörumerkisins hefur einnig breyst. „Við fengum til samstarfs við okkur hönnuði hjá Margt og merkilegt, ásamt listakonunni Aríönu Katrínu (Arikatkat) og höfum skilgreint vöruna okkar út frá sveitinni og jörðinni sem Ölvisholt stendur á. Við vildum leggja áherslu á að bjórinn er handverksbjór og því er öll hönnun á miðunum handteiknuð, bæði letur og myndir. Við breyttum einnig vörumerkinu okkar til einföldunar.“

### Fleiri gestir

Hvað bjórana sjálfa varðar hafa nýir eigendur haldið tryggð við þá föstu bjóra sem voru í framleiðslu þegar þeir tóku við. Þó hefur Sleipnir – Pale Ale, sem var októberbjórinn okkar í fyrra, bæst við þá flóru nú um áramótin. Við höfum líka lagt áherslu á að nýta tímabilin sem Vínbúðin býður upp á til að gera nýja bjóra.“

Önnur stór breyting á rekstri brugghússins er móttaka innlendra og erlendra ferðamanna og hópa. „Þegar við keyptum fyrirtækið vorum við að kaupa brugghús og fara að brugga bjór. Eftir aðeins nokkrar vikur varð okkur ljóst að Ölvisholt væri ekki bara brugghús, heldur ætti það ekki síður fullt erindi sem ferðaþjónustuaðili.“

Bjórtúrismi hefur aukist mikið um allan heim og mörg dæmi um að fólk skipuleggi ferðalög í kringum brugghúsaheimsóknir. „Við höfum ekki farið varhluta af þessum áhuga og fáum fyrirspurnir um heimsókn í Ölvisholt, bæði frá Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Það gefur okkur gott tækifæri til að kynna okkur og vöruna okkar. Mikil áhersla er nú lögð á mat og matarmenningu á Íslandi og ekki spurning að bjórinn sem framleiddur er úr íslenska vatninu á heima þar og vekur áhuga.“



Nýja batteríslínan frá Stihl er ætluð öllum garðeigendum.






# Ný batteríslína frá Stihl

## Garðheimar hafa fengið til landsins batterísknúin gæðatæki frá Stihl sem ætluð eru öllu garðáhugafólki. Tækin eru umhverfisvænni og mun auðveldari í notkun en sambærileg bensínknúin tól.

Stihl er einn stærsti keðjusagaframleiðandi heims og hefur fyrirtækið hingað til verið þekkt fyrir bensínknúin handverkfæri á borð við hekkklippur, keðjusagir, laufblásara og sláttuorf. Síðastliðin tvö ár höfum við boðið upp á batterísknúin tæki frá Stihl fyrir atvinnumenn í greininni en nú kynnum við nýja batteríslínu sem ætluð er öllum garðeigendum,“ segir Sigurður Gíslason rekstrarstjóri Garðheima.

Stihl er þekkt þýskt gæðamerki sem virt er á alþjóðavísu. Fyrirtækið á sér langa sögu en upphaf þess má rekja allt aftur til þriðja áratugar tuttugustu aldar. „Á Íslandi hefur verið boðið upp á tæki frá Stihl í þrjátíu ár og er afar góð reynsla komin á þau,“ segir Sigurður.

### Algjör bylting

Sigurður segir algjöra byltingu fyrir fólk að geta nú keypt og notað batterísknúin tæki í stað bensínknúinna, eða rafmagnstækja með snúru. „Margir þekkja batteríin úr verkfærum á borð við borvélar og þekkja því þægindin sem þeim fylgja. Þetta er í raun alger bylting fyrir fólk enda þarf það ekki lengur að þola bensínútblástur eða draga á eftir sér rafmagnssnúrur. Batterístækin eru þannig bæði umhverfisvænni, einfaldari og þægilegri í notkun.“

### Góð gæði

Úrval batterísvéla er afar fjölbreytt. Batteríin eru til í nokkrum útgáfum og er bæði verð og gæði breytileg. „Allra ódýrustu tækin eru með innbyggðum batteríum. Síðan er í meginlínunni hægt að fá mismunandi stærðir af batteríum sem ganga á milli allra tækja,“ útskýrir Sigurður en batterí fylgir hverju seldu tæki. „Misjafnt er hvaða batterísstærð fólk velur en það fer eftir því hvaða tæki það er ætlað og hversu mikil notkun verður á því. Í fyrstu umferð reynum við að bjóða samsetningu sem hentar í meðalnotkun,“ segir Sigurður. Hann bendir á að tækjalínan frá Stihl sé mjög stór. „Í sláttuorfum bjóðum við til dæmis fimm misstór tæki, við erum með þrjár gerðir af keðjusögum og fjórar gerðir af hekkklippum, þannig að úrvalið er mikið,“ segir hann glaðlega. „Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, bæði þeir sem þurfa lítið tæki til heimabrúks og upp í atvinnumenn sem þurfa að nota garðtækin allan daginn.“

### Gott verð

Garðheimar hafa boðið upp á batteríslínu frá Stihl fyrir atvinnumenn í tvö ár og hafa tækin mælst mjög vel fyrir. „Menn eru alveg ótrúlega ánægðir með þetta enda afar glaðir að vera lausir við bensínfnykinn,“ segir Sigurður. Atvinnumannalínan hefur ekki verið á færi hvers sem er enda tækin nokkuð dýr. Því grípa eflaust margir tækifærið nú þegar Garðheimar kynna hina nýju batteríslínu fyrir almenning. „Okkur tókst að tryggja þannig verð að við teljum okkur mjög samkeppnishæfa.“

Nýja línan frá Stihl var að detta inn hjá Garðheimum og búið að setja tækin upp í versluninni. „Fólk getur því komið til okkar og kynnt sér tækin næstu daga enda margir í garðhugleiðingum fyrir páskana.“




Sigurður B. Gíslason býður fólk velkomið í verslun Garðheima að kynna sér nýju batterísknúnu garðverkfærin frá Stihl. MYND/GVA

# Litrík verkfæri týnast síður

Garðyrkjustörf eru að margra mati gefandi og tilvalin til að auka við sig útiveru. Fátt er líka fallegra en vel hirtur garður. Það er þó að ýmsu að hyggja við garðstörfin. Hér eru nokkur vel valin ráð héðan og þaðan.

- Plöntur plumma sig best í réttu umhverfi. Það margborgar sig að fá ráðgjöf um hvað hentar þínum aðstæðum.
- Það er gott að gera áætlun út frá líklegum vexti plantna. Best er að kynna sér hversu mikið tilteknar plöntur koma til með að vaxa. Þannig má reikna út hæfilega fjarlægð þegar þeim er stungið niður.
- Það getur verið gott að halda dagbók yfir garðstörfin. Þar er hægt að skrá gróðursetningu, garðslátt, trjáklippingar, hreinsun beða og annað í þeim dúr. Þá getur þú reiknað út hvenær er kominn tími á næstu umferð. Að ári getur þú auðveldlega rifjað upp hvenær þú fórst í tiltekin verk og komist þannig hjá óþarfa grufli.
- Með því að sá og planta ólíkum tegundum hverri í námunda við aðra bætir þú jarðveginn. Víða í garðyrkjubókum og á netinu er að finna ítarlega lista yfir plöntur sem er gott að planta saman. Sumar plöntur sjúga upp tiltekin næringarefni og þá er gott að planta öðrum á móti sem bæta tapið upp. Sumar samsetningar koma líka í veg fyrir að óværa nái sér á strik.
- Ekki láta grænmeti ofþroskast í moldinni. Þá eru líkur á því að ýmis óværa geri vart við sig. Best er að fjarlægja ofþroskað grænmeti um leið og þess verður vart.
- Ofvökvun er verri en of lítil vökvun. Það er með öðrum orðum auðveldara að koma lífi í þurra plöntu en að þurrka upp gegnsósa rætur.



Ef verkfærin eiga það til að týnast í garðinum er ráð að mála þau í skærum lit.

- Prófaðu að bæta handfylli af moltu við moldina þegar þú plantar blóma- eða grænmetisafleggjara. Það gefur aukainnspýtingu.
- Það getur sparað þér ómælt ergelsi með því að velja litrík garðverkfæri sem týnast síður í moldinni. Ef þú átt litlaus eldri verkfæri er ráð að mála handföngin í skærum lit.
- Ef þú vilt losna við að burðast með skítug garðverkfæri inn í geymslu er ráð að koma fyrir litlum póstkassa eða annarri hirslu í garðinum og geyma þau þar. Þannig týnast þau líka síður.
- Til að losna við svartar sorgarrendur undir nöglunum eftir garðstörf er gott að klóra í sápustykki áður en hafist er handa. Neglurnar eru svo skrúbbaðar með naglabursta á eftir og verða samstundis hreinar.


# Vönduð smáhýsi

**NormX framleiðir hér innanlands vinsæl og vönduð smáhýsi sem nýtast við allskonar aðstæður. Verið velkomin í heimsókn til okkar og kynnið ykkur málið.**



**Frá 8-14,9m².**
- Gistihús á tjaldstæðum
- Gestahús við sumarbústaði
- Sumarhús
- Geymsluhús fyrir vélsleðann og fjórhjólið
- Sæluhús
- Skíðakofi
- Bátaskýli
- **Kvenna- og karla salerni á ferðamannastaði**
- Garðhús
- Golfbílahús fyrir tvo bíla
- Miðasöluhús á íþróttavelli og ferðamannastaði



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VEÐUR

## Vantar þig kamínu til að hita upp sumarbústaðinn eða bara til að skapa notalegt umhverfi?



LAGERSALA á kamínum til 15. apríl

Diana 10 KW
Verð aðeins **39.500** m. vsk

Kynntu þér þær kamínur sem við bjóðum uppá á vefnum www.normx.is eða íttu við hjá okkur í Auðbrekku 6.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is




## Skýjakljúfur með lóðréttum garði

Bandaríska arkitektastofan Studio Libeskind hefur verið valin til að hanna 150 metra háan turn sem þakinn er trjám og öðrum plöntum. Turninn, sem ber nafnið Occitanie, á að standa í hjarta viðskiptahverfis Toulouse í Frakklandi.

Studio Libeskind hannaði Occitanie-turninn fyrir fasteignaverktakann Compagnie de Phalsbourg en verkefnið var kynnt á MIPIM fasteignaráðstefnunni í Cannes nýverið.

Turninn verður fyrsti skýjakljúfur hinnar frönsku borgar en áætlað er að hann verði um 40 hæðir. Í honum verða 120 íbúðir, Hilton hótel, rými fyrir verslanir og veitingastaði með víðáttumiklu útsýni yfir borgina. Einnig er gert ráð fyrir 11 þúsund fermetra skrifstofuhúsnæði.

Lögun turnsins verður æði sérstök en snúningur á byggingunni á að minna á vatnsfarveg Canal du Midi sem rennur um borgina.

Turninn mun breyta um ásýnd eftir árstíðum. Bæði breytist gróðurinn auk þess sem silfurlitt yfirborðið breytist eftir birtu og sólargangi.




Vorið gengur í garð
Ert þú í framkvæmdahug?
Kastalasteinn
Áferðarfallegur hleðslusteinn sem býður upp á mikla fjölbreytni. Brotið yfirborð gefur hleðslunni virðuleika.
Arena
Hentar sérstaklega vel á verandir og palla. Hellurnar eru með áferð sem setur skemmtilegan svip á lögnina.
Veranda
Tvinnar saman stílhreinar útlínur og fjölbreytta litamöguleika þar sem hver hella er tilbrigði við sama stef.
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF HELLUM OG GARÐEININGUM
GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001
Þú getur treyst á gæðin og reynslumiklir sölumenn okkar aðstoða með ánægju í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is
BM·VALLÁ
bmvalla.is



Gamlir stólar fá nýtt líf í garðinum.

## Útihúsgögn þurfa umhirðu

Útihúsgögn eru gerð til að standa úti árið um kring. Þó er ágætt regla að hafa þau undir þaki yfir helstu vetrarmánuði. Raðið húsgögnunum þannig upp að vatn renni auðveldlega af þeim ef rignir.

Þegar vorar er gott að þvo húsgögnin með volgu sápuvatni. Ef um tréhúsgögn er að ræða er gott að bera á þau olíu á vorin og haustin. Ekki bera olíu á húsgögnin í sól. Ef gömul málning hefur flagnað þarf að skafa allt slíkt í burtu. Síðan þarf að mála húsgögnin þegar þau eru alveg hrein og þurr.

Vönduð plasthúsgögn þola að vera úti en samt er ágætt að breiða yfir þau yfir vetrartímann. Þvoið húsgögnin að vori. Ef þau eru orðin mött má þrífa þau með bílabóni.

Álhúsgögn þurfa ekki mikla umhirðu utan þrifa. Stundum þarf samt að fara með stálbursta yfir þau og mála svo þau verði eins og ný.

Gamlir tréstólar sem eru farnir að láta á sjá geta fengið alveg nýtt líf með litríkri málningu, til dæmis gulri eða grænni. Síðan er hægt að setja stólana út í garð með blómapottum.



Prýði er að blómum og öðrum gróðri á svölum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gróður í blómapottum

Stórir blómapottar og -kassar eru skemmtileg viðbót við beð í görðum eða til prýði á svölum. Úrvalið af pottum er slíkt að allir ættu að geta fundið einn slíkan að sínum smekk. Leirpottar eru þannig gerðir að jarðvegurinn getur „andað“ í þeim en að sama skapi gufar vökvi hraðar upp í þeim. Því þarf að vökva oftar verði þannig pottur fyrir valinu en hann hentar vel fyrir blóm sem þola að þorna af og til. Þess þarf að gæta að potturinn sé nógu stór fyrir það blóm eða plöntu sem á að setja í hann. Sé plantan há þarf potturinn að vera stór.

Til að plönturnar dafni vel er lykilatriði að nota góðan og næringarríkan jarðveg og muna að vökva reglulega.

Ekki er æskilegt að blanda saman vor- og sumarblómum í sama pottinn. Betra er að byrja á að setja vorblóm í pottinn og skipta þeim svo út fyrir sumarblóm. Á haustin er síðan hægt að setja í hann haustblóm, t.d. lyngplöntur (Erica). Þannig hefur potturinn notagildi stóran hluta ársins.

## Vaxið þrifið af eplum

Ávaxtaræktendur víða um heim hafa þann leiða vana að hylja ávexti sína, sér í lagi epli, með vaxi, til að þau líti betur út. Bragðið verður þó síst betra við þetta fyrir utan hversu ólystugt það er að borða vax.

Ýmsar leiðir eru til að losna við vaxið af eplum.

1. Fyllið fat með köldu vatni og bætið bolla af ediki út í. Látið ávextina ofan í vatnið og látið standa í um tíu mínútur. Við það á bæði skítur og vax að renna af ávöxtunum.
2. Fyllið spreybrúsa með vatni og ediki og spreyið á eplið. Látið standa í fimm mínútur og hreinsið síðan eplið vandlega með vatni.
3. Blandið matskeið af sítrónusafa og matskeið af matarsóda í fjóra lítra af vatni. Dífið hverju epli í vatnið og nuddið með grænmetisbursta. Hreinsið eplið að lokum í volgu vatni og þurrkið með eldhúsbréfi.
4. Enn ein leið er að dýfa epli ofan í sjóðandi vatn í nokkrar sekúndur, þá á vaxið að leysast upp.



Mun girnilegra er að borða epli þegar búið er að ná vaxhúðinni af því.


GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Allt fyrir garðinn á einum stað

þjónustan okkar
Garðsláttur
Trjáklipping
Beðahreinsun
Úðun
Stubbatæting
Þökulagning
Áburðargjöf
Trjáfelling
Stéttahreinsun
Hellulagning
Bílastæðasópun
...o.fl...

hafðu samband
Við erum ávallt til þjónustu reiðubúin og keppumst við að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs.

vönduð vinnubrögð
Við viljum tryggja að allt sé eins og það á að vera og höfum því samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki.

Frá því Garðlist ehf. var stofnað árið 1989, höfum við haft það að leiðarljósi að veita framúrskarandi þjónustu fyrir garðinn á einum stað. Við þökkum þeim þúsundum einstaklinga, húsfélaga og fyrirtækja sem við höfum átt í viðskiptum við undanfarin ár, á sama tíma og við bjóðum nýja viðskiptavini hjartanlega velkomna.

www.gardlist.is 554 1989 gardlist@gardlist.is Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík

2016 Framúrskarandi fyrirtæki


Alvöru græjur fyrir vandláta
Berðu saman verð og gæði
...talaðu svo við okkur
HANIX
Hanix smágröfur
Hanix framleiða smágröfur frá 980 kg og upp í 5,5 tonn. Þær eru hannaðar til að uppfylla kröfur og þarfir jarðvinnu- og byggingarverktaka.
Hanix gæðaframleiðsla í 40 ár
Gæðin í Hanix byggja á þeirri nýsköpun sem lagt var af stað með fyrir 40 árum með fyrstu Hanix smágröfunni með 360° gráðu vökvadrifnum snúningi.
Með Hanix færðu mikið fyrir peninginn
Hanix leggur áherslu á að framleiða gröfur sem uppfylla nútímaleg gildi þar sem þú færð mikið fyrir peninginn. Þetta eru gröfur sem byggðar eru til að endast og vinna það starf sem þú þarft, með öllum nútíma þægindum.
Hanix eru mest seldu smágröfurnar í Bretlandi
- Sterkur undirvagn
- Stillanleg breidd
- Skófla og hraðtengi
- Kubota díselvélar
- Þægilegt stýrishús
- Lipur stjórnbúnaður
Eigum Hanix 2.7 tonn til afgreiðslu strax
Liprar
Öflugar og afkastamiklar
Þægilegar
Mest seldu vagnarnir í Þýskalandi
STEMA
2.7/3.5 tonna bílavagnar
Stærð á palli: 400 x 201
Dekkjastærð: 4 x 10"
Þyngd: 650 kg
Burður: 2050 kg
2,7/3.5 tonna sturtuvagnar
Stærð á palli: 301x153 cm
Dekkjastærð: 4x13"
Þyngd: 650 kg
Burður: 2050 kg
2.7/3.5 tonna tækjavagnar
Stærð á palli: 301x141
Dekkjastærð: 4 x 13"
Þyngd: 725 kg
Burður: 1975 kg
2.7/3.5 tonna flutningavagnar
Stærð á palli: 401x203
Dekkjastærð: 4 x 13"
Þyngd: 466 kg
Burður: 2234 kg
SDMO 10 kw rafstöð
Afköst: 10 kw hámark - 8 kw stöðugt álag
Aflvél: Diesel Kohler 3000 sn/min
Start: 12 volta rafstart
Þyngd: 169 kg
Úttök: 230 volt 10 amper/400 volt/16 amp
Olíuankur: 35 lítrar
SDMO 6.5 kw rafstöð
Afköst: 6,5 kw hámark - 5,2 kw stöðugt álag
Aflvél: Bensín Kohler KD440 3000 sn/min
Start: Hand/spotti
Þyngd: 93 kg
Úttök: 230 volt - 10 amper / 400 volt -16 amper
Olíutankur: 7,3 lítrar
SDMO 4.2 kw rafstöð
Afköst: 4,2 kw hámark - 3,2 kw stöðugt álag
Aflvél: Bensín Kohler CH395 3000 sn/min
Start: Hand/spotti
Þyngd: 60 kg
Úttök: 2 x 230 volt - 10 amper
Olíutankur: 7,3 lítrar
SDMO 3 kw rafstöð
Afköst: 3 kw hámark - 2,4 kw stöðugt álag
Aflvél: Bensín Kohler CH270 3000 sn/min
Start: Hand/spotti
Þyngd: 45 kg
Úttök: 2 x 230 volt - 10 amper
Olíutankur: 4,1 lítrar
SDMO 6 kw einangruð
Afköst: 6 kw hámark/5,2 kw stöðugt álag
Aflvél: Dísel Kohler KD15-3000 sn/min
Start: 12 volta rafstart
Þyngd: 215,5 kg
Úttök: 2 x 230 volt - 10 amper
Olíutankur: 27 lítrar
Daemo fleygar, krabbar og klippur
Daemo er leiðandi í framleiðslu á aukatækjum fyrir vinnutæki Hjá Daemo fer saman nútímatækni, notkun á gæðaefnum og vandað handverk.
DAEMO
STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI
HAGSTÆTT VERÐ
Belle jarðvegsþjöppur
- Áfram og afturábak
- Nútímaleg hönnun
- Kraftmiklar
- Titringsvörn
Belle GROUP
Compair loftpressur
- Auðvelt aðgengi að búnaði
- Lyftikrókur á jafnvægispunkti
- Stjórnborð með skjá
- Sjálfvirk stjórnun á loftflæði miðað við snúningshraða
CompAir
Fagleg þekking, varahlutaþjónusta og viðgerðir um allt land.
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is
ÁSAFL

„Betri" gallabuxur

= þessar má nota í vinnuna



- stretch og háar í mittið

Verð 12.900 kr.

- snið: regular
- stærð: 34 - 52

Litur: blátt, svart, kremhvítt
- 3 síddir: 76 + 83 + 89 cm.

Litur: brúnt
- 2 síddir: 76 + 83 cm.

Litur: dökkrautt, grænt, sandgrátt
- 1 sídd: 83 cm.

Einnig til:
- snið: slim

Litur: svart, kremhvítt, sandgrátt

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516 Kíkið á myndir og verð á Facebook




Jakkinn sem Loji klæðist er úr línunni Upp með sokkana og saumaður af Tönju Levý. Hægt er að panta jakka með eigin nafni. Nudie gallabuxur eru úr 17 í Kringlunni og bolurinn átti pabbi kærustu hans. Bolurinn er nú hans og sá flottasti sem hann hefur átt. MYNDIR/GVA

# Eitraður kokteill

## Hversdagslegir hlutir koma við sögu í útsaumi Loja Höskuldssonar sem finnst ótrúlega gaman að blanda alls konar rugli saman í klæðaburði sínum.


Starri Freyr Jónsson
starri@365.is




Loji Höskuldsson fæst við útsaum og saumar út hversdagslega hluti úr sínu nánasta umhverfi. Hann útskrifaðist úr Listháskóla Íslands árið 2010 og var meðfram námi í alls konar hljómsveitum. „Helsta áhugamál mitt er þó fótbolti. Ég er forfallinn aðdáandi Fram og Aston Villa þannig að síðustu ár hafa verið sérstaklega erfið fyrir mig."

Síðustu helgi tók hann þátt í HönnunarMars en þar sýndu hann og Tanja Levý nýja landsliðsbúninga sem sækja innblástur í íslenskan hversdagsleika. „Þar sem við höfðum bæði bakgrunn í listum og íþróttum lá beinast við að við myndum vinna saman að íþróttalínu. Úr urðu tillögur að nýjum landsliðsbúningum fyrir íþróttir og listgreinar. Innblásturinn er sóttur í íslenskan hversdagsleika eins og storma sem ganga yfir landið og brauðtertur baðaðar í majónesi."

Loji mun opna myndlistarsýningu á kaffihúsinu Reykjavík Roasters 22. apríl auk þess sem hann er að vinna að heimildarmynd um bútasaumsklúbbinn Pjötlurnar frá Vestfjörðum. „Síðan er ég í nýju bandi sem heitir Tilfinningar vina minna og ætli við séum ekki að fara að droppa einhverri lödrandi snilld á netið á næstu dögum."

**Hvernig myndir þú lýsa fatastíl þínum?** Mér finnst ótrúlega gaman að blanda alls konar rugli saman, fötum sem ég finn uppi á háalofti og svo einhverjum geggjuðum „skinny jeans" úr einhverri tískubúð. Það finnst mér oft vera eitraður kokteill.

**Hvenær fékkstu áhuga á tísku?** Í 10. bekk fór allt í einu að skipta mig einhverju máli í hverju ég klæddist. Þá var allt tínt til til að setja fram eitthvert „statement" um hver ég væri og hvert ég ætlaði að fara í lífinu. Munurinn þá og nú er kannski aðallega sá að ég get keypt mér dýrari hluti en þegar ég var 15 ára.

**Hvernig fylgist þú með tískunni?** Ég mundi ekki segja að ég væri sá besti í heiminum að fylgjast með nýjustu straumum. Ætli ég fylgist ekki mest með tískunni þegar ég er niðri í bæ og flottasta lið landsins er að sýna sig þar og sjá aðra. Þar fæ ég minn helsta innblástur. Einnig slysast eitthvað inn í kollinn á mér frá tónlistarmyndböndum.

**Áttu uppáhalds verslanir?** Ég læt mig oft dreyma um að eignast eitthvað úr Kron Kron og svo er alltaf geggjað að kaupa á sig spariföt í Kormáki og Skildi. Einnig er gamli góði Rauði krossinn alltaf tryggur við mig. Annars er það Urban Outfitters í útlöndum og verslanir með notuð föt, ég elska að finna eitthvað þar.

**Hverjir eru uppáhaldshönnuðir þínir?** Ég verð að segja Tanja Levý. Áður en ég fór að vinna með henni fannst mér allt sem hún gerði vera eitthvað sem ég sæi sjálfan mig klæðast. Sigrún Halla Unnarsdóttir gerir líka svo falleg föt, ég held að ég myndi gifta mig í einhverju frá henni! Svo verð ég að viðurkenna að ég veit ekki mikið hvað þessir erlendu hönnuðir heita en þeir eru eflaust margir sem ég ætti að tékka á.

**Áttu uppáhaldsflík?** Mér áskotnaðist gömul Millet-úlpa sem fannst við tiltekt. Vinkona mín, Hrafnhildur Helgadóttir, hringdi strax í mig og spurði hvort ég væri til í að eignast gripinn. Ég var ekki lengi að ákveða mig og núna er þetta hlýjasta úlpa sem ég hef nokkurn tímann átt.

**Bestu og verstu kaup?** Ein bestu kaupin voru svartar Nudie-buxur sem ég keypti í 17 um daginn. Ég stúta gallabuxum á þremur á mánuðum en þessar er hægt að senda í viðgerð ókeypis. Verstu kaupin voru einhverjar gallabuxur sem ég fann í Rauða krossinum. Ég vissi í búðinni að ég myndi ekki passa í þær en ég keypti þær samt. Þegar ég kom heim og ég ætlaði í þær þá passaði ég auðvitað ekkert í þær auk þess sem þær voru bara ekki eitthvað sem ég var að sækjast eftir.



Mamma hans gaf honum Hawaii-skyrtuna og prjónaði sinnepsgulu lopapeysuna. Millet-úlpuna góðu, uppáhaldsflíkina sína, erfði hann frá Akureyri.


LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466






Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# S Ó F A D A G A R










## 10 - 50%
## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM










habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10–18
OG SUN KL. 13–17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

FRÁBÆR **opnunar-tilboð** og fyrstu 20 sem versla fá **veglegan kaupauka** ásamt **20% aukaafslátt** á allt sem verslað er í Zik Zak í **Kringlunni** og á **Glerártorgi!**

**30-60% afsláttur**
af völdum vörum!

# GLÆÆNÝ Zik Zak verslun **opnar 30.mars á Glerártorgi á Akureyri!**

Opnunarhátíð **dagana 30.mars - 3.apríl** - Léttar veitingar og fullt af frábærum tilboðum



Úlpur á **FRÁBÆRU** verði!
**12.990kr**
stærðir 36-56



Skór
**Nú 7.990**
**Áður 11.990kr**
st.36-41

Skór
**Nú 5.990**
**Áður 8.990kr**
st.36-41



**SKOKKUR**
ÁÐUR 4.990
**NÚ 2.990**
st.36-46

**BOLUR**
ÁÐUR 3.990
**NÚ 1.990**
st.42-56

**BOLUR**
ÁÐUR 3.990
**NÚ 1.990**
st.S-XXXL

**LEGGINGS**
ÁÐUR 2.990
**NÚ 1.990**
st.36-56

**BOLUR**
ÁÐUR 1.990
**NÚ 1.390**
st.S-XXXL



Stærðir
36-56
Dagskrá á Akureyri
Stórglæsilegt happdrætti í nýju verslun-inni á Glerártorgi og Sigga Kling spáir og sprellar kl 13-16, ekki missa af þessu BRJÁÁLAÐA partýi!
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
PEYSA ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.42-56
BOLUR ÁÐUR 2.990 NÚ 990 st.36-46
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 4.990 NÚ 3.490 st.42-56
KJÓLL ÁÐUR 8.990 NÚ 4.990 st.42-56
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st.42-56
SKOKKUR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.36-46
BOLUR ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.42-56
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
Tískuhús Zik-Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 599-1314

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




BÍLAMARKAÐURINN



**TOPP EINTAK**
SKI-DOO Sm summit x 154 800r. Árgerð 2013, ekinn 2 Þ.KM,gps. bensinbrusi, takka ofl.Einn eigandi Verð 1.590.000. Rnr.109563. BILAMARKADURINN.IS 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

MB bílar



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2014, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.830.000. Rnr.101576.

**MB Bílar**
**Klettháls 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**4X4 ÞJARKURINN!!!**
'01 TOYOTA HIACE 4WD TURBO LANGUR. EK 320Þ, DÍSEL, BEINSK.... BESTI VINNUBÍLLINN!!! ÁSETT 680 ÞÚS...#471878. S: 580 8900



**HEFÐARFRÚIN!!!**
'04 M.BENZ C230K SPORT. EK 146Þ, BENSÍN, SJÁLFSK....SNYRTIPINNA EINTAK!!! ÁSETT 1.180 ÞÚS...#452671. S: 580 8900



**BUBBI BYGGIR!!!**
'16 TOYOTA HILUX 33" DLX D/C. EK 35Þ, DÍSEL, BEINSK...VEL ÚTBÚINN!!! ÁSETT 5.350 ÞÚS...#480230. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**OH SORENTO MIO!!!**
'16 KIA SORENTO LUX 2,2 200 HÖ. EK 65Þ, DÍSEL, SJÁLFSK....7 MANNA EÐALVAGN!!! ÁSETT 6.080 ÞÚS... #471737. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

## Bílar til sölu



Opel Vectra station sjálfskiptur 2,2 vél bensín ek.186 þús dráttarbeisli góð dekk. Toppbíll Verð aðeins 430 þús s. 8927852




## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Bergfinnur ehf. Bílaviðgerðir, sérgrein, bremsuviðgerðir. Sími 892 7852 Sævar.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

**HJÓLBARÐAR TIL SÖLU**
Ónotuð sumardekk 235/60R18 undan Volvo XC60 passa undir fjölda bíla. kr. 30.000 öll 4 stk s. 898 6375

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

# NÝIR
# NISSAN LEAF TEKNA+

**30 KWH RAFHLAÐA MEÐ 250 KM DRÆGNI**

EVRÓPUBÍLAR Í ÁBYRGÐ

**BÍLAR MEÐ ÖLLUM HUGSANLEGUM AUKABÚNAÐI ÞAR Á MEÐAL:**

- 360 gráðu myndavélakerfi
- Bose hljóðkerfi
- Sólarsella
- Leðursæti
- ... og öll önnur hugsanleg þægindi



**VERÐ KR. 3.880 ÞÚSUND**

KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ - BÍLAR Á STAÐNUM

**90% lánamöguleikar**

**586 1414**
stora@stora · www.stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

## Bókhald

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka og rekstraraðila.
Góð og traust þjónusta.
Vönduð vinna.
FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19.
Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**NOON 16 ÁRA**
30% - 70% afsláttur af öllum vörum. Föt, Töskur, Skart Opið 10-20 virka daga 12-16 laugardaga Noon tískuhús Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 erum á facebook

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Heilsa

## Nudd



Thai- nuddstofan hjá Joom bíður Thailenskt heilsunudd Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**ÍBÚÐ TIL LEIGU Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR**
3ja herb. 75 fm íbúð í nýlegu fjölbýlishúsi. Stæði í lokaðri bílgeymslu fylgir. Lyfta. Svalir. Verð 230.000 kr. á mán. Laus 1. apríl. Uppl. í síma 862 2004.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ Í BREIÐHOLTI**
Starfskraftur óskast í bakarí virka daga 13-18:30 og aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára. Þarf að geta hafið störf 1. mai.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**AÐSTOÐAMAÐUR BAKARA ÓSKAST**
Óskast í bakarí í Breiðholti íslensku kunnátta skilyrði
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**UPPSLÁTTASMIÐIR - SMIÐIR**
Erum með klára uppsláttasmiði og smiði sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**KRANAMENN - TÆKJAMENN**
Erum með klára kranamenn og tækjamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**VERKAMENN**
Erum með klára verkamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BAKARAR**
Erum með klára bakara sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BIFVÉLAVIRKJAR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**
Erum með klára bifvélavirkja og meiraprófsbílstjóra sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig
Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
**S: 519-6480**
**hreinarlagnir.is**

**vélastilling**
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is
**Alhliða bílaverkstæði**

PROFormance PET PRODUCTS INC. Peace, Love & Proformance
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.
**Hágæða hundamatur**
**Sími: 698-1647**
pro.hundamatur@gmail.com
Við erum á Facebook

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
**GENERAL HJÓLBARÐAR**

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**STARFSMANNAHÚS**



**Framleiðum starfsmannahús, útleiguhús og geymslur.**
**Nánari upplýsingar í síma 899 0913 Fríða eða reisum@simnet.is www.reisum.is**

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist Parketlagnir og viðhald

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Fasteignir

### Snyrtistofa til sölu eða leigu

Vel tækjum búin snyrti - og fótaaðgerðastofa á höfuðborgarsvæðinu í eigin húsnæði til sölu.

Stofan hefur fimm sérútbúin herbergi með samtals sex starfstöðvum ásamt góðri móttöku og anddyri.

Stofan starfar með vel þekktri snyrti-og meðferðarlínu.

Áhugasamir sendið fyrirspurnir á gauik@hotmail.com

**BORGIR**
F A S T E I G N A S A L A

### MÖÐRUFELL 7, RVK




**OPIÐ HÚS FIMMTUDAG 30.03. 2017 KL. 17.30 TIL 18.00**

Borgir s. 588-2030 kynna til sýnis í dag fimmtudag: Þriggja herbergja íbúð á 3ju hæð í góðu fjölbýli austast í Fellunum við Elliðaárdalinn. Frá eldhúskrók er lott útsýni til fjalla frá Esju alla leið suður fyrir Bláfjöll. Íbúðin er björt og góð með fallegum gólfefnum. Vestur svalir.
**Áhugasamir velkomnir milli KL. 17.30 og 18.00 í dag.**
**Nánari upplýsingar veitir Ægir s. 896-8030.**

**Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030**
**Fax 588-2033 • Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

## Tilkynningar

### Kynning á drögum að aðalskipulagsbreytingu vegna Hvalárvirkjunar í Árneshreppi

Unnið er að breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 vegna fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði. Drög að skipulagsbreytingu verða til sýnis í Kaupfélagshúsinu í Norðurfirði þann **6. apríl n.k. á milli kl. 20 – 21** en þar verður spurningum svarað og tekið við ábendingum. Í framhaldinu verða drögin til sýnis í Kaupfélaginu í Norðurfirði á opnunartíma þess, **frá kl. 11 til 15 fram til 18. apríl,** og aðgengileg á heimasíðu hreppsins, www.arneshreppur.is.

Skipulags- og matslýsing fyrir verkefnið var auglýst í desember 2016. Þar er gert ráð fyrir gildandi aðalskipulagi verði breytt og nýtt deiliskipulag unnið fyrir Hvalárvirkjun. Ákveðið hefur verið að fresta meginhluta breytinganna sem kynnt eru í lýsingunni og gera aðeins þær breytingar sem þarf til að hægt verði að ljúka við nauðsynlegar rannsóknir vegna hönnunar virkjunarinnar. Deiliskipulag fyrir sömu þætti verður unnið samhliða gerð aðalskipulagsbreytingarinnar. Að rannsóknum loknum verður lokið við skipulagsgerð fyrir Hvalárvirkjun í samræmi við auglýsta skipulags- og matslýsingu.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að kynna sér drögin og gera athugasemdir við þau. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði, 524 Árneshreppi eða á netfangið arneshreppur@arneshreppur.is eigi síðar en **18. apríl 2017.**

*Oddviti Árneshrepps*

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta


ORKUSALAN OG PEPSI MAX KYNNA MEÐ STOLTI
PÁLL ÓSKAR
— Í HÖLLINNI —
16. SEPTEMBER
LISTRÆNIR STJÓRNENDUR PÁLL ÓSKAR & STELLA RÓSENKRANZ DANSHÖFUNDUR STELLA RÓSENKRANZ HLJÓÐMYND BJARKI HALLBERGSSON & JAKOB REYNIR JAKOBSSON HLJÓÐHÖNNUN FINNUR RAGNARSSON & ÞRÖSTUR ALBERTSSON BÚNINGAERÐ- OG HÖNNUN COCO VIKTORSSON
SVIÐS- OG LEIKMYNDARHÖNNUÐUR ERLING ÞORGRÍMSSON MYNDBANDAHÖNNUN INGI BEKK LJÓSAHÖNNUN K. FREYR VILHJÁLMSSON GRAFÍK VILLI WARÉN & ÓLÖF ERLA MYNDBANDAGERÐ JONATHAN DUFFY FRAMLEIÐSLUSTJÓRI HRANNAR HAFSTEINSSON TÓNLEIKAHALDARI ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON
HLJÓMSVEITIN TROMMUR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN HRAFNKELL ÖRN GUÐJÓNSSON GÍTAR GUÐMUNDUR PÉTURSSON HLJÓÐGERVILL STYRMIR HAUKSSON HLJÓMBORÐ TÓMAS JÓNSSON BASSI VIGNIR RAFN HILMARSSON
DANSARAR ANAIS BARTHE BERGDÍS RÚN BIRKIR ÖRN KARLSSON BJARNI SÆVAR SVEINSSON BJÖRN DAGUR BJARNASON BRYNJAR BJÖRNSSON BRYNJAR DAGUR ALBERTSSON EVA DRÖFN BENJAMÍNSDÓTTIR HELGA SIGRÚN HERMANNSDÓTTIR
HÖSKULDUR ÞÓR JÓNSSON JAVIER VALINO JÓN EYÞÓR GOTTSKÁLKSSON LUIS LUCAS CABAMBE RAKEL KRISTINSDÓTTIR SAADIA AUÐUR DHOUR
MIÐASALA HEFST 6. APRÍL KL.10!
orkusalan
pepsi MAX
MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS/PALLI OG Í SÍMA 551-1380
FORSÖLUR ORKUSÖLUNNAR OG SENU LIVE FARA FRAM 5. APRÍL KL. 10
NÁNAR HÉR: SENA.IS/PALLI
sena LIVE!

## Deildarmeistaratitillinn innan seilingar hjá FH-ingum



**Sóttu dýrmætan sigur til nágrannanna á Ásvöllum** FH-ingum nægir jafntefli í lokaumferðinni til að tryggja sér deildarmeistaratitilinn í Olís-deild karla eftir tveggja marka sigur á Haukum í Hafnarfjarðarslagnum á Ásvöllum í gær. Hér fagna FH-ingar sigrinum í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bíður eftir öllum lykilmönnum

**Íslenska kvennalandsliðið glímir við þó nokkur meiðslavandræði þegar ríflega 100 dagar eru í Evrópumótið. Freyr Alexandersson er ekki að drífa sig að velja EM-hópinn þar sem hann vill lykilmennina inn.**

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, tilkynnti í gær 23 manna leikmannahóp sem mætir Slóvakíu og Hollandi ytra í tveimur vináttuleikjum í byrjun næsta mánaðar.

Í hópinn vantar fjóra fastamenn sem eru meiddir en það eru Dagný Brynjarsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Sandra María Jessen og Dóra María Lárusdóttir. Sú síðastnefnda sleit krossband fyrir nokkrum vikum og á engan möguleika á að ná EM í Hollandi í sumar. Hinar eru líklegri en staðan er ekki góð.

„Ég er auðvitað óánægður með að þurfa að glíma við þetta núna þegar það eru ekki nema rúmlega 100 dagar í Evrópumótið,“ sagði Freyr á fréttamannafundi í gær frekar svekktur með stöðuna á liðinu.

Freyr gat stillt upp nánast sama liði alla undankeppnina þar sem stelpurnar unnu alla leiki nema einn en nú þegar styttist í mótið þarf hann að tækla þessi meiðslavandræði.

„Það hafa aðrir leikmenn komið inn og fengið tækifæri. Ég hef fengið mörg jákvæð svör og er í heildina sáttur við undirbúninginn til þessa fyrir utan þessi meiðsli,“ sagði Freyr.

Hann sagði að Dagný Brynjarsdóttir væri frá fram í apríl og gæti ekki spilað þessa stundina en lengra væri í Hólmfríði og Söndru Maríu.

> Ég er sáttur við undirbúninginn fyrir utan þessi meiðsli.
>
> Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari



### Harpa ekki hætt

Íslenska liðið hefur verið án Hörpu Þorsteinsdóttur, aðalframherja þess, frá því undankeppni EM 2017 lauk. Hún var markahæst í undankeppninni með tíu mörk og algjör lykilmaður í sóknarleiknum. Frá því að hún meiddist eru stelpurnar búnar að spila sjö leiki án þess að framherji sem byrjar leikinn skori mark.

„Já, þetta er rétt hjá þér,“ sagði Freyr þegar þessi tölfræði var borin undir hann á fundinum í gær. „Ég get alveg viðurkennt það að ég hef ekki verið ánægður með öll þau svör sem ég hef fengið frá þeim leikmönnum sem hafa fengið tækifærið í fjarveru Hörpu en ég er ekki búinn að gefast upp á þeim.“

Harpa tók sér frí vegna barnsburðar en hennar annað barn kom í heiminn fyrir tveimur vikum.

„Ég fundaði með Hörpu fyrir viku. Það var í fyrsta sinn sem við ræddum málin eftir barnsburðinn. Ég þurfti fyrst og fremst að fá svar við því hvort hún ætlar að halda áfram í fótbolta og svarið við því var jákvætt. Tíminn leiðir svo í ljós hvort hún verði komin í nægilega gott stand til að spila fyrir landsliðið,“ sagði Freyr.

### Bíður eftir þeim bestu

Mark Sampson, kollegi Freys hjá enska landsliðinu, tilkynnir lokahópinn fyrir EM á mánudaginn en það ætlar Freyr svo sannarlega ekki að gera alveg strax. Hann veit hver sterkasti hópur hans er en getur ekki tekið ákvörðun vegna meiðslanna.

„Ég mun bíða eftir lykilmönnum eins lengi og ég get. Það er alveg ljóst að ég þarf að bíða. Það vita allir hvaða leikmenn þetta eru og þetta eru leikmenn sem skipta máli,“ sagði Freyr en benti á stöðu karlalandsliðsins á EM í fyrra.

„Við skulum ekki gleyma því að Aron Einar og Kolbeinn komu haltrandi inn á EM en þeir skiluðu góðri frammistöðu. Ég lærði af undirbúningi karlaliðsins að tilkynna hópinn ekki of fljótt. Ég mun bíða eins lengi og ég get með lokahópinn til að sjá hvort okkar sterkustu póstar komi til baka.“ tomas@365.is






## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**
***Undanúrslit leikur 1***

**Keflavík - Skallagrím. 68-70**
**Stigahæstar:** Emelía Ósk Gunnarsdóttir 19, Thelma Dís Ágústsdóttir 13, Birna Valgerður Benónýsdóttir 11, Ariana Moorer 8/6 frák./9 stoðs., Erna Hákonardóttir 6 - Tavelyn Tillman 33, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 12/11 frák., Kristrún Sigurjónsdóttir 9, Ragnheiður Benónísdóttir 8/10 frák.
**1-0** fyrir Skallagrími. **Næsti leikur** er í Borgarnesi á sunnudaginn.

### SARA BJÖRK SITUR ENN EITT ÁRIÐ EFTIR MEÐ SÁRT ENNIÐ

Í fimmta sinn á sex árum varð Sara Björk Gunnarsdóttir að sætta sig við að detta út úr átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar, nú með félögum sínum í þýska liðinu Wolfsburg. Wolfsburg vann 1-0 sigur á Evrópumeisturum Lyon í Frakklandi í gær en það dugði ekki því franska liðið vann fyrri leikinn 2-0 í Þýskalandi. Wolfsburg hafði komist í undanúrslitin fjögur ár í röð en Sara Björk komst aldrei í undanúrslitin með sænska liðinu Rosengård.



## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Haukar - FH 28-30**
**Markahæstir:** Ivan Ivokovic 10, Hákon Daði Styrmisson 4, Daníel Þór Ingason 4, Jón Þorbjörn Jóhannsson 3, Tjörvi Þorgeirsson 3, Guðmundur Árni Ólafsson 2/1 - Ásbjörn Friðriksson 9/1, Ágúst Birgisson 6, Einar Rafn Eiðsson 6/2.

**ÍBV - Akureyri 22-22**
**Markahæstir:** Theodór Sigurbjörnsson 7/2, Sigurbergur Sveinsson 5, Róbert Aron Hostert 4 - Andri Snær Stefánsson 6/2, Kristján Orri Jóhannsson 4, Mindaugas Dumcius 4, Brynjar Hólm Grétarsson 4.

**Fram - Afturelding 32-32**
**Markahæstir:** Arnar Birkir Hálfdánsson 11, Þorgeir Bjarki Davíðsson 9, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 6 - Ernir Hrafn Arnarson 8, Þrándur Gíslason 6, Elvar Ásgeirsson 4, Guðni Már Kristinsson 4.

**Selfoss - Valur 29-28**
**Markahæstir:** Teitur Örn Einarsson 8, Hergeir Grímsson 8, Elvar Örn Jónsson 6, Guðni Ingvarsson 4 - Sveinn Aron Sveinsson 7, Atli Karl Bachmann 7, Alexander Örn Júlíuss. 5.

**Grótta - Stjarnan 31-31**
**Markahæstir:** Þráinn Orri Jónsson 8, Elvar Friðriksson 6, Finnur Ingi Stefánsson 5, Júlíus Þórir Stefánsson 5 - Ólafur Gústafsson 6, Starri Friðriksson 5, Ari Magnús Þorgeirsson 5, Garðar Benedikt Sigurjónsson 5.

| **Efri** | | **Neðri** | |
|---|---|---|---|
| FH | 35 | Valur | 23 |
| ÍBV | 34 | Grótta | 22 |
| Haukar | 33 | Fram | 21 |
| Afturelding | 30 | Stjarnan | 20 |
| Selfoss | 24 | Akureyri | 18 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **16.00** | **ANA Inspiration** | Golfstöðin |
| **17.50** | **Valur - ÍA** | Sport 2 |
| **19.00** | **KR - Keflavík** | Sport |
| **20.00** | **Shell Houston Open** | Golfst. |
| **01.00** | **ANA Inspiration** | Golfstöðin |
| **19.15** | **KR - Keflavík** | DHL-höllin |
| **19.30** | **Valur - Hamar** | Valshöllin |







Tilboð gildir til 28. apríl

## MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

# APPLE TV 4 Á **0 KR.**

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.

**Nánar á 365.is eða í síma 1817.**

Tilboðið gildir með völdum sjónvarpspökkum 365 til 28. apríl 2017.

EPLI VALITOR

Í samstarfi við Epli og Valitor




PIPAR\TBWA / SÍA

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 365




**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**




Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

Lodge járnpanna, 26 cm
Verð 8.900 kr.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is | kokka@kokka.is






Pavel Ermolinskij sækir hér að Reggie Dupree í leik KR og Keflavíkur fyrr í vetur. Það má búast við mikilli baráttu í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Allt undir í fyrsta leik

**Undanúrslit Domino's-deildar karla hefjast í kvöld með viðureign meistara KR og Keflavíkur. Stjarnan og Grindavík mætast í hinni rimmunni en hún hefst annað kvöld. Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Þórs Þorlákshöfn, spáir í spilin.**

**KÖRFUBOLTI** Baráttan um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta harðnar með hverri vikunni en í kvöld hefjast undanúrslitin í úrslitakeppni Domino's-deildar karla. Íslands-, bikar- og deildarmeistarar KR ríða á vaðið á heimavelli í kvöld gegn sterku liði Keflavíkur sem hefur bætt sig mikið með hverjum leik eftir áramót. Í hinni rimmunni, sem hefst annað kvöld, eigast við lið Stjörnunnar og Grindavíkur.

Fréttablaðið leitaði til Einars Árna Jóhannssonar, þjálfara Þórs Þorlákshafnar, til að fá álit hans á tveimur undanúrslitaeinvígjunum.

„Fyrsti leikurinn hjá KR og Keflavík mun segja okkur hvernig þessi rimma verður. Ég tel að það sé sá leikur sem Keflavík þarf að vinna til að eiga möguleika í einvíginu," segir Einar Árni. Hann bendir á að síðast þegar Keflavík spilaði í DHL-höllinni hafi liðið verið nálægt því að skella KR-ingum og sé því með sjálfstraustið í lagi.

Keflavík skipti um þjálfara á nýju ári og réð Friðrik Inga Rúnarsson, sem hefur styrkt leik liðsins til muna. Sást það einna helst á því að Keflavík gerði sér lítið fyrir og sló sterkt lið Tindastóls úr leik í 8-liða úrslitum, einmitt eftir að hafa unnið fyrsta leikinn í rimmunni á Sauðárkróki.

### Jón Arnór erfiður

„Ef KR hins vegar klárar þennan leik með sannfærandi sigri þá er það það sem koma skal í seríunni," segir Einar Árni. „Það verður líka alltaf KR í hag eftir því sem leikirnir verða fleiri. Keflavík er mun viðkvæmara fyrir meiðslum og villuvandræðum, en KR býr við þann munað að eiga þéttan hóp þar sem vitað er að ákveðinn átta manna hópur mun koma við sögu."

Einar Árni segir að það sé þó ýmislegt sem geti unnið með Keflavík í þessari rimmu, sérstaklega hvað varnarleikinn varðar. „Bakverðirnir eru hávaxnir og Reggie Dupree er mjög duglegur. Þá hafa stóru mennirnir hjá Keflavík skilað miklu í sóknarleik liðsins í vetur, sérstaklega Amin Stevens. Hann ætti að hafa betur gegn samlanda sínum hjá KR en hann þarf að vinna þá baráttu á báðum endum vallarins. Stevens þarf að spila góða vörn og frákasta vel til að Keflavík eigi von."

Hann bendir þó á eins og svo margir aðrir hafa gert að KR hefur enn ekki náð að sýna allar sínar bestu hliðar í vetur. „Jón Arnór Stefánsson er til dæmis ekki búinn að sýna okkur hvað hann getur. Það vita allir hversu erfitt það er að eiga við hann þegar hann fer á flug."

### Hægt að stöðva Stjörnuna

Einar Árni spáir KR-ingum 3-1 sigri gegn Keflavík en á erfiðara með að spá um sigurvegara í hinni rimmu undanúrslitanna.

„Það er auðvelt að spá Stjörnunni, liðinu sem varð í öðru sæti og vann KR tvisvar í vetur, sigri en Stjörnumenn hafa ekki alltaf verið sannfærandi í vetur. Ég reikna með því að þetta verði dúndureinvígi," segir hann.

Hlynur Bæringsson, miðherji Stjörnunnar, er einn besti leikmaður deildarinnar og verður það lykilatriði fyrir Grindavík að stöðva hann. Þá hefur Justin Shouse verið öflugur eftir að hann byrjaði að spila eftir höfuðmeiðsli.

„Grindavík á sterka menn á móti Hlyni í frákastabaráttunni og Lewis Clinch er frábær varnarmaður sem gæti orðið erfiður viðureignar fyrir Shouse. Stjarnan hefur þó mikil gæði, þess vegna til að fara alla leið og verða meistari."

Annar jóker í rimmunni verður framlag Stjörnumannsins Anthony Odunsi, sem hefur gengið upp og ofan í vetur. „Maður veit ekkert hvar maður hefur hann en það er ljóst að þetta mun velta mikið á honum. Odunsi þarf að vera stöðugur í þessum leikjum, þó svo að hann skili ekki endilega 30 stigum í hverju leik. Stjarnan hefur verið í basli þegar Odunsi hefur verið í meðalmennskunni."

Einar Árni spáir því að heimavöllurinn verði mikilvægur í rimmunni. „Ég held að Grindavík taki sína heimaleiki. En ég spyr mig hvort Stjarnan geri það líka. Ég sé fyrir mér hnífjafnan oddaleik í þessari rimmu, þar sem dramatískar lokamínútur munu ráða úrslitum."

Viðureign KR og Keflavíkur hefst klukkan 19.15 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Upphitun hefst með Domino's-körfuboltakvöldi klukkan 19.00.

**eirikur@frettabladid.is**

> Ég held að Grindavík taki sína heimaleiki. En ég spyr mig hvort Stjarnan geri það líka.

Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Þórs Þorlákshöfn



KRÆKTU ÞÉR Í

# Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

Kl. 8-11
**20%**
AFSLÁTTUR
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT APRÍL 2017




Morgunverð veita 20% afslátt af skoðunargjaldi og gilda frá 8-11 virka morgna. Á sama tíma býðst þér að þiggja gæðakaffibolla og frítt WIFI á meðan skoðunin fer fram.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAR SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**

HÓLMASLÓÐ 2
REYKJAVÍK

KLETTAGÖRÐUM 11
REYKJAVÍK

GYLFAFLÖT 19
REYKJAVÍK

GRENSÁSVEGI 7
REYKJAVÍK

STÖÐ LOKAR
HESTHÁLS 6-8
REYKJAVÍK

DALVEGI 22
KÓPAVOGUR

LITLATÚNI 1
GARÐABÆ

DALSHRAUNI 5
HAFNARFJÖRÐUR

Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT



Okkar ástkæra frænka og vinkona,

**Sofía Erla Stefánsdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 22. mars. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 31. mars kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Sofía og Dieter Wendler og aðrir ástvinir.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur**

lögmanns,
Klapparstíg 1 í Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun.

**Helgi H. Sigurðsson eftirlifandi eiginmaður, afkomendur og fjölskyldur þeirra hjóna.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjalti Þórðarson**

fyrrverandi bóndi að Bjarnastöðum í Ölfusi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði þann 21. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju laugardaginn 1. apríl kl. 14.

**Einey Guðríður Þórarinsdóttir**
**Erna Björk Hjaltadóttir** — **Steinarr Þór Þórðarson**
**Gunnar Þór Hjaltason**
**Ásta María Hjaltadóttir**
**Þóra Jóhanna Hjaltadóttir** — **Lúðvík Björgvinsson**
**Hulda Svandís Hjaltadóttir** — **Benedikt Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Borghildur Þórðardóttir**

frá Stöðvarfirði,

lést laugardaginn 18. mars sl. Útför fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 31. mars kl. 15.00.

**Þórður Helgason** — **Svanhildur Kaaber**
**Guðjón Helgason**
**Þóra Helgadóttir** — **Sigurður S. Sighvatsson**
**Sólveig Helgadóttir** — **Óskar K. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðsteinn Vignir Guðjónsson**

frá Tunguhálsi,

sem lést á heimili sínu föstudaginn 17. mars, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 1. apríl klukkan 11. Jarðsett verður í Sauðárkrókskirkjugarði.

**Inga Björk Sigurðardóttir**
**Valborg Inga Guðsteinsdóttir** — **Ólafur Kr. Jóhannsson**
**Heiðrún Edda Guðsteinsdóttir** — **Haraldur Birgisson**
**Guðrún Brynja Guðsteinsdóttir** — **Gylfi Ingimarsson**
**Ásdís Anna Guðsteinsdóttir** — **Magnús Kristjánsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.





**Kennarar á námskeiðinu ásamt nokkrum nemanna sem munu selja prent á föstudaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tilraunir með handgert prent til að teygja formið

**Reykjavik Zine and Print Fair 2017 verður haldið á skemmtistaðnum Húrra í Naustunum á morgun. Þetta er í annað sinn sem markaðurinn er haldinn en á honum eru boðin til sölu tilraunakennd prentverk sem nemar LHÍ ásamt fleirum hafa framleitt.**

Þetta er markaður sem er hluti af námskeiði í Listaháskólanum en er samt opinn öllum sem hafa áhuga á þessu sviði. Þetta er eins og bókamessa nema þetta er allt handgert í fáum eintökum – þetta er frekar eins og bókverkamessa. Þarna er fólk að gera hluti sem maður rekst ekki á hvar sem er – þarna er mikil tilraunastarfsemi í gangi,“ segir Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir sem kennir námskeiðið Myndlýsingar ásamt Sam Rees og standa þau að markaðnum.

„Svona markaðir hafa mikið verið í gangi annars staðar í heiminum – hann Sam Rees, sem er með mér í þessu, er frá Englandi og þar eru svona markaðir mjög vinsælir og algengir – fólk að gera sín eigin litlu tímarit, bækur og prenta út eigin límmiða og vörur.“

Lóa segir að ekki sé beint hægt að ræða um heimagerðar vörur enda flestar fagmannlega gerðar – réttara er að tala um að þær séu gerðar í minna upplagi og með ákveðnu „DIY“ hugarfari þar sem tilraunamennskan ræður för.

„Við héldum þetta á Hlemmi í fyrra og það var mjög skemmtilegt og vel heppnað þannig að við ákváðum að halda þessu sem hluta af áfanganum. Í áfanganum eru nemendur að prófa að gera myndasögur, teikna og gera tilraunir með bækur og pappír og svoleiðis. Þau eru öll búin að vera að gera eigin hluti. Sumir hafa prófað að gera tónlist með verkunum sínum og aðrir ætla að gera til dæmis ætar bækur – þannig að þarna eru alls konar tilraunir í gangi. Þetta snýst í grunninn um að teygja út bókarformið.“

Þátttakendur á markaðnum verða um fjörutíu þannig að það ætti að vera nóg af sniðugum prentvörum þrátt fyrir að þröng gæti orðið á þingi.

„Við ætlum öll að troða okkur inn á skemmtistaðinn Húrra þannig að þetta verður eins og mjög góður miðaldamarkaður með alltof mörgum sölumönnum. Þetta verður þarna frá fjögur til sjö. Barinn verður opinn og bara mikið fjör. Og þarna verður hellingur af prenti og teikningum til sölu.“

**stefanthor@frettabladid.is**

## Hvað er zine/blöðungur?

Zine er stytting á orðinu magazine og er yfirleitt blöð gefin út í litlu upplagi. Þetta sprettur út frá því þegar til að mynda aðdáendur ákveðinna hljómsveita eða kvikmynda gáfu út lítil aðdáendarit um hljómsveitina eða hvað annað sem þeir dáðu.

> Sumir hafa prófað að gera tónlist með verkunum sínum og aðrir ætla að gera til dæmis ætar bækur.



**Kærar þakkir fyrir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og jarðarför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,**

**Þorleifs Dagbjartssonar**

áður til heimilis að Borgargerði [illegible], Stöðvarfirði.

**Soffía Magnúsdóttir**
**Helga Þorleifsdóttir** — **Örnar Ármannsson**
**Íris [illegible] Þorleifsdóttir**
**Björt Þorleifsdóttir**
**Örnar Þorleifsson** — **Dagbjört [illegible]dóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Maggý Valdimarsdóttir**

Laugarnesvegi 89,

lést föstudaginn 17. mars. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 31. mars kl. 13.

**Vilborg Gunnlaugsdóttir** — **Gamalíel Sveinsson**
**Einar Gunnlaugsson** — **Hildigunnur Þorsteinsdóttir**
**Björg Gunnlaugsdóttir** — **Gary Long**
**Sigríður Gunnlaugsdóttir** — **Bruno Nielsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

vísir

1998

# Tímamót í sögu Vísis

## 1999

### Netpóstur




Lesendur völdu ókeypis netfang hjá Vísi. Ekki leið á löngu áður en @visir.is-endingar skiptu þúsundum.

2001

## 2001

### Ást við fyrstu sýn

Fréttablaðið og Vísir hafa verið tengd nær órofa böndum allt frá fyrsta tölublaði.


vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
Nýr heimur á Netinu
www.visir.is

## 2005

### Kaupa og selja

Nú þegar húsnæðismarkaðurinn er á milli tannanna á fólki er skrýtið að hugsa til þess hvernig húsnæðisleitin var fyrir tíma fasteignavefsins.

2006

## 2007

### Kavíar og kampavín

Ákveðið var að poppa upp á Vísi hið alræmda góðærisár 2007. Sama ár hlaut Vísir Íslensku vefverðlaunin.



## 2012

### Sexy Vísir

Vísir hinn sjötti heiðraði okkur með nærveru sinni árið 2012 en hann er sá Vísir sem við þekkjum í dag.

2010



2014

## 2010

### Fjör á Facebook

Í tilefni af fimmtu útgáfu Vísis ákvað Vísir að feta sig áfram á Facebook. Í dag kemur nær fjórðungur lesenda okkar þaðan. Læk á það.



2017

*Þann 1. apríl 2017 er komið að nýjum tímamótum í sögu Vísis. Fylgstu með!*

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Austlæg átt 5-13 m/s í dag, hvassast syðst. Rigning með köflum sunnan til á landinu en úrkomuminna á Norðurlandi. Hiti 2 til 9 stig að deginum.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|
| 6° | 1° | 3° | 4° | 6° | 1° |
| ←4 | ←6 | ↑4 | ↖9 | ←5 | ↑2 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|
| 3° | 1° | 3° | 4° | 5° | -1° |
| →7 | →9 | →8 | ↑3 | ↘9 | →5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | 6 | 4 | 8 | |
| | 4 | | | 1 | 3 | 5 | | 6 |
| | | | | | 7 | 1 | 2 | |
| 4 | 1 | | | 8 | | 9 | | 5 |
| | | 3 | 5 | | | | | |
| 8 | 9 | | 6 | | 1 | | | |
| | 3 | 8 | 1 | | | | 6 | |
| 9 | 2 | | | | | | | |
| | | | | 3 | 8 | 2 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | | | 6 | |
| | | 9 | 2 | 1 | | | | |
| 1 | | 8 | 3 | | 6 | | 5 | 9 |
| 6 | 5 | | | 7 | | | 8 | |
| | | | 9 | | 3 | 4 | | |
| | | 3 | 1 | | | | | |
| | 7 | | | | | | | 2 |
| 2 | | 4 | | | | | 9 | |
| | | 5 | | | 4 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | 5 | 6 | | 9 | | | | 1 |
| | | 1 | | | 4 | | | 7 |
| | | | | 1 | | 7 | 3 | 2 |
| | | 4 | 2 | | | 8 | | |
| | 6 | 3 | | 5 | | | 1 | |
| | | | | | | | 7 | |
| | 1 | | 6 | 8 | | | | |
| | | 2 | | 4 | | 3 | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hamingju
6. kusk
8. flan
9. upphrópun
11. í röð
12. líkum
14. tálknblöð
16. tveir eins
17. skel
18. for
20. gangflötur
21. könnun

**LÓÐRÉTT**
1. kaupbætir
3. óð
4. farseðill
5. suss
7. frjáls
10. sóða
13. kvk nafn
15. djamm
16. skaði
19. kyrrð



**LÁRÉTT:** **2.** gæfu, **6.** ló, **8.** ras, **9.** aha, **11.** rs, **12.** getum, **14.** fanir, **16.** tt, **17.** aða, **18.** aur, **20.** il, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT:** **1.** álag, **3.** ær, **4.** farmiði, **5.** uss, **7.** óheftur, **10.** ata, **13.** una, **15.** rall, **16.** tap, **19.** ró.

## Skák Gunnar Björnsson

Dagur Ragnarsson (Fjölni) átti leik gegn gegn Aman Hambleton (TR) á Íslandsmóti skákfélaga.



**Svartur á leik**
**52. … Ha1! 0-1.** Áskorendaflokkur Íslandsmótsins í skák hefst á laugardaginn. Teflt er í Stúkunni við Kópavogsvöll.
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**Nutribiotic**
Umhverfisvænar snyrtivörur, vegan,
Ph jafnaðar, án glútens, parabena og SLS.
*Öll línan á 25% afslætti.*



**Terranova**
Hágæða bætiefni án allra aukaefna – vegan.
Kíktu á úrvalið í næsta Heilsuhúsi!
*Öll línan á 25% afslætti.*

# VORTILBOÐ Í HEILSUHÚSINU!

TILBOÐIN GILDA 28. MARS–9. APRÍL

**Solaray**
Finndu þinn
sólargeisla
frá Solaray
í Heilsuhúsinu.
*Öll línan á 25% afslætti.*





**Biona**
Hágæða lífrænar
sælkeravörur.
Mikið úrval.
*Öll línan á 20% afslætti.*



**Ecobath magnesíum**
Láttu líða úr
þér í baðinu.
*Öll línan á 30% afslætti.*

**Sonnentor te**
Yndislegt
lífrænt te,
mikið úrval.
*Öll línan á 20% afslætti.*



HEILSUFRÉTTIR ERU KOMNAR ÚT!

NÁÐU ÞÉR Í EINTAK!





SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS



BRITAIN'S GOT TALENT
CATASTROPHE
FALLEG ÍSLENSK HEIMILI
Hið Blómlega Bú
365 tv
APPLE TV 4 Á 0 KR.
með 12 mánaða áskrift að völdum sjónvarpspökkum.
THE ANGRY BIRDS MOVIE
HEIMSÓKN
PRISON BREAK
THE SON
LADDI 7 TUGUR
BROADCHURCH
FYRSTI ÞÁTTUR Í OPINNI DAGSKRÁ KL.19:45
ASÍSKI DRAUMURINN
HEFST Á MORGUN
MARGFALT SKEMMTILEGRI
BÍÓ
Krakkar
MARAÞON NOW
Tónlist
Vild



margfalt skemmtilegri
ÚRVALSEFNI
ALLAN APRÍL
The bedazzling new season.
THE LAST MAN ON EARTH
SUNDAYS SEPT 25 FOX
THE AMERICANS
DC's LEGENDS OF TOMORROW
THE FLASH
Hell's Kitchen
Coraline
PENGUINS
THE MAN FROM U.N.C.L.E.
MELISSA McCARTHY
SPY
JUNE 5
ROBERT DOWNEY JR.
SHERLOCK HOLMES
A GAME OF SHADOWS
Hrúturinn Hreinn
MYNDIN
Lítill hrútur.
Stór borg. Stórbrotið ævintýri.
TARZAN
RISKY DRINKING
HBO
ARE YOU AT RISK?
HUGH'S WAR ON WASTE
BRIGHT LIGHTS
ALLTAF
EITTHVAÐ NÝTT
Á 2 MARAÞON NOW
ÍSSKÁPA STRÍÐ
NIGHTMARE ON EVEREST
MARATHON
Logi
AÐEINS
333 KR.*
Á DAG.
SKEMMTIPAKKINN
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365.is
365

# Ferskir straumar heimsbókmenntanna beint í æð

**Þó enn sé langt til haustsins og Bókmenntahátíðar í Reykjavík er þegar búið að ganga frá gestalistanum fyrir erlendu höfundana sem er einstaklega exótískur í ár samkvæmt Stellu Soffíu Jóhannsdóttur.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er stundum sagt að rithöfundur sé ekki búinn að meika það fyrr en hann hefur komið út á íslensku," segir Stella Soffía Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Bókmenntahátíðarinnar í Reykjavík sem verður haldin dagana 6. til 9. september. Þó enn sé langt til hátíðarinnar er listinn yfir erlenda gesti hátíðarinnar þegar tilbúinn og Stella segir að þessi flökkusaga innan bókmenntaheimsins um mikilvægi þess að koma út á íslensku hjálpi þeim stundum við að fá hingað stór og spennandi nöfn víða að.

„Helsta einkenni hátíðarinnar í ár má kannski segja að sé mikil landfræðileg breidd. Við fáum höfunda og skáld frá öllum heimshornum, meðal annars frá Japan, Indónesíu, Suður-Kóreu og Ísrael svo dæmi séu tekin. Auk þeirra koma höfundar frá löndum sem eru okkur betur kunn en það er samt einhver exótískur blær yfir þessu öllu saman. Við leitum alltaf fanga víða en í raun held ég að þessi breidd skýrist af því að bókmenntir frá þessum fjarlægu löndum eru almennt að gera það gott í heiminum."

Stella segir að vinsældir þessara höfunda fjarlægra landa byggist í raun einfaldlega á sögunum sem þeir eru að segja. „Bæði er þetta spennandi menningarheimur en svo er í þessum verkum mikil sagnagleði sem höfðar alltaf til fólks. Lesendur vilja alvöru sögur – stórar sögur, þessi þrá lesenda er til staðar hvar sem er í heiminum. Heimsmyndin er svo dökk einmitt núna og við viljum fá að lesa eitthvað sem veitir okkur gleði og ánægju en ekki bara áhyggjur."

En hvað skyldi einkum freista Stellu sem lesanda af þessum veglega gestalista? „Ég er mjög spennt að sjá hvernig Eka Kurniawan frá Indónesíu fellur að smekk landsmanna. Honum hefur verið líkt við bæði Murakami og Márquez og hann er einstakur sögumaður. Hann hefur einkum vakið athygli fyrir skáldsögu sína Beauty Is a Wound (innskot: íslenskur titill ekki kominn), sem kom út á frummálinu 2002 en náði ekki flugi á alþjóðlegum markaði fyrr en árið 2012 þegar bókin kom út á ensku. Síðan þá hefur hann komið út á fjölda tungumála og fer víða. Frá okkur mun hann til dæmis fara á ítalska bókmenntahátíð. Sögusvið hans er Indónesía á nýlendutíma Hollendinga og bókin mjög skemmtilega skrifuð í alla staði. Svo verð ég líka að nefna Jonas Hassen Khemiri en nýverið kom út á íslensku eftir hann bókin Allt sem ég man ekki. Hann kom hingað á Bókmenntahátíðina árið 2007, þá sem ungur rithöfundur að stíga sín fyrstu skref. Hann hefur sannarlega blómstrað á síðustu árum og því sérstaklega gaman að fá hann aftur núna þegar hann er orðinn stórt nafn í bókmenntaheiminum. Það er sérstaklega gaman að sjá unga höfunda koma og fylgjast með ferli þeirra í framhaldinu og Khemiri er frábært dæmi um það."

Annar höfundur sem gaman er að segja frá hér er bandaríski sagnfræðingurinn Timothy Snyder. Hann hefur vakið mikla athygli fyrir bækur sínar um sögu Mið- og Austur-Evrópu á 20. öld og gaf síðan út bók núna í lok febrúar sem er eins konar viðbragð við breyttri heimsmynd og kosningu Trumps í embætti Bandaríkjaforseta. Bókin heitir On Tyranny: 20 Lessons to Learn from the 20th Century og lætur ekki mikið yfir sér, hún er lítil og stutt, en hún er stórmerkileg og eiginlega bara skyldulesning nú í byrjun 21. aldarinnar.

**VIÐ VILJUM HVETJA LESHRINGI OG BÓKAKLÚBBA TIL ÞESS AÐ HAFA SAMBAND VIÐ OKKUR EF ÞEIR HEFÐU ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ FÁ TIL SÍN HÖFUND EÐA AÐ HITTA ÞÁ INNAN HÁTÍÐARINNAR.**

Stella segir að mikilvægi hátíðarinnar sé ekki síst fólgið í því að lesendur fái ferska strauma heimsbókmenntanna beint í æð og sjái það sem efst er á baugi í bókmenntaheiminum. „Fyrir bókaþjóð eins og Íslendinga er dýrmætt að eiga slíka hátíð þar sem saman koma bæði erlendir og íslenskir höfundar, hátíð sem er vettvangur umræðu um bókmenntir og skáldskap. Það er líka mikilvægt fyrir íslenska höfunda að mynda tengsl við erlenda kollega sína og gaman að geta boðið upp á slíkt tækifæri hér í Bókmenntaborginni Reykjavík. Hingað hefur ratað mörg stórkanónan og tekið þátt í hátíðinni en ég held að heildarfjöldi höfunda sem tekið hafa þátt í hátíðinni sé eitthvað á fjórða hundraðið."

Auk erlendra höfunda taka íslenskir rithöfundar einnig þátt og verður tilkynnt um þá í sumar. Þá stendur hátíðin einnig fyrir sérstöku prógrammi fyrir erlenda bókaútgefendur og það þykir sérstaklega eftirsóknarvert að komast í það prógramm sem verður sífellt vinsælla. Umsóknir hafa aldrei verið fleiri en nú.

Fyrst og fremst þykir þessi hátíð sérstök fyrir það hversu greiður aðgangur gesta er að höfundunum sjálfum og í raun öfugt. Höfundur kemur kannski og les fyrir nokkur hundruð manns og í framhaldinu er svo möguleiki á spjalli þarna á milli þar sem nándin er mun meiri en á stórum hátíðum úti í heimi. Stemningin hér þykir einstök og aðrar bókmenntahátíðir úti í heimi líta mjög til okkar hvað þetta varðar. Við höfum meira segja dæmi um það að höfundar hafi heimsótt bókaklúbba og leshringi. Við viljum hvetja leshringi og bókaklúbba til þess að hafa samband við okkur ef þeir hefðu áhuga á því að fá til sín höfund eða að hitta þá innan hátíðarinnar. Þetta hefur gerst svolítið af sjálfu sér á síðustu árum og við höfum tekið eftir því hvað höfundunum finnst þetta skemmtilegt þannig að við viljum gjarnan vinna með þetta áfram öllum til gagns og gleði. Það má hafa samband í gegnum Facebook eða tölvupóst á info@bokmenntahatid.is.

Svo kemur alltaf eitthvað óvænt og sniðugt upp í tengslum við hverja hátíð. Það kom okkur skemmtilega á óvart þegar krikketspilandi rithöfundar frá Englandi höfðu samband og vildu endilega fá að taka þátt. Við kynntum okkur málið og úr varð að við munum bjóða upp á þennan göfuga leik á flötinni við Norræna húsið á septembersíðdegi, jafnvel gúrkusamloku og gin og tónik með."



Stella Soffía Jóhannesdóttir framan við Norræna húsið þar sem Bókmenntahátíð í Reykjavík hefur lengi átt sér athvarf.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Erlendir gestir á bókmenntahátíð í Reykjavík 2017

**Aase Berg** (f. 1967) er sænskt ljóðskáld, sem einnig skrifar m.a. esseyjur og bókmenntagagnrýni.

**John Crace** er enskur rithöfundur, blaðamaður og gagnrýnandi sem heldur úti föstum dálki í The Guardian.

**Yaa Gyasi** (f. 1989) er ættuð frá Gana en ólst upp í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir ungan aldur skín stjarna hennar skært um þessar mundir.

**Han Kang** (f. 1970) er suðurkóreskur rithöfundur og ljóðskáld. Hún hlaut alþjóðlegu Booker-verðlaunin fyrir bók sína Grænmetisætuna.

**Hiromi Kawakami** (f. 1958) er einn vinsælasti samtímahöfundur Japans, ljóðskáld, esseyjuhöfundur og bókmenntagagnrýnandi.

**Etgar Keret** (f. 1967) er einn af vinsælustu rithöfundum Ísraels. Þekktur sem afkastamikill og margverðlaunaður smásagnahöfundur.

**Jonas Hassen Khemiri** (f. 1978) er einn mikilvægasti höfundur sinnar kynslóðar í Svíþjóð, þekktur fyrir samfélagslega innsýn, lipurð og dirfsku.

**Tapio Koivukari** (f. 1959) er finnskur rithöfundur sem hefur samið skáldsögur, smásögur, ljóð og leikrit bæði fyrir útvarp og svið.

**Eka Kurniawan** (f. 1975) er einn þekktasti höfundur Indónesíu og var tilnefnd til alþjóðlegu Booker-verðlaunanna í fyrra.

**Maja Lee Langvad** (f. 1980) er danskt ljóðskáld af kóreskum uppruna sem vakti athygli með fyrstu bók sinni Find Holger Danske.

**Christine De Luca** (f. 1947) er eitt helsta ljóðskáld Skota, en er fædd á Hjaltlandseyjum og hefur sent frá sér sex ljóðasöfn, bæði á ensku og móðurmáli sínu, hjaltnesku.

**Anne-Cathrine Riebnitzsky** (f. 1974) er danskur rithöfundur sem var í danska hernum og fór með honum til Afganistan 2007 og hefur sú reynsla orðið henni að yrkisefni.

**Esmeralda Santiago** (f. 1948) er þekktust fyrir endurminningabækur sínar sem m.a. fjalla um þá reynslu að tilheyra tveimur löndum.

**Fredrik Sjöberg** (f. 1958) er sænskur rithöfundur og skordýrafræðingur sem öðlaðist heimsfrægð fyrir bókina Flugnagildran.

**Timothy Snyder** (f. 1969) er prófessor í sagnfræði við Yale-háskóla hefur gefið út sex bækur sem allar hafa verið verðlaunaðar.

**Morten Strøksnes** (f. 1965) er norskur rithöfundur, blaðamaður, ljósmyndari og hugmyndasagnfræðingur sem vakti heimsathygli fyrir Hafbókina.

**The Authors** er krikketlið frá Lundúnum, sem einvörðungu er skipað rithöfundum. Meðal leikmanna eru höfundarnir Sebastian Faulks, William Fiennes og Tom Holland.



# FERMINGAGJAFIR




GOTT VERÐ!

**Íslenskar þjóðsögur**
TILBOÐSVERÐ: 6.699.-
Verð áður: 7.899.-

**Flugvélar í máli og myndum**
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 9.335.-

**Handbók um íslensku**
TILBOÐSVERÐ: 4.599.-
Verð áður: 5.186.-

**Íslenskir málshættir og snjallyrði**
TILBOÐSVERÐ: 2.299.-
Verð áður: 5.999.-



**Þrívíddarlampar**
Verð: 14.999.-




25% vildarafsláttur

**CROSS Star Wars pennar**
VILDARVERÐ: 4.499.-
Verð: 5.999.-



25% vildarafsláttur

**Heyrnartól Super Style**
VILDARVERÐ: 5.249.-
Verð áður: 6.999.-




20% vildarafsláttur

**Kubbaklukkur með dags. og hitamæli**
VILDARVERÐ frá: 5.599.-
Verð áður frá: 6.999.-




**The Hobbit & The Lord of the Rings box set**
VILDARVERÐ FRÁ: 4.899.-
Verð frá: 6.999.-




**Star Wars - Year by Year**
VILDARVERÐ: 6.299
Verð: 8.999

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildar- og tilboðsverða er til og með 02. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.







VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is







# Brotsjór ástarinnar



Björn Hlynur og Nína Dögg eru í aðalhlutverkum. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

LEIKHÚS

**Tímaþjófurinn**

★★★★☆

**Eftir Steinunni Sigurðardóttur**

**Þjóðleikhúsið - Kassinn**

**Leikarar:** Nína Dögg Filippusdóttir, Björn Hlynur Haraldsson, Edda Arnljótsdóttir, Snæfríður Ingvarsdóttir og Oddur Júlíusson
**Leikgerð:** Melkorka Tekla Ólafsdóttir
**Leikstjórn:** Una Þorleifsdóttir
**Sviðshreyfingar:** Sveinbjörg Þórhallsdóttir
**Leikmynd og búningar:** Eva Signý Berger
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Tónlist og hljóðmynd:** Kristinn Gauti Einarsson

Í Vesturbænum býr Alda Ívarsen í virðulegu húsi fyrrverandi landlæknishjónanna, látinna foreldra sinna, og flýtur í gegnum lífið. Hún kenndi þýsku í virtum framhaldsskóla, tælir karlmenn þegar henni hentar og ferðast til útlanda á sumrin. Þessi ljóðræna skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur er fyrir löngu orðin klassík og fær nú endurnýjað líf í Kassanum sem sviðsverk.

Áhorfendum er boðið að dýfa sér ofan í öldurót hugarheims Öldu, eins konar draumkenndan hliðarheim þar sem tíminn er afstæður og raunveruleikinn líka. Eva Signý Berger hannar þessa veröld af mikilli kostgæfni þar sem gráblá flauelstjöld umlykja bert sviðið, glitrandi en sjúskuð ljósakróna lafir baka til og svartur flygill situr í einu horninu. Lýsing Ólafs Ágústs Stefánssonar er snjöll; í fyrstu skær og köld en fylgir hugarástandi Öldu lipurlega og verður að lokum djúpblá. Kristinn Gauti Einarsson nálgast hljóðmyndina á svipuðum nótum þar sem andi Davids Lynch svífur yfir vötnum í bland við tónlist frá 9. áratugnum, en lokalaginu er þó algjörlega ofaukið.

Í þessum þokukennda bláma dvelur Alda, leikin af Nínu Dögg Filippusdóttur. Hlutverkið er gríðarlega krefjandi enda hverfist verkið um örlög og niðurbrot Öldu í kjölfar sambandsslita. Eftir örlítið höktandi byrjun þá vex Nínu Dögg fiskur um hrygg. Hún finnur þessa fínu línu á milli eymdar og bjartsýni þar sem sveiflan á milli ofsagleði og myrkasta þunglyndis er í senn breið og hröð. Innri hrörnun Öldu endurspeglast í líkamsbeitingu Nínu Daggar sem bognar meira og meira eftir því sem líður á sýninguna, þó verða sumir tælingartaktarnir leiðigjarnir.

Björn Hlynur Haraldsson hefur þann einstaka hæfileika að virðast fullkomlega afslappaður á sviði en draga áhorfendur til sín. Anton er í raun ekkert sérlega spennandi maður en Birni Hlyni tekst að gefa þessum borgaralega bókabéusi dýpt. Síðustu ár hefur Edda Arnljótsdóttir sinnt aukahlutverkum í hinum ýmsu sýningum Þjóðleikhússins en stundum gleymist hversu hæf hún er sem leikkona. Hér er hún í hlutverki Ölmu, stóru systur Öldu, og á það til að stela senunni með snörpum tilsvörum og beittum fókus.

Yngri kynslóðin á líka sína fulltrúa í sýningunni og framtíðin er greinilega björt í þeim hópi. Snæfríður Ingvarsdóttir hefur alla burði til þess að skara framúr en þó glitti aðeins í reynsluleysi og taugatrekking í fyrri hluta sýningar. Oddur Júlíusson er fjölhæfasti og kannski frambærilegasti ungi leikari landsins um þessar mundir; hér dansar hann, syngur og er jafnvígur á kómík og drama.

Leikarahópurinn er semsagt gríðarlega sterkur en Una Þorleifsdóttir á hrós skilið fyrir að láta raunsæið fljúga út um gluggann og finna tón í sviðsetningunni sem hentar skáldverki Steinunnar einstaklega vel. Sömuleiðis er vel til fundið að bæta flæðandi sviðshreyfingum Sveinbjargar Þórhallsdóttur við framvinduna. Þær þenja út súrrealíska andrúmsloftið og endurteknar hreyfingar falla vel inn í sýninguna.

En spyrja má af hverju nafn rithöfundarins er á forsíðu leikskrár, eins og svo oft áður, en ekki nafn Melkorku Teklu Ólafsdóttur sem vinnur vel úr upprunalega textanum. Þó verður að segjast að fagurfræðilegur styrkur handritsins orsakast að mestu af gæðum bókarinnar. Umdeilt er hvernig eigi að flokka leikgerðir og líka hversu fyrirferðarmiklar þær eru í íslenskum sviðslistum á kostnað annarra nýrra verka. En ef leikgerðir á að skilgreina sem ný íslensk leikrit, á þá höfundur leikhandritsins ekki að vera skrifaður fyrir texta sýningar frekar en upprunalegur rithöfundur skáldverksins?

Tímaþjófurinn er hnitmiðuð og eftirminnileg sýning um hugarástand brotinnar konu. Una heldur fast utan um framvinduna, vinnur vel með gríðarsterkum leikhópi og finnur frumlegar lausnir á flókinni skáldsögu. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fagurfræðilega sterk sýning.

# Minna er stundum meira




BÆKUR

**Móðurhugur**

★★★☆☆

**Eftir Kára Tulinius**

**Útgefandi:** JPV útgáfa
**Kápa:** Halla Sigga / Forlagið
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja
**Lengd:** 160 bls.

Móðurhugur er önnur skáldsaga Kára Tuliniusar sem einnig hefur verið virkur innan Meðgönguljóða allt frá upphafsárum þess forvitnilega forlags og starfs sem þar er unnið. Það leynir sér heldur ekki í skáldskap Kára að ljóðlistin stendur honum nærri enda yrkisefni sögunnar nánast ljóðrænn heimur lykilpersónanna.

Móðurhugur segir frá Ingu, ungri íslenskri konu sem er búsett í Bandaríkjunum þar sem hún er við háskólanám í trúarbragðafræðum, sambandi hennar við transmanninn Abel sem endurgeldur ekki ást hennar og rithöfundinn Theodóru sem er móðir Ingu. Framsetning þessarar sögu er í senn einkar frumleg og forvitnileg en inngangur sögunnar er orðræða móður Ingu eftir að hún hefur samþykkt að slökkt verði á öndunarvél dóttur hennar – afleiðing ástarsorgarinnar yfir Abel. Í framhaldinu skiptist skáldsagan í þrjá hluta. Í fyrsta lagi vefdagbók Ingu sem hún ritar sjálf. Í öðru lagi sögu Abels sem Inga hefur unnið úr netsamskiptum þeirra á því átta ára tímabili sem leið á meðan þau þekktust einvörðungu í netheimum og samband þeirra var einvörðungu vinasamband. Og loks skrif móðurinnar sem leitast við að skilja líf og dauða dóttur sinnar og jafnvel skrifa hana til lífsins.

Þetta virðist kannski allt vera dáldið flókið en er það í raun og veru ekki. Innan þessa ramma tekst Kári á við ástina, trúna, kynferði, kynvitund, samskipti á internetinu og í veruleikanum, líf og dauða og síðast en ekki síst hin forvitnilegu mörk á milli veruleika og skáldskapar. Allt eru þetta forvitnileg viðfangsefni og allt virðist Kári nálgast af þekkingu en vandinn er kannski að hér er mikið í lagt. Helst til mikið fyrir ekki stærri sögu og því skortir aðeins á að persónurnar nái því að verða ljóslifandi og höfði til samkenndar hjá lesandanum. Hið breytilega sjónarhorn hlutanna þriggja eykur einnig aðeins á hættuna á því að persónurnar nái ekki að verða nægilega skarpar og ljóslifandi.

Kári er ótvírætt efnilegur höfundur og það leynir sér ekki á oft og tíðum lipurlega skrifuðum málsgreinum að hann er vel ritfær. En hann ætlar sér mikið – helst til of mikið. Stíllinn á það til að verða ansi flúraður, setningarnar langar og hlaðnar myndmáli sem hefði vel mátt einfalda og skerpa til hins betra. Hið sama gildir um forvitnilega þekkingu á trúarbragðafræðinni og vísanir því tengdar sem eru á stundum mjög fyrirferðarmiklar innan frásagnarinnar. Þetta er forvitnilegt og getur þjónað sínum tilgangi en ofhleðsla verður frekar leiðigjörn og þreytandi á köflum.

Móðurhugur er þó forvitnilegt verk þar sem margar spennandi hugmyndir eru reifaðar og margt vel gert. Vandinn er það er tekist á við of mikið í þessari atrennu og því missir verkið fókus.
**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Um margt forvitnilegt verk sem ætlar sér þó of mikið innan einnar skáldsögu.


NÝTT
MJÁSAMLEGT
PÁSKAEGG
MEÐ SÚKKULAÐIPERLUM
NÓI SÍRÍUS
TATTÚLÍMMIÐI
FYLGIR
JAFNVEL BETRA
EN LASAGNA!
© Paws. All Rights Reserved.
facebook.com/noisirius







CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli






AUKIN ÞJÓNUSTA
VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

ŠKODA

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu.
Komið, sjáið og sannfærist.

bílson
- VERKSTÆÐIÐ -
Klethálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is



BÍÓ



Dan Stevens þykir standa sig vel í krefjandi hlutverki sem Beast.

# Gullfalleg að utan en nánast laus við töfra að innan

**KVIKMYNDIR**

**Beauty and the Beast**

★★☆☆☆

**Leikstjóri:** Bill Condon
**Framleiðendur:** David Hoberman, Todd Lieberman
**Handrit:** Stephen Chbosky, Evan Spiliotopoulos
**Aðalhlutverk:** Emma Watson, Dan Stevens, Luke Evans, Josh Gad

Flestir sem ekki hafa búið undir grjóti í áraraðir kunna söguna um Fríðu og dýrið. Nú, þökk sé Disney, eru heilu kynslóðirnar sem þekkja ævintýrið í vissu formi þar sem ákveðinn lagalisti, tiltekin umgjörð og formúla fylgir með sterkustu minningum þessarar sögu.

Teiknimyndin Beauty and the Beast frá 1991 er ekki bara eitthvert barn síns tíma sem ákveðnum hópum er annt um, heldur er hún venjulega talin á meðal vandaðri verka fyrirtækisins og það að auki fyrsta teiknimyndin í sögunni til þess að hljóta Óskarstilnefningu í flokki bestu myndar. Ef varan er ekki biluð er lítil ástæða til þess að laga hana.

Seinustu árin hefur Disneyteymið hins vegar skellt í hágír með átakið að tína úr gamla sarpinum og flytja gömlu teiknimyndirnar í leikið form og mun slíkum myndum aðeins fara fjölgandi á næstu árum – því nýir hlutir eru víst ákaflega ofmetnir hjá kvikmyndaverum. Minna snýst þetta orðið um að gera eitthvað nýtt við gamalt og meira að setja nýjan verðmiða á nostalgíuna.

Beauty and the Beast er nánast í sérflokki þarna, þar sem hún er byggð á sígildu teiknimyndinni en er gefið glænýtt líf, með sömu lögum, sama stíl, sömu samræðum og gengur hún nánast alfarið út á það að minna áhorfendur á allt sem þeir elskuðu við upprunalegu myndina. Vissulega eru einhverjar viðbætur en á sköpunarstigi má segja að flest það jákvæða við þessa „aðlögun“ skrifist á hina útgáfuna.




Lögin gömlu eru enn frábær en í handriti þessarar endurgerðar er komið fram við helstu þætti frásagnarinnar eins og efni sem þarf að haka við af tékklista frekar en að það haldi sér á floti á eigin sjarma. Sumar viðbæturnar – eins og glænýr formáli, ný söngnúmer og auka baksögur – virka meira eins og uppfyllingar heldur en kaflar sem styrkja eða dýpka söguna.

Það er sama hversu miklum peningum er kastað í umgjörðina, ef Fríða sjálf getur ekki sungið eða straumarnir á milli aðalleikaranna tveggja eru takmarkaðir er erfitt að komast hjá þeim kjánahrolli sem getur myndast fyrir vikið.

Það skiptir engu hvaða lógík áhorfandinn þarf að taka í sátt, ef aðal sögunnar gengur ekki upp, þá stendur bara tómt skraut eftir, nema nú með tilheyrandi lögum sem auðvelt er að fá á heilann.

Leikaravalið er ekki af verri endanum en ekki veit ég hver fékk þá ranghugmynd að Emma Watson myndi smellpassa í hlutverk Belle. Hún reynir sitt besta til að lifa sig inn í í hlutverkið af miklum eldmóði en flutningur hennar verður oftar en ekki stirður og ósannfærandi. Aldrei tók ég hana í sátt í rullunni og enn síður þegar hún reynir að þenja sig upp á háu nóturnar í þeim lögum sem hún fær.

Dan Stevens er annars stórfínn sem marglaga dýrið og reynir eins og hann getur að hleypa tilfinningum í gegnum heldur truflandi, stafrænt gervi sem mun ábyggilega ekki eldast vel.



**Emma Watson fer með hlutverk Belle í Beauty and the Beast.** NORDICPHOTOS/AFP

Luke Evans og Josh Gad eru líflegir og fyndnir sem taumlausa egógerpið Gaston og aðstoðarmaður hans, LeFou. Það liggur við að sé meira um strauma hjá Gaston og LeFou heldur en hjá Belle og dýrinu. Evans er allavega meistaralega sjálfumglaður á réttan hátt og með fínustu rödd, þó svo að lofsöngurinn um illmennið passi ekki alveg við leikarann þegar notaðir eru sömu textar. Í teiknimyndinni var Gaston byggður eins og fjall, en það er sama hversu flottu formi Evans er í, hann nær ekki alveg að koma til skila tröllvaxna kraftamenninu sem hann á að vera. Annars er lítið út á raddhlutverkin að setja. Emma Thompson og Ian McKellen eru kærkomin í hópinn en Ewan McGregor er úti á túni með hreim franskrar staðalmyndar.

Mögulega gengur þessi endurvinnsla best upp hjá öllum sem eiga sér enga tengingu við teiknimyndina og enn betur ætti hún að virka á þá sjö einstaklinga sem hafa aldrei séð hana. Afraksturinn er eins konar blanda af áhrifalausu glysi og meinlausri afþreyingu sem erfitt er að láta sér leiðast yfir sökum skrautsins. En „meira“ er ekki alltaf ávísun á betra og það er því miður fátt sem tekst að afreka á tveimur tímum í þessari mynd sem ekki var gert þrefalt betur efnislega á tæpum níutíu mínútum í upprunalegu myndinni.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Umgjörðin og tónlistin kemur prýðilega út en Watson er kolvitlaus manneskja í aðalhlutverkið og heildin hverfur langt inn í skugga fyrirmyndar sinnar.


GRILLAÐIR & GÓMSÆTIR
Fjölskyldutilboð
4 grillaðir hamborgarar, stökkar franskar og ískalt 2 L Pepsi.*
3.990 kr.
Kjötsmiðjan
KJÖTVINNSLA
Íslenskar gæðakjötvörur
Netgíró
BAD BOYS
BURGERS & GRILL
pepsi
Hagasmári 9 | Grjótháls 8
*Gildir ekki með tvöföldum borgara.
Máltíð dagsins
Grillaður hamborgari dagsins, stökkar franskar og ískalt 0,5 L Pepsi.*
1.499 kr.
pepsi

ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI

LAUGARÁS BÍÓ

AUKAKRÓNUR 5%

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

| | |
|---|---|
| POWER RANGERS (12) | SÝND KL. 5.30, 8, 10.15 |
| GET OUT (16) | SÝND KL. 8, 10.30 |
| Stóra stökkið (L) | SÝND KL. 5.30 |
| SPLIT (16) | SÝND KL. 10.35 |
| JOHN WICK 2 (16) | SÝND KL. 8 |
| Billi Blikk Bíómyndin (L) | SÝND KL. 5.30 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

Beauty and the Beast
TIME
TOTAL FILM
EMPIRE
Ein besta ævintýramynd allra tíma

DAX SHEPARD MICHAEL PEÑA
CHIPS
Frábær grínmynd, með þeim betri

Tom Hiddleston Samuel L. Jackson John Goodman Brie Larson
CHICAGO TRIBUNE THE PLAYLIST VARIETY HOLLYWOOD REPORTER
KONG SKULL ISLAND

BATMAN

6 VERÐLAUN SIGURVEGARI ÓSKARSVERÐLAUNANNA
LA LA LAND

BOSTON GLOBE NEW YORK TIMES
ROCK DOG
Frábær teiknimynd með íslensku tali.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40 |
| CHIPS VIP | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 6 - 8:50 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D VIP | KL. 5:10 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 8 - 10:40 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 10:30 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 8 - 10:50 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:10 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 10:10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:40 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:10 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 30. MARS

### Tónlist

**Hvað?** Enigma-tilbrigðin
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hörpu
Kanadíski fiðluleikarinn James Ehnes vakti verðskuldaða athygli íslenskra tónleikagesta þegar hann lék einleik með Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto í Hörpu haustið 2014. Þessi fiðlusnillingur hefur hlotið bæði Grammy- og Gramophone-verðlaun, auk þess sem gagnrýnendur um allan heim hafa ausið hann lofi. „Óviðjafnanlegar tónlistargáfur“ sagði gagnrýnandi Times í Lundúnum og líkti honum við sjálfan Paganini hvað leiksnilli snerti. Ehnes mun leika hinn ljóðræna og síðrómantíska konsert bandaríska tónskáldsins Samuels Barber, sem kunnastur er fyrir tónsmíð sína Adagio fyrir strengi.

**Hvað?** Story of Two at Rosenberg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg 25, 101 Reykjavík
Skemmtilegir tónleikar á verða haldnir á Café Rosenberg í kvöld.

**Hvað?** Tímaflakk um söngleikjaheiminn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhúsinu Hofi
Jónína Björt flutti heim á síðasta ári eftir að hafa lokið námi frá söngleikjadeild New York Film Academy. Þar áður lauk Jónína B.Mus.-gráðu frá Listaháskóla Íslands í klassískum söng. Daníel Þorsteinsson lauk framhaldsprófi frá Sweelinck-tónlistarháskólanum í Amsterdam. Þau munu flytja söngleikjatónlist frá 1940 til dagsins í dag og myndar saga og þróun tónlistarinnar rauða þráðinn í efnisskránni. Fjölbreytt efnisskrá, bæði þekkt verk og önnur sem ekki hafa áður heyrst hér á landi, m.a. eftir Rodgers & Hammerstein, Stephen Sondheim, Jason Robert Brown og Söru Bareilles.

**Hvað?** Lefty Hooks & The Right Thingz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon
Skemmtilegir reggítónleikar á Dillon í kvöld.

### Uppákomur

**Hvað?** Bjór&matur – námskeið
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Sæta svíninu, Hafnarstræti 1-3, 101 Reykjavík
Í vetur bjóðum við upp á skemmtilegt námskeið í bjór- og matarpörun á Sæta svíninu. Námskeiðin eru tilvalin fyrir bæði einstaklinga og vina- eða starfsmannahópa. Smakkaðar eru ellefu tegundir af sérvöldum bjór með ellefu mismunandi smáréttum og farið verður yfir galdurinn að para saman bjór og mat. Námskeiðið kostar 5.990 kr. á mann.

**Hvað?** Erlingskvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bókasafni Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Keflavík
Erlingskvöld er haldið til heiðurs fyrrum bæjarlistamanni Keflavíkur, Erlingi Jónssyni. Kvöldið er helgað menningu og í ár koma fram þrír rithöfundar sem fjalla um sín nýjustu verk. Einnig koma fram Söngvaskáld Suðurnesja. Andri Snær Magnason les úr smásagnasafninu Sofðu ást mín sem kom út fyrir síðastliðin jól. Gerður Kristný les úr bókinni Hestvík sem er þriðja skáldsaga hennar fyrir fullorðna og jafnframt hennar nýjasta verk og Jónína Leósdóttir les úr nýjustu glæpasögu sinni, Stúlkan sem enginn saknaði. Söngvaskáld Suðurnesja flytja brot af því besta úr nýjustu tónleikaröð sinni. Söngvari er Elmar Þór Hauksson og á píanó Arnór B. Vilbergsson. Kynnir er Dagný Gísladóttir. Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Hvað er málið með Skam?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Við fáum til okkar aðdáendur og sérfræðinga, stillum upp spennandi pallborði, horfum á vel valdar klippur, ræðum, pælum og skemmtum okkur. Dj Sunna Ben þeytir skífum með lögum úr þáttunum. Umræða fer fram á íslensku. Sýndar verða vel valdar stiklur úr þáttunum ásamt fleiru sem snertir þema kvöldsins sem er Hvað er málið með Skam? Miðaverð 1.100 krónur.

**Hvað?** Opnun Alþjóðlegrar Barnakvikmyndahátíðar í Reykjavík
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Verið velkomin á opnun Alþjóðlegrar barnakvikmyndahátíðar í Reykjavík í dag. Opnunarmynd hátíðarinnar er ofurhetjumyndin Antboy 3, sem er þriðja og síðasta myndin í þessum geysivinsæla þríleik. Myndin hefst kl. 18.00 og hún er talsett á ensku. Aðdáendur Antboy ættu ekki að láta þetta tækifæri fara fram hjá sér! Töframaðurinn Jón Víðis mætir á svæðið fyrir sýningu. Ofurhetjuþema verður á opnuninni svo við hvetjum alla til að mæta í ofurhetjubúningum! Frítt inn og allir velkomnir.

### Fundir

**Hvað?** Ljóða Slamm Borgarbókasafnsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Borgarbókasafnið hefur staðið fyrir Ljóðaslammi frá árinu 2008. Í átta ár var slammið fastur liður


Fyrirlestur og umræður um hina geysivinsælu norsku þætti Skam fara fram í Norræna húsinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Tímaflakk um söngleikjaheiminn fer fram í Menningarhúsinu Hofi í dag.


BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Antboy 3 frítt inn opnun Barnakvikmyndahátíðar | 17:00 |
| Toni Erdmann | 18:00 |
| Gamlinginn 2 | 18:00 |
| Moonlight | 20:00 |
| The Midwife | 20:00 |
| The Other Side Of Hope | 22:30 |
| Paterson | 22:00 |
| Manchester By The Sea | 22:30 |

PATERSON
THE MIDWIFE

# Fyrirlestur með Geitamanninum

Thomas Thwaites, eða Geitamaðurinn eins og hann er oft kallaður, er á landinu og mun hann í dag flytja opinn fyrirlestur um verk sín í LHÍ. Thomas er gestakennari í hönnun við Listaháskólann og kennir um þessar mundir námskeið í skólanum.

Thomas Thwaites er hvað þekktastur fyrir verkefni sitt A holiday from being human (GoatMan) þar sem hann tók sér frí frá því að vera mennskur. Hann lifði meðal geita í Ölpunum í þrjá daga þar sem hann sprangaði um á gervilimum sem hann hannaði sjálfur og gerðu honum kleift að ganga um á fjórum fótum. Fyrir verkefnið, sem vakti mikinn áhuga, fékk hann Ig Nobel-verðlaunin sem eru veitt fyrir óvenjulegar vísindarannsóknir.

Geitaverkefnið er þó ekki það eina óvenjulega sem hann hefur tekið sér fyrir hendur en hann reyndi eitt sinn fyrir sér við að smíða brauðrist frá grunni, hélt sýningu sem snerist í kringum hjólastuld og hefur velt fyrir sér þeim óumflýjanlega raunveruleika sem fylgir því að erfðatækni er eða fer að verða aðgengileg fleirum en hæfustu vísindamönnum – í því samhengi velti hann sérstaklega fyrir sér hvernig lögregla þyrfti að rannsaka gen gróðurs í görðum fólks.

Fyrirlesturinn fer fram klukkan 12.15 í dag í Listaháskólanum Þverholti 11. – sþh



**Thomas Thwaites verður með opinn fyrirlestur í LHÍ.** MYND/TIM BOWDITCH

á dagskrá safnsins á Safnanótt, en það hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir störf í þágu íslensks máls á Degi íslenskrar tungu árið 2013. Í ár hefur slammið fengið andlitslyftingu og fer nú fram í nýjum búningi, en þetta er í fyrsta skipti sem Ljóðaslamm Borgarbókasafnsins fer fram utan menningarhúsa safnsins. Slammið sækir nú innblástur til evrópskrar slammhefðar og þátttökureglur bera þess merki.

**Hvað?** Fjármál við starfslok
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslandsbanka, Hagasmára 3
Gagnlegur fundur um það sem mikilvægast er að hafa á hreinu áður en við hættum að vinna. Rætt verður um Tryggingastofnun, lífeyrismál, úttekt séreignarsparnaðar, skatta og fleira. Frítt er á fundinn og boðið verður upp á léttar veitingar. Allir velkomnir!

**Hvað?** Siðferðilegar spurningar um dánaraðstoð
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Siðmennt – Félag siðrænna húmanista á Íslandi, Túngötu 14
Heimspekingurinn Sævar Finnbogason ræðir um siðferðilegar hliðar dánaraðstoðar. Meðal þess sem rætt verður er: Hver á að ráða hvort og hvenær manneskja má deyja? Er hægt að tala um rétt til að fá aðstoð við að deyja og er siðferðilega verjandi að fara fram á það við aðra að aðstoða mann við að deyja? Hvað er í húfi að fólk geti fengið aðstoð við að deyja á löglegan hátt? Hvað er til í fótfesturökunum gegn dánaraðstoð?

**Hvað?** Fjölorka til framtíðar
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hörpu
Málþing um fjölbreytta orkugjafa í samgöngum. Skeljungur og NýOrka taka þátt í verkefni ESB „Hydrogen Mobility Europe“ og standa fyrir spennandi og metnaðarfullu málþingi um nýjar lausnir í orkumálum, með sérstakri áherslu á hlutverk vetnis. Fjallað er um framtíðarþróun á vistvænum bílum og vistvænum orkugjöfum í samgöngum. Frítt er á málþingið en takmarkaður sætafjöldi í boði.








KVIKNAR Á PERUNNI?
*– í átt að grænni framtíð*

**Landsnet boðar til árlegs vorfundar þriðjudaginn 4. apríl á Hilton Reykjavík Nordica kl. 9.00-10.30 undir yfirskriftinni *Kviknar á perunni*.**

**DAGSKRÁ**


Sigrún Björk Jakobsdóttir, stjórnarformaður Landsnets:
***Hreint rafmagn - íslensk orkustefna.***


Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.


Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets:
***Verða orkuskiptin kastari eða kerti?***


Troels Ranis, Dansk Industri:
***Future steps in Danish Energy Policy.***


Eyþór Eðvarðsson, ráðgjafi: ***Parísarsamkomulagið; brettum upp ermar og gyrðum í brók.***


Fundarstjóri: Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.30.

Fundurinn verður sendur út í beinni útsendingu á www.landsnet.is. Þar verður hægt að senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með myllumerkinu #kviknaráperunni.

Skráning á landsnet.is

Hlökkum til að sjá ykkur!




Ladan er biluð og Árni er fastur í Árdal á meðan varahlutirnir eru á leiðinni. Sem betur fer er nóg að gera fyrir Árna á meðan og nýtir hann tímann vel til að uppskera úr garðinum, þurrka kryddjurtir og matreiða girnilega rétti eins og honum einum er lagið.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

MASTERCHEF PROFESSIONALS
AUSTRALIA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



HOMELAND

Magnaðir þættir þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson sem er aftur flutt til Bandaríkjanna eftir að hafa komið í veg fyrir hryðjuverkaárás í Berlín.



THE BLACKLIST: REDEMPTION

Hörkuspennandi hliðarsería af The Blacklist. Tom Keen gengur til liðs við fyrirtæki í eigu Susan Hargrave sem sérhæfir sig í að leysa erfiðustu og hættulegustu málin fyrir bandarísku ríkisstjórnina.




LETHAL WEAPON

Spennandi framhaldsþáttur, byggður á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um tvo lögreglumenn sem eru mjög ólíkir í leik og starfi.




AMERICAN SNIPER

Sönn saga bandaríska hermannsins Chris Kyle sem staðfest er að hafi drepið að minnsta kosti 160 óvini í Írak og þurfti hann oft að taka erfiðar ákvarðanir.




ÞÆR TVÆR

Frábærir sketsaþættir með leikkonunum Völu Kristínu og Júlíönu Söru en þær bregða sér í gervi skrautlegra og skemmtilegra persóna.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Tommi og Jenni
07.45 Kalli kanína og félagar
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Undateable
10.40 The Goldbergs
11.05 Landnemarnir
11.50 Manstu
12.35 Nágrannar
13.00 Bluebird
14.30 Song One
15.55 Mike & Molly
16.15 Friends
16.35 Friends
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 The Big Bang Theory
19.45 Masterchef Professionals – Australia
20.30 Hið blómlega bú
21.05 Homeland
22.00 The Blacklist: Redemption Hörkuspennandi hliðarsería af The Blacklist en hér segir frá njósnaranum Tom Keen sem gengur til liðs við fyrirtæki í eigu Susan Hargrave sem sérhæfir sig í að leysa erfiðustu og hættulegustu málin fyrir bandarísku ríkisstjórnina.
22.45 Lethal Weapon
23.35 Big Little Lies
00.30 Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
00.50 Taboo
01.50 Person of Interest
02.30 In Secret
04.15 Song One
05.35 Friends
05.55 Friends
06.20 The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

07.20 Domino's-deild kvk - Keflavík - Skallagrímur
09.00 Undankeppni HM - Svíþjóð - Hvíta Rússland
10.40 Undankeppni HM - Sviss - Lettland
12.20 Undankeppni HM - Portúgal - Ungverjaland
14.00 Markaþáttur Undankeppni HM 2018
14.50 Domino's-deild karla - Grindavík - Þór Þ.
16.25 Domino's-körfuboltakvöld 2016/2017
16.50 Domino's-deild kvk - Keflavík - Skallagrímur
18.30 Premier League World 2016/2017
19.00 Domino's-deild karla - KR - Keflavík
21.10 MD 2017 - Samantekt
21.45 UFC Unleashed 2017

### STÖÐ 2 SPORT 2

08.30 Undankeppni HM - Georgía - Serbía
10.10 Undankeppni HM - Króatía - Úkraína
11.50 Undankeppni HM - Norður-Írland - Noregur
13.35 Undankeppni HM - Kosovo - Ísland
15.20 Undankeppni HM - Aserbaídsjan - Þýskaland
17.00 Markaþáttur Undankeppni HM 2018
17.50 Lengjubikarinn - Valur og ÍA
20.00 Domino's-deild kvk - Snæfell - Stjarnan
21.40 West Ham - Leicester
23.35 Dominos deild karla - KR - Keflavík

### STÖÐ 3

17.30 The Big Bang Theory
17.50 The New Girl
18.15 League
18.40 Modern Family
19.05 Curb Your Enthusiasm
19.40 Bara grín
20.10 Þær tvær
20.30 Supergirl
21.15 Arrow
22.00 Klovn
22.30 The New Adventures of Old Christine
22.55 Gilmore Girls
23.40 Curb Your Enthusiasm
00.10 Bara grín
00.40 Þær tvær
01.00 Supergirl
01.40 Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 Óskastund með Skoppu og Skrítlu
07.11 Zigby
07.25 Ljóti andarunginn og ég
07.47 Stóri og Litli
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Strumparnir
10.25 Hvellur keppnisbíll
10.37 Ævintýraferðin
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Óskastund með Skoppu og Skrítlu
11.11 Zigby
11.25 Ljóti andarunginn og ég
11.47 Stóri og Litli
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Strumparnir
14.25 Hvellur keppnisbíll
14.37 Ævintýraferðin
14.49 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Óskastund með Skoppu og Skrítlu
15.11 Zigby
15.25 Ljóti andarunginn og ég
15.47 Stóri og Litli
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Strumparnir
18.25 Hvellur keppnisbíll
18.37 Ævintýraferðin
18.49 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Dino Mom



Dóra könnuður kl. 08.00, 12.00 og 16.00

### GOLFSTÖÐIN

07.45 WGC: Dell Match Play
11.50 PGA Highlights 2017
12.45 Golfing World 2017
13.35 Bank of Hope Founders Cup
15.35 Inside the PGA Tour 2017
16.00 ANA Inspiration
20.00 Shell Houston Open
23.00 ANA Inspiration

### BÍÓSTÖÐIN

10.50 Seven Years in Tibet
13.05 Brooklyn
14.55 Ingenious
16.25 Seven Years in Tibet
18.40 Brooklyn
20.30 Ingenious Gamanmynd frá 2009 sem fjallar um sanna sögu tveggja vina, uppfinningamanns og sölumanns, sem dreymdi um að slá í gegn með nýju hjálpartæki og ákváðu að leggja allt í sölurnar. Það eru þau Dallas Roberts, Jeremy Renner og Ayelet Zurer sem fara með aðalhlutverk.
22.00 American Sniper
00.15 Forget and Forgive
01.50 Frankie & Alice Dramatísk mynd frá 2010 með Halle Berry og Stellan Skarsgård og fjallar um dansara sem glímir við margþættan persónuleika og leitar sér aðstoðar hjá geðlækni. Í tímunum hjálpast þau að við takast á við drauga úr fortíð hennar sem erfitt er að kveða niður.
03.30 American Sniper

### RÚV

16.50 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
17.20 Faðir, móðir og börn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Litli prinsinn
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Framapot
20.40 Lygavefur
21.30 Hulli
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Fortitude
23.10 Glæpasveitin
00.10 Kastljós
00.35 Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.25 Dr. Phil
09.05 90210
09.50 Melrose Place
10.35 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.10 The Voice USA
13.40 American Housewife
14.05 Survivor
14.50 The Bachelorette
16.20 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
17.00 The Late Late Show with James Corden
17.40 Dr. Phil
18.20 King of Queens
18.45 Arrested Development
19.10 How I Met Your Mother
19.35 The Mick
20.00 Það er kominn matur
20.35 Speechless
21.00 The Catch
21.45 Scandal
22.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Californication
00.20 24
01.05 Law & Order: Special Victims Unit
01.50 Billions
02.35 The Catch
03.20 Scandal
04.05 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
04.45 The Late Late Show with James Corden
05.25 Síminn + Spotify

### ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin


F&F
20%
afsláttur
af öllum F&F barnafatnaði
Dagana 30. mars - 9. apríl
Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri



markhönnun ehf
nettó
Ódýrt alla daga!
KALKÚNABRINGUR
ERLENDAR
1.749 KR KG
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
-30%
FRAMPARTUR
GRILLSAGAÐUR
769 KR KG
ÁÐUR: 1.098 KR/KG
GOTT AÐ EIGA Í FRYSTIKISTUNA FYRIR GRILLTÍMANN
KENGÚRUFILLE
2.799 KR KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
-30%
KJÖTBANKINN
LAMBABÓGUR
KRYDDLEGINN Í SÍTRÓNUSMJÖRI
974 KR KG
ÁÐUR: 1.498 KR/KG
-35%
LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
1.999 KR KG
ÁÐUR: 2.298 KR/KG
KJÖTSEL
Tilboð á jarðaberjum!
NAUTALUNDIR
DANISH CROWN
3.598 KR KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
DANISH CROWN
-40%
HEITREYKTUR MAKRÍLL
MEÐ PIPAR
1.780 KR KG
ÁÐUR: 2.966 KR/KG
SIS PLASTBOX
GLÆRT 1 L - 3 STK.
1.189 KR PK
ÁÐUR: 1.698 KR/KG
-30%
sistema STORAGE
JARÐARBER 250 GR.
199 KR PK
ÁÐUR: 398 KR/PK
-50%
nettó
KJÚKLINGALEGGIR
694 KR KG
ÁÐUR: 798 KR/KG
-35%
nettó
KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR KG
ÁÐUR: 398 KR/KG
Einfalt og gott!
-30%
LAMBAKÓTILETTUR
Í RASPI - FERSKT
1.889 KR KG
ÁÐUR: 2.698 KR/KG
Tilboðin gilda 30. mars – 2. apríl 2017
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

CADBURY
DAIRY MILK BUTTONS
UNGI 142 GR.
398 KR STK
ÁÐUR: 498 KR/STK

PÁSKAKANÍNA
MALTEASTER - 28 GR.
98 KR STK
ÁÐUR: 149 KR/STK

MINI BUNNIES
MALTESERS - 58 GR.
119 KR STK
ÁÐUR: 198 KR/STK

NESTLE SMARTIES
3D ACTIVITY PACK
558 KR PK
ÁÐUR: 698 KR/PK

MILKYBAR
3D ACTIVITY PACK
558 KR PK
ÁÐUR: 698 KR/PK

MINI EGG
KINDER - 75 GR.
119 KR PK
ÁÐUR: 249 KR/PK

MACKINTOSH
DÓS - 1.315 GR.
1.598 KR STK
ÁÐUR: 1.798 KR/STK

# Landsins mesta úrval af páskaeggjum

PÁSKAEGG
CELEBRATIONS - 248 GR.
558 KR STK
ÁÐUR: 698 KR/STK

PÁSKAEGG
MARS - 141 GR.
398 KR STK
ÁÐUR: 498 KR/STK

PÁSKAEGG
FERRERO GRAND ROCHER - 100 GR.
889 KR STK
ÁÐUR: 1.098 KR/STK

-25%

PÁSKAEGG
CADBURY OREO - 278 GR.
599 KR STK
ÁÐUR: 798 KR/STK

SÚKKULAÐIKANÍNA
CADBURY MEÐ
POPPING CANDY - 50 GR.
168 KR STK
ÁÐUR: 198 KR/STK

SÚKKULAÐIKANÍNA
CADBURY - 100 GR.
299 KR STK
ÁÐUR: 398 KR/STK

PÁSKAEGG
CADBURY EGG HUNT PACK
598 KR STK
ÁÐUR: 698 KR/STK

ÓDÝRT Í nettó

OREO
EGG N SPOON
4 PK - 136 GR.
449 KR STK
ÁÐUR: 598 KR/STK

KANÍNA
CADBURY - 5 PK.
299 KR PK
ÁÐUR: 398 KR/PK

ÓDÝRT PÁSKAEGG
NR. 4 - 250 GR.
799 KR STK

SMARTIES EGG
HUNT BAG 140 GR.
489 KR STK
ÁÐUR: 689 KR/STK









Hrafnkell er fyndnasti háskólaneminn og fékk að launum 100.000 krónur og tækifæri til að stíga á svið með Mið-Íslandshópnum. MYND/RAGNHILDUR LÁRA WEISSHAPPEL

# Verðlaunaféð fer í mat, strætó og bjór

Lögfræðineminn **Hrafnkell Ásgeirsson** sigraði í uppistandskeppninni Fyndnasti háskólaneminn. Hann fékk að launum 100.000 krónur og tækifæri til að koma fram með Mið-Íslandshópnum.

Keppnin fró fram í Stúdentakjallaranum og staðurinn var troðinn. „Þetta var mjög stressandi, það var alveg fáránlega margt fólk þarna, ég hef aldrei séð Stúdentakjallarann svona pakkaðan," segir Hrafnkell Ásgeirsson sem var kosinn fyndnasti háskólaneminn á þriðjudaginn úr sex manna hóp. Í dómnefndinni voru þeir Ari Eldjárn, Björn Bragi, Jóhann Alfreð og Dóri DNA úr Mið-Íslandi.



„Ég hef verið svolítið í ræðumennsku, var í Morfísliðinu í menntó og hef haldið einhverjar ræður í veislum og svoleiðis," segir Hrafnkell spurður út í hvort hann sé vanur að koma fram á sviði. „En að vera með uppistand er allt annað því þú ert miklu berskjaldaðri. Þú færð ekki neitt ákveðið viðfangsefni, þú skapar það bara sjálfur. Það er auðvitað miklu auðveldara að tala um t.d. eitthvert afmælisbarn, þá segir þú bara sögur af því. En í uppstandi þá ert þú að stýra umfjöllunarefninu og getur ekki notað neitt blað til að styðjast við. Maður þarf bara að vera með efnið á hreinu og það eykur stressið. Ef maður hikar eða klikkar, þá er auðvelt að detta út," segir Hrafnkell sem var búinn að æfa töluvert fyrir lokakvöldið.

„Það voru auðvitað undankvöld í seinustu viku og þar æfðist maður. En ég var með eitthvað af nýju efni á lokakvöldinu þannig að ég æfði mig eiginlega allan þriðjudaginn og eitthvað á mánudaginn. Þá fór ég aftur og aftur í gegnum efnið. Af og til flutti ég efnið fyrir framan fólk en ég var mest bara einn inni í herbergi að þramma um gólf," segir hann og hlær.

Hrafnkell byggði uppistandið mestmegnis á sinni eigin reynslu. „Þemað var bara ég sjálfur. Ég talaði t.d. um námið og heimsreisuna sem ég fór í eftir menntaskóla sem er eitthvað svo týpískt. Og ég talaði um það að allir vinir mínir eru komnir með krakka, íbúð og bíl en ég á ekki einu sinni hjól."

Hrafnkell segir langauðveldast að gera grín að sjálfum sér. „Þú getur litið út fyrir að vera hálf hrokafullur og asnalegur ef þú ert að skjóta á einhverja ákveðna samfélagshópa eða einhvern í salnum. En það geta einhvern veginn allir hlegið að því þegar þú gerir grín að sjálfum þér."

> ÞÚ GETUR LITIÐ ÚT FYRIR AÐ VERA HÁLF HROKAFULLUR OG ASNALEGUR EF ÞÚ ERT AÐ SKJÓTA Á EINHVERJA ÁKVEÐNA SAMFÉLAGSHÓPA EÐA EINHVERN Í SALNUM.

### Smá stressaður fyrir föstudeginum

Hrafnkell segist alveg geta hugsað sér að halda áfram í uppistandinu og fyrsta skref er að stíga á svið með Mið-Íslandi en það var hluti af verðlaununum. „Ég er að fara að koma fram með þeim á föstudaginn," segir Hrafnkell sem kveðst finna fyrir smá stressi. „En ég gat þetta í gær og þá ætti ég alveg að geta þetta núna. Sérstaklega þar sem ég kann efnið vel núna, ég veit alveg hvað ég er að fara að segja."

Spurður út í hvort hann hafi alltaf þótt fyndinn segir Hrafnkell: „Tjah, ég hef alltaf verið að grínast eitthvað á Twitter og auðvitað líka í vinahópnum. Þetta er ekkert eitthvað sem ég byrjaði að gera í seinustu viku. Þetta var bara frekar náttúrulegt framhald af því sem ég hafði verið að gera.

Ég skráði mig upphaflega í þessa keppni vegna þess að vinur minn, hann Viktor Jónsson, hitaði upp fyrir sjónvarpsmanninn Trevor Noah á uppistandi um daginn og ég aðstoðaði hann aðeins fyrir það. Þá hvatti Viktor mig til að gera þetta sjálfur og ég ákvað bara að láta vaða."

Hrafnkell var verðlaunaður með risavaxinni ávísun upp á 100.000 krónur í boði Landsbankans þegar úrslitin voru tilkynnt. „Sko, ég er náttúrulega þessi týpíski fátæki námsmaður þessa dagana. Þannig að líklegast fer þetta bara í mat, strætó og bjór. Það er ekki einhver afborgun af íbúð sem ég þarf að borga eða álíka," segir hann spurður út í hvað hann ætli að kaupa fyrir peningana. gudnyhronn@365.is

# VORIÐ ER Á NÆSTA LEITI




# HJÓLIN ERU KOMIN

## 20% ALLAR BÍLAKERRUR Á AFSLÆTTI

TIL 6. APRÍL

Leyfileg heildarþyngd er 750kg



## 25% ALLAR KEÐJUSAGIR Á AFSLÆTTI

TIL 6. APRÍL

Bensín, rafhlöðu eða rafmagns.




## 25% ALLAR BENSÍN OG RAFMAGNS HEKKKLIPPUR Á AFSLÆTTI

TIL 6. APRÍL








**Q3200**
2 ryðfríir brennarar, samtals 6,35 kW/h. Grillflötur er 63 x 45 cm.
Glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Hitamælir í loki. Grill fast á hjólavagni, rafstýrður uppkveikjurofi, ljós í hand-fangi, grátt lok.

weber

**82.995kr.**
50650021



TRIUMPH

**TRIUMPH 495**
18,4 kW, 5 brennarar (4 aðalbrennarar), heildargrillflötur er 3202 cm², JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**119.995kr.**
506600034

NAPOLEON

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

# Drýgja tekjurnar með sölu varnings

Svo virðist sem að til að vera fullgildur meðlimur í íslenskum rappheimi þurfi að leggja nánast jafn mikla vinnu í framleiðslu á ýmiss konar varningi og lögð er í tónlistina. Ástæðan er mikill samdráttur í plötusölu m.a. vegna internetsins.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Síðan Napster var aðalmálið í kringum aldamótin hefur plötusala farið dvínandi og tónlistarmenn hafa þurft að finna sér aðrar leiðir til að afla sér tekna. Tónleikahald, tónlistarveitur og sala á hverslags varningi hefur því orðið sífellt stærri hluti af framleiðslu tónlistarmanna og halda sumir þeirra beinlínis úti fatabúðum á netinu. Hér á landi hefur þetta verið sérstaklega áberandi í rappheiminum.

**GAUTI HEFUR MEÐAL ANNARS SELT BARNAFÖT OG PÓSTKORT. HANN REYNDI EINNIG AÐ SELJA SNEKKJUFERÐ EINU SINNI.**

## Með fatnað handa allri fjölskyldunni í vefversluninni








**Emmsjé Gauti** hefur verið einna öflugastur við sölu á varningi. Hann heldur úti vefverslun þar sem er nánast hægt að sinna öllum innkaupum heimilisins. Hann hefur líka framleitt fatnað í samstarfi við 66°Norður, búið til tölvuleik til að kynna plötuútgáfu sína og selt aksjónkall með skírskotun í He-Man.

## Morgunkorn og hettupeysur





Rapparinn **GKR** vakti athygli þegar hann gaf út sína fyrstu plötu en hann seldi hana á USB-lykli pökkuðum í lítinn morgunkornskassa, en það er vísun í hans vinsælasta lag, Morgunmatur. Einnig hefur hann verið að selja ansi vinsælar hettupeysur.




**GKR ER LÍKLEGA EINI ÍSLENSKI RAPPARINN SEM HEFUR SELT PLÖTU Í VERSLUNINNI KJÖTBORG.**




## Tónlist og hönnun í sömu sæng



**Sturla Atlas og 101 boys** hópurinn hafa verið mjög frumlegir í sinni nálgun og markaðssetningu. Strákarnir hafa markaðssett mikið af fatnaði, farið í samstarf við 66°Norður og fyrst og fremst notað frumlegar leiðir í að markaðssetja sig þar sem þeir hafa meðal annars gert sérstakan ilm og hannað konsept af Sturla Aqua vatni.



## Aldamóta-goth

Stelpurnar í **Cyber** hafa líkt og kollegar þeirra í Sturlu Atlas ávallt verið með öflugt „lúkk“ í kringum sig þar sem allt sem þær senda frá sér fellur inn í fagurfræðina. Henni má kannski lýsa sem „aldamóta-gothi með dassi af normcore“ en kannski ekki. Þær hafa sent frá sér boli sem skera sig svolítið úr stílhreinni hönnun hinna rapparanna.

# Akureyri verður öfgakennd í apríl

„Hátíðin hefur stækkað svakalega síðustu ár – í raun og veru hefur hún stækkað svo mikið að hún hefur sprengt utan af sér Sjallann þannig að við ákváðum að hringja í gamlan vin okkar, Hauk á Græna hattinum. Hann var einmitt partur af hátíðinni lengi vel, þannig að við ákváðum að kveikja upp í gömlu ástarsambandi við Græna hattinn. Þannig getum við líka boðið upp á fjölbreyttari dagskrá fyrir alla,“ segir Gauti Þeyr Másson eða Emmsjé Gauti eins og hann er nú oftast kallaður, einn af aðstandendum hátíðarinnar AK Extreme.

Hátíðin verður í ár eins og fyrr pökkuð af vetraríþróttum og tónlist og aðalatriðið að sjálfsögðu á sínum stað en það er hið ótrúlega hræðandi gámastökk og herlegheitin verða sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

„„Big jumpið“ verður á sínum stað á laugardeginum en ásamt því verður „downhill race“ í Hlíðarfjalli og á föstudeginum verður svokölluð jibbkeppni. Við erum alveg með 15 artista að spila hjá okkur í ár og við búumst við sömu geðveikinni og alltaf. Þeir sem hafa komið áður vita við hverju er að búast. Sjáumst fyrir norðan,“ segir Gauti en hann ásamt Aroni Can, Úlfur Úlfur, Alexander Jarli, Hildi, Cyber og mörgum fleiri munu halda uppi fjörinu 6.-9. apríl. Miðar fást á midi.is.



**Það eru miklir ofurhugar sem þora að stökkva yfir þessa gáma þarna fyrir norðan.** MYND/EMAGNUSSON

# SKOÐAÐU VERÐIÐ




**79.995**

eða 7.290 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 87.475 kr. - ÁHK 18,6%

smeg

58 Cm | 7200W Heildarafl | SPAN

### HELLUBORÐ

- Stílhreint spanhelluborð með 4 hellum
- Hægt að tengja saman tvær og tvær hellur
- Aflaukning, tímarofar og hitagaumljós
- Slípaðir kantar, pottanemar og rennirofar

ELP6378X




**79.995**

eða 7.290 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 87.475 kr. - ÁHK 18,6%

smeg

A Orkuflokkur | 70 Lítrar | 3000W Heildarafl

### VEGGOFN

- Stílhreint veggofn með heitum blæstri
- Stafrænn með 9 kerfi og 1800W grill
- Pyrolytic sjálfhreinsikerfi og fjórfalt gler
- Barnalæsing og útdraganlegar brautir

ELP6378X

## HEILSUVÖRUR
## LINDIR OG ELKO.IS




goji

**995**

### LED ARMBAND

- Stillanlegt armband með LED ljósi
- Stöðugt eða blikkandi og 6 litatónar
- 4x CR2032 fylgja með í pakkanum

GLEDARM15



goji

**995**

### SIPPUBAND

- Sippuband er einfalt og áhrifaríkt æfingatæki
- Svart og grátt með svampklæddum handföngum
- 280 cm langt og mjög auðvelt að stytta

GJUMP16




**39.995**

MATSUI

A+ Orkuflokkur | 141 Lítra kælir | 66 Lítra frystir

### KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR

- 141 L kælir með þremum glerhillur, tvær stillanlegar
- Stór grænmetisskúffa og þrjár hillur í hurð
- 66 L frystir með þremum skúffur, 3 kg frystigeta
- 55 cm breiður og á hjólum

M152CW14E

Kolalaus mótor



**79.995**

eða 7.290 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 87.475 kr. - ÁHK 18,6%

BOSCH

A+++ Orkuflokkur | 9 Kg | 1400 Snúninga

### ÞVOTTAVÉL

- Stafræn 1400 snúninga vél sem tekur 9 kg af þvotti
- "VarioPerfect" styttir tíma eða sparar orku
- Kerfi fyrir blandaðan þvott, sportfatnað, ull, skyrtur
- Hljóðlátur kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð

WAT284E9SN



goji

**1.995**

### HANDLÓÐ 1 KG

- Handlóðapar með mjúku gripi
- Stillanlegur handstuðningur
- 2x 1kg og klædd með svampi

GDB1KG16



**79.995**

eða 7.290 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 87.475 kr. - ÁHK 18,6%

A++ Orkuflokkur | 12 Manna | 44 dB

Gaumljós í gólfi

BOSCH

### UPPÞVOTTAVÉL

- Stafræn vél fyrir innréttingu og fyrir klæðanlega hurð
- 29 mínútna hraðkerfi, AUTO kerfi og vatnsöryggi
- VarioSpeed Plus sem styttir tímann um allt að 66%
- Stillanleg innrétting og gaumljós í gólf að þvotti loknum

SMV53L70EU



goji

**2.495**

### JÓGADÝNA

- Fjólublá 0,6 mm þykk jógadýna
- Rúllast upp í geymslu, ólar fylgja
- Gerð úr PVC og er 170 x 61 cm

GYGM6LP16

ELKO
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 22.03.17 – 28.03.17




**1** Undur Mývatns
Unnur Jökulsdóttir




**2** Handan fyrirgefningar
Þórdís Elva & Tom Stranger




**3** Örvænting
B.A. Paris




**4** Konan sem hvarf
Anna Ekberg




**5** Löggan
Jo Nesbø




**6** Svefn
Erla Björnsdóttir




**7** Andartak eilífðar
Paul Kalanithi




**8** Iceland in a Bag
Ýmsir höfundar




**9** Sannfæring og rök
Ólafur Páll Jónsson




**10** Stúlkurnar á Enlandsferjunni
Lone Theils

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT





Brynja Dan Gunnarsdóttir fékk litlu systur sína frá Srí Lanka í heimsókn, en þær systur hittust fyrst í júní á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Smakkaði snjó í fyrsta skipti

**Brynja Dan Gunnarsdóttir** hafði uppi á líffræðilegri fjölskyldu sinni í þættinum Leitin að upprunanum og í kjölfarið kom Dilmi, yngri systir Brynju, í heimsókn til Íslands og naut hverrar mínútu.

Við hittumst í júní og við smullum saman, það er eitthvað sem er svo líkt með okkur að það var bara eins og við hefðum alltaf þekkst. Ætli það sé ekki sama nördagenið í okkur báðum. Ég stakk upp á því að hún kæmi til íslands, hún er að læra jarðfræði og hvergi áhugaverðara að vera en á Íslandi þegar kemur að því. Henni leist bara vel á það, þrátt fyrir að hafa aldrei stigið upp í flugvél áður,“ segir Brynja Dan Gunnarsdóttir, spurð út í það hvernig það kom til að systir hennar, Dilmi, kom í heimsókn til Íslands.

Brynja fór ásamt Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur, dagskrárgerðarkonu á Stöð 2 og umsjónarmanni þáttarins Leitin að upprunanum, til Srí Lanka í leit að fjölskyldu sinni í fyrrasumar, en Brynja var ættleitt til Íslands sem ungbarn.

„Ég setti mér það markmið daginn sem ég hitti fjölskyldu mína að halda samskiptunum og fá Dilmi hingað og helst þau öll einn daginn og það er svo gott að vera búin að fá það í gegn,“ segir Brynja og bætir við að hún láti ekki segja sér hver megi heimsækja hana og hver ekki.

Það gekk ekki þrautalaust fyrir Dilmi að komast til landsins því að þegar hún ætlaði fyrst að koma hingað í febrúar fékk hún ekki vegabréfsáritun.

„Ég tók ekki annað í mál en að hún kæmi hingað, sama hvað. Ég fékk svo mikinn stuðning frá fólkinu í kringum mig í þeirri baráttu, fyrir það er ég endalaust þakklát,“ segir hún.

Það er óhætt að segja að systurnar hafi átt góðar stundir hér á Klakanum og Dilmi fékk að upplifa allt það besta sem Ísland hefur upp á að bjóða.

„Við fórum í geggjaða vélsleðaferð með Mountaineers. Hún var að sjá og koma við og smakka snjó í fyrsta sinn og gerði það með stæl á vélsleða uppi á jökli. Svo fórum við í Bláa lónið og áttum yndislegan tíma þar. Hún hefur mikinn áhuga á jarðhita og öllu því magnaða sem landið okkar býr yfir. Síðan fórum við á Geysi og í bústað þar sem við sáum norðurljósin og borðuðum íslenskt lamb. Við kíktum í fjórhjólaferð og á hestbak, svo áttum við yndislegan systratíma, hittum flesta mína nánustu í kaffi, borðuðum súkkulaði, settum á okkur maska og hlógum, og grétum yfir bíómyndum,“ segir Brynja þakklát.



Brynja ásamt systur sinni, Dilmi, og syni sínum, Mána, í Bláa lóninu.



Brynja fór með systur sína í vélsleðaferð með Mountaineers.

Brynja er staðráðin í því að halda áfram góðum samskiptum við fjölskyldu sína á Srí Lanka og segir að Dilmi eigi eftir að koma aftur í heimsókn.

„Við reynum líklegast að skiptast á, því þetta er ekki ódýrt ferðalag en hún kemur aftur og vonandi í skóla í framtíðinni. Svo eru líklega að opnast dyr sem gera mér kleift að vera eitthvað á Srí Lanka af og til. Ég bíð bara spennt eftir frekari fregnum af því verkefni. Svo mun bróðir minn líklega gifta sig á næstu árum svo það er ýmislegt sem stendur til á næstunni,“ segir Brynja.

*Fékkstu að vita eitthvað meira um fjölskyldu þína úti?* „Já, mamma okkar er ekki alveg til í að deila með mér hvað pabbi minn heitir, hún og amma eru þær einu sem vita það. Dilmi er mjög meðvituð um að það sé ekki uppi á borðinu og reynir því að grípa allt sem þær missa út úr sér varðandi hann og sendir mér það svo. Hún sagði mér núna að mamma hefði minnst á að ég væri með sama bros og hann, sem var gaman að heyra.

Það er gaman að sjá hvað við erum líkar, vinkonur mínar tóku eftir því að við værum með alveg eins takta og hreyfingar, svo er ég nefnilega mjög lík hinni systur minni sem er líka ættleidd, svo það er alveg greinilegt að bæði gen og umhverfi hafa mikið að segja,“ segir Brynja.

**gudrunjona@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Vortiltekt
20-60% afsláttur
30. mars - 4. apríl
Við rýmum fyrir nýjum vörum
í verslunum okkar í Faxafeni og á Skipagötu Akureyri.
Enn lægra verð á útsölumörkuðum í sömu verslunum.
66°
NORÐUR
Verslun Faxafeni 12, Reykjavík
Fim.-fös. 8:00 – 21:00. Lau. 10:00 – 21:00. Sun. 12:00 – 21:00. Mán.-þri. 8:00 – 21:00.
Verslun Skipagötu 9, Akureyri
Fim.-fös. 9:00 – 18:00. Lau. 11:00 – 18:00. Sun. 12:00 – 16:00. Mán.-þri. 9:00 – 18:00.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Tómasar Þórs Þórðarsonar




## Fífill og fjall á 5.000 kall

Það eru ekki nema fimm ár síðan íslensk leikkona þóttist vera útlensk að njóta lífsins á Íslandi undir dillandi tónum Emilíu Torrini í Inspired by Iceland-myndbandinu fræga. Takmarkið var að auka ferðamannastrauminn og það tókst þó myndbandinu sé ekki einu að þakka. Það var einskonar upphaf þessarar ævintýralegu ferðamannabólu.

Framtakssemin, hugmyndaauðgin og dugnaðurinn í íslenska ferðamannabransanum hefur skilað milljónum túrista hingað til lands og hjálpað til við að rétta af efnahag þjóðarinnar. Maður gengur ekki niður Laugaveginn lengur og heyrir íslenska tungu, þar eru ekkert nema gangandi evrur, dollarar og jen klædd í ull eða flís.

En eins og alltaf í góðum hópi eru aular sem vilja allt eyðileggja. Menn og konur sem reyna eins og þau geta að skemma orðspor þjóðarinnar með græðgi. Það er nefnilega nóg af kjánum sem eru, eins og KK söng um, tilbúnir að selja fífil og fjall fyrir 5.000 kall.

Nú síðast fréttum við af okurverði á íslensku sælgæti og leigubílstjórum sem svíkja og pretta gesti sem eru nýlentir. Að rukka fólk um rúman fimm þúsund kall fyrir leigubílaferð úr Leifsstöð inn í Keflavík er millitími á heimsmælikvarða í óheiðarlegheitum.

Á meðan sumir svindla svona á gestum rukkum við svo ekki á eðlilegum og fjölförnum stöðum til að halda þeim aðlaðandi og hreinlega gangandi þótt það þekkist út um allan heim. Við virðumst ekki vilja heiðarlegar tekjur af náttúruperlum okkar en seljum svo vatnsflöskur sem eru svo dýrar að gangast þarf undir greiðslumat til að væta kverkar.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ **ORATORS**
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**

**Páskablað Blómavals**
fylgir með Fréttablaðinu í dag







*Sóma veislubakkar*

# ★FERMINGARVEISLAN★
## — VERÐUR FERSKARI —

**GAMLI GÓÐI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**
3.980 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**
3.980 kr.

24 bitar fyrir 5 manns
Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**
4.430 kr.

20 bitar fyrir 5 manns
BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**
4.430 kr.

30 bitar fyrir 5 manns
Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**ÁVAXTABAKKI**
3.050 kr.

40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns
Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**
2.450 kr.

50 bitar fyrir 10 manns
Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

**KÖKUBAKKI**
3.550 kr.

24 bitar fyrir 10 manns
Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is**

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

